


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




Snoðuð, sæl og sátt

*Harpa Einars fatahönnuður ræðir sköpunarkraftinn, fjölskylduna og ástina.*

Lífið




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
1. júní 2012
127. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




Loreen á toppnum

*Sigurlag Eurovision-keppninnar hefur náð toppsætinu í 15 löndum.*

popp 38

Íslensk erkitákn

*Berglind Tómasdóttir flytur margmiðlunarverk sitt Ég er eyja í Hörpu.*

menning 30



Sá yngsti í 35 ár

*Aron Einar Gunnarsson bar fyrirliðabandið á móti Frakklandi og Svíþjóð.*

sport 42

veðrið í dag




**SÓL OG BLÍÐA** Í dag verður hæg breytileg átt eða hafgola og yfirleitt léttskýjað. Hiti 10-20 stig, hlýjast V-til.

VEÐUR 4

# Selja „íslenskar“ lopapeysur sem eru prjónaðar í Kína

**Nær ómögulegt getur verið að vita hvar íslenskar lopapeysur eru framleiddar. Algengt að „íslenskar“ lopapeysur séu prjónaðar í Kína. Vantar upprunavottorð, segir framkvæmdastjóri Handprjónasambandsins.**

**NEYTENDAMÁL** Töluvert magn af lopapeysum sem seldar eru í verslunum er prjónað eða framleitt erlendis. Peysurnar eru oft merktar sem íslensk hönnun eða vara en ekki tilgreint hvar þær eru gerðar. Enginn greinarmunur er gerður á þessum peysum og þeim sem prjónaðar eru hérlendis.

66°N er eitt þeirra fyrirtækja sem selur slíkar peysur, en þær eru prjónaðar í Kína og seldar í Rammagerðinni. Hermann Sigursteinsson framkvæmdastjóri framleiðslusviðs hjá 66°N telur framleiðsluferlið eðlilegt.

> Ferðamenn standa í þeirri trú að þeir séu að kaupa íslenska vöru.“
>
> **BRYNDÍS EIRÍKSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI HANDPRJÓNASAMBANDS ÍSLANDS

„Þetta er það sem gerist og gengur í öllum fyrirtækjum sem eru í hönnun og framleiðslu. Það er verið að framleiða vörurnar á mörgum stöðum. Þetta er íslensk vara, gerð úr íslenskri ull og þetta er íslensk hönnun, bara unnin annars staðar.“

Bryndís Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri Handprjónasambands Íslands, segir þessar framleiðsluaðferðir langt frá því að vera eðlilegar.

„Vörurnar eru ekki upprunavottaðar, það veit í raun enginn hvaðan þær koma. Ferðamenn standa í þeirri trú að þeir séu að kaupa íslenska vöru.“

Bryndís segir það sífellt færast í vöxt að ferðamenn kalli eftir upprunavottun á vörum sem þeir kaupa, sér í lagi fólk sem kemur frá löndum þar sem slík vottun er fest í lög. „Því finnst það vera réttur sinn að vita hvaðan vörurnar koma og hvað sé í þeim. Og svo eru lopapeysur að verða einir af síðustu íslensku minjagripunum sem eru í raun framleiddir hér á landi. Ef við tökum þær líka út verður lítið eftir.“

Hermann telur merkingum á peysunum ekki ábótavant:

„Nei, þetta skaðar neytendur ekki á neinn hátt,“ segir hann og bendir á að lög og reglur um merkingar séu mismunandi eftir löndum. „Menn fara bara eftir þeim reglum sem eru í gangi.“

**- ktg**



**MUNDAR HÓLKINN** María Birta Bjarnadóttir, leikkona og búðareigandi, mundar hér byssu í tilefni þess að hún fékk skotveiðileyfið í afmælisgjöf. Þó hún ætli á skotveiðar borðar hún ekki rautt kjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikkonan María Birta fékk skotveiðileyfi á afmælisdaginn og er ekki hætt:

## Sópar að sér leyfum og prófum

**LÍFSSTÍLL** María Birta Bjarnadóttir, leikkona og verslunareigandi, ásetti sér í byrjun árs að læra nýja hluti og fá þannig meiri spennu í líf sitt. Hún hefur staðið við stóru orðin og hefur nú þegar klárað fallhlífarstökkspróf og er komin með veiðileyfi. Auk þess ætlar hún að ljúka kafaraprófi og mótorhjólaprófi í sumar, taka einkaflugmannspróf í haust og hefur einnig skráð sig á brimbrettanámskeið í júní. „Ég hef unnið í að byggja upp fyrirtækið mitt síðustu sex árin og fannst líf mitt orðið hálfeinhæft og langaði að læra eitthvað nýtt,“ segir María Birta.

**- sm /** **sjá síðu 46**

Hörður Arnarson:

## Geta tvöfaldað framleiðsluna

**ORKUMÁL** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að hægt sé að tvöfalda raforkuframleiðslu fyrirtækisins án þess að ganga gegn stefnu stjórnvalda um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Rammaáætlun og orkustefna stjórnvalda gangi ekki gegn slíkri aukningu.

„Við höfum sagt að við teljum að hægt sé að tvöfalda orkuframleiðslu á Íslandi á tækni- og umhverfislega fullnægjandi hátt,“ segir Hörður. Hann telur það innan marka Rammaáætlunar, ef horft sé til biðflokksins þar auk kosta sem ekki séu í áætluninni.

Charles Hendry, orkumálaráðherra Bretlands, lýsti yfir miklum áhuga á samvinnu við Ísland í þessum málum í gær. Hann og Oddný G. Harðardóttir iðnaðarráðherra undirrituðu yfirlýsingu um aukið samstarf ríkjanna á miðvikudag.

**- kóp /** **sjá síðu 10**









SPURNING DAGSINS



*Linda, var þetta ekki bara „jätte bra“?*

„Bra? Er það ekki brjóstahaldari? Jú, ég var í einum slíkum í þættinum.“

Dansarinn Linda Ósk Valdimarsdóttir tók þátt í sænskum hæfileikaþætti á dögunum. Hún er ekki sem sleipust í sænskunni og segist ekki hafa skilið orð af því sem dómararnir sögðu við hana.

Stöð 2 hefur verið gagnrýnd fyrir að bjóða aðeins tveimur frambjóðendum:

# Fjölmiðlanefnd aðhefst ekki

**STJÓRNSÝSLA** Fjölmiðlanefnd hefur ekki heimild til að grípa til viðurlaga vegna þeirrar ákvörðunar Stöðvar 2 að bjóða aðeins Ólafi Ragnari Grímssyni og Þóru Arnórsdóttur að taka þátt í umræðuþætti á sunnudag. Nefndin hefur ekki heldur heimild til að gefa fjölmiðlaveitum fyrirmæli um hvernig umfjöllun þeirra í aðdraganda kosninga skuli háttað. Þetta kemur fram í tilkynningu frá nefndinni.

Þingmenn Hreyfingarinnar höfðu sent fjölmiðlanefnd erindi vegna ákvörðunar Stöðvar 2. Þá höfðu frambjóðendur gert athugasemdir við fyrirkomulagið.



ELFA ÝR GYLFADÓTTIR

Vísað hefur verið í 26. grein fjölmiðlalaganna, þar sem kemur fram að fjölmiðlaveitur eigi að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þá eigi þær að gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram.

Fjölmiðlanefnd segir í tilkynningu sinni að hvað sem úrræðum nefndarinnar líði standi þessi grein eftir sem stefnuyfirlýsing sem fjölmiðlaveitum beri að hafa í heiðri. Nefndin hvetur til þess að þær hugmyndir sem búi að baki þessari grein laganna verði hafðar í huga á næstu vikum og gætt verði að því að sjónarmið allra forsetaframbjóðenda fái að koma fram. **- þeb**

Flugu til Parísar um hádegi:

# Fyrsta flug Wow Air

**SAMGÖNGUR** Fyrsta flug íslenska lággjaldaflugfélagsins Wow Air fór í loftið rétt fyrir hádegi í gær. Fluginu seinkaði um 45 mínútur.

Fyrsta flugið var til Parísar og að sögn Skúla Mogensen stjórnarformanns var vélin nánast full.

Fyrir rúmri viku hafði félagið sem á að þjónusta flugfélagið í Leifsstöð ekki uppfyllt tilskilin leyfi fyrir innritun farþega. Málið leystist þó og að sögn Skúla hélt botnlaus vinna síðustu mánaða áfram fram á síðustu stundu. **- þeb**

Flutningar á föngum:

# CIA þarf leyfi frá Dönum

**DANMÖRK Ef bandaríska leyniþjónustan, CIA, vill láta fljúga með fanga í danskri eða grænlenskri lofthelgi þarf hún að biðja um leyfi áður. Utanríkisráðherra Danmerkur, Villy Søvndal, sagði í gær að loknum fundi með Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að hún hefði fullvissað hann um að CIA myndi framvegis spyrja um leyfi vegna fangaflutninga.**

**Samkvæmt frétt Jyllands-Posten lýsti formaður grænlensku landsstjórnarinnar, Kuupik Kleist, yfir ánægju sinni með að Bandaríkjamenn hygðust standa við fyrirheit sín frá 2008. - ibs**




**FAMBOÐIÐ KYNNT** Húmanistar kynntu framboð sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Húmanistaflokkurinn:

# Vilja gjörbreyta samfélaginu

**STJÓRNMÁL Húmanistaflokkurinn kynnti stefnumál sín á blaðamannafundi í gær, en flokkurinn hyggst bjóða fram í öllum kjördæmum landsins til næstu Alþingiskosninga. Eitt helsta stefnumál flokksins eru lýðræðisumbætur. Þá vilja Húmanistar að fjármálakerfið verði undir stjórn ríkisins ásamt því að ríkið ákvarði magn peninga í umferð.**

**„Ég held að hrunið og sú stefna sem hefur verið hér í gangi undanfarin ár hafi ekki staðið undir væntingum. Það hefur orsakað að fólk er orðið mjög opið fyrir öðru,“ sagði Júlíus Valdimarsson, einn forsvarsmanna flokksins. - ktg**

# Búið að borga um helming af Icesave

**Þrotabú Landsbankans á 122 milljarða króna umfram forgangskröfur. Búið greiddi út aðra hlutagreiðslu til kröfuhafa í þessari viku. Þeir hafa nú fengið til baka 43 prósent af kröfum sínum. Forgangskröfur eru nánast allar vegna Icesave.**

**EFNAHAGSMÁL** Þrotabú Landsbankans á 122 milljarða króna umfram forgangskröfur, sem nema 1.323 milljörðum króna. Þetta kom fram á kröfuhafafundi sem haldinn var í gærmorgun. Þar kynnti slitastjórn bankans kröfuhöfum stöðu eignasafns hans í lok fyrsta ársfjórðungs 2012. Matið miðast við gengi íslensku krónunnar 22. apríl 2009. Í kynningunni kom einnig fram að raunaukning á virði eigna búsins hafi verið tæpir 77 milljarðar króna frá lokum árs 2011. Sé veiking krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum heims tekin með í reikninginn nemur aukningin á þessu þriggja mánaða tímabili 117 milljörðum króna.

Virðisaukning eigna þrotabús Landsbankans er að langmestu leyti tilkomin vegna sölunnar á Iceland Foods sem fór fram í febrúar síðastliðnum. Þá seldi Landsbankinn 67,5 prósenta hlut sinn til Malcolms Walker og hóps meðfjárfesta á um 1.050 milljónir punda, um 212 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Landsbankinn lánaði kaupendunum um 50 milljarða króna af kaupverðinu. Fram að sölunni hafði Landsbankinn bókfært hlutinn um 33 prósent undir því verði sem fékkst á endanum fyrir hann. Eftir söluna jukust endurheimtur bankans því um 70 milljarða króna.

Auk þess var tilkynnt að slitastjórn hefði í lok maí greitt út hlutagreiðslu til forgangskröfuhafa í annað sinn. Í þetta sinnið voru um 162 milljarðar króna greiddir út. Áður hafði þrotabúið greitt út 432 milljarða króna í byrjun desember síðastliðins og því hefur slitastjórnin samtals greitt út jafnvirði rúmlega 594 milljarða króna. Það eru um 43 prósent af öllum forgangskröfum í búið. Langstærstur hluti greiðslnanna rennur til tryggingasjóða innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi vegna Icesave-málsins.

Samþykktar forgangskröfur í bú bankans nema 1.323 milljörðum króna. Kröfur tryggingasjóða innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi nema um 86 prósentum af öllum forgangskröfum. Af þeirri upphæð er Tryggingasjóður innstæðueigenda á Íslandi í ábyrgð fyrir 674 milljörðum, eða um helmingi allra samþykktra forgangskrafna vegna tryggingar á lágmarksinnstæðum upp að 20.887 evrum. **thordur@frettabladid.is**



**SLITASTJÓRN** Eignir þrotabús Landsbankans jukust um 77 milljarða króna að raunvirði á fyrstu þremur mánuðum ársins. Helsta ástæða þess var salan á Iceland Foods. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Höfða nokkra tugi riftunarmála

Á fundinum kom fram að þrotabú Landsbankans hefði höfðað nokkra tugi riftunarmála fyrir íslenskum dómstólum. Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir flest þeirra vera vegna skuldabréfa. Hann vildi ekki segja hversu háar upphæðir væru undir í málunum sem hafa verið höfðuð. Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að slitastjórn Glitnis hafi höfðað tæplega 20 riftunarmál, sem snúast um 20 milljarða, vegna gerninga sem áttu sér stað síðustu sex mánuðina áður en bankinn féll.

Stjórnsýsluúttekt gerð:

# Skoða stöðu fornleifa hér

**MENNING Mennta- og menningarmálaráðuneytið ætlar að láta gera stjórnsýsluúttekt á stöðu og þróun fornleifarannsókna á Íslandi á árunum 1990 til 2010.**

**Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að það telji ástæðu til að líta yfir farinn veg og kortleggja stöðu fornleifarannsókna á Íslandi. Þetta er gert í tilefni af frumvarpi til laga um menningarminjar, og þeim breytingum sem vænta má í kjölfarið á setningu nýrra laga.**

**Brynja Björk Birgisdóttir fornleifafræðingur mun gera úttektina. - þeb**

Krydd innkallað:

# Salmonella í túrmerikkryddi

**NEYTENDUR** Salmonella hefur greinst í túrmerikkryddi (Turmerick Powder) með vörumerkinu TRS, að því er kemur fram á vef Matvælastofnunar.

Dreifingaraðili á Íslandi, Vietnam Market á Suðurlandsbraut 6, hefur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ákveðið að innkalla vöruna, sem er í plastpokum, af markaði.

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna eru beðnir um að farga henni eða hafa samband við Vietnam Market.

Matvælastofnun barst tilkynning um örverumengunina í gegnum hraðviðvörunarkerfi Evrópu. **- ibs**

HEILBRIGÐISMÁL

## Tóbak drepur milljarð

Ban Ki-moon framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna sagði í gær, á reyklausa deginum, að tóbak geti valdið dauða eins milljarðs manna fyrir lok þessarar aldar. Hann sakaði tóbaksiðnaðinn um herskáa andstöðu við aðgerðir gegn tóbaksneyslu.




Niðurfærsla allra húsnæðislána kæmi að stærstum hluta niður á ríkinu:

# Myndi kosta hundruð milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Tíu prósenta niðurfærsla allra húsnæðislána myndi kosta 124 milljarða króna og 25 prósenta niðurfærsla kostaði 310 milljarða. Stærstur hluti kostnaðarins myndi falla á Íbúðalánasjóð, eða 67 til 167 milljarðar eftir atvikum. Þá myndu innlánsstofnanir bera 40 til 99 milljarða kostnað og lífeyrissjóðirnir 18 til 44 milljarða.

Þetta kemur fram í skýrslu um áhrif lækkunar höfuðstóls húsnæðislána, sem fjármálaráðuneytið lét vinna eftir að Guðlaugur Þór Þórðarson og fleiri Alþingismenn óskuðu eftir skýrslu frá fjármálaráðherra um málið. Sveinn Agnarsson og Sigurður Jóhannesson hjá Hagfræðistofnun HÍ og Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur unnu skýrsluna.

Lækkun höfuðstóls húsnæðislána um tíu til 25 prósent hefði veruleg áhrif á hagkerfið í heild. Umtalsverðum hluta af húsnæðisskuldum landsmanna yrði létt af húseigendum á kostnað eigenda fjármálastofnana, sem eru fyrst og fremst hið opinbera, eigendur lífeyrisréttinda og eigendur bankanna. Ríki og sveitarfélög myndu bera að minnsta kosti 70 prósent af kostnaðinum og einungis yrði því um tilfærslu á verðmætum að ræða.

Kostnaður hins opinbera af lækkun höfuðstóls húsnæðislána yrði á bilinu ellefu til 41 prósent af útgjöldum ársins 2011. **- þeb**




**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Samkvæmt skýrslunni myndi stærstur hluti kostnaðar falla á Íbúðalánasjóð, eða 67 til 167 milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**MONTECELIO BORÐ OG 4 GENOVA STÓLAR**
Vandað borð með borðplötu úr gegnheilum harðviði. Fætur úr áli klæddir með sterku polyrattan efni. Stólar í stíl með örmum og sterku polyrattan efni. Stærð á borði: B88 x L150 sm.
Borð **39.990** Stóll **12.990**

# FRÁBÆRT VERÐ!

**Gildir til 03.06.12**

GEITUNGAGILDRA
499

**GEITUNGAGILDRA**
Fæst í fjórum flottum litum.

35%
FULLT VERÐ: 1.995
1.295

**GARÐSLANGA**
Góð 15 metra garðslanga með stút og kúplingu.

VERÐ AÐEINS:
499

**LYON GARÐÁHALDASETT**
3 stk. saman á frábæru verði!

VERÐ AÐEINS:
299

**HNÉHLÍF**
Mjúk og góð hnéhlíf. Nauðsynleg í garðverkin.

VERÐ FRÁ:
2.995
SPARIÐ 1.000

**NOPOLO BLÓMAPOTTAR**
Flottir blómapottar úr áli og plasti.
Stærð: B28 x L28 x H40 sm.
Fullt verð: **3.995** nú **2.995**
Stærð: B33 x L33 x H53 sm.
Fullt verð: **4.995** nú **3.995**

41%

**ZENIA BLÓMAPOTTUR**
Stærð: B21 x L35 x H27 sm.
FULLT VERÐ: 1.695
995

SPARIÐ 4.000
FULLT VERÐ: 16.990
12.990

**ORLANDO GARÐBEKKUR**
Góður harðviðarbekkur á frábæru verði! Stærð: 158 x 46 sm.

**NARCISO BLÓMAPOTTUR**
Stærð: B41 x L41 x H39 sm.
FULLT VERÐ: 5.995
4.995
SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 12.990
9.990
SPARIÐ 3.000
JARDIN

**ANTIA SÓLBEKKUR**
Góður sólbekkur úr sterku og góðu plasti. Bekkurinn er með stórum dekkjum sem gerir hann meðfærilegri. Litur: Dökkgrár. Stærð: 73 x 190 sm.

**GENGIÐ 31.05.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,44 | 131,06 |
| Sterlingspund | 202,17 | 203,15 |
| Evra | 161,70 | 162,60 |
| Dönsk króna | 21,754 | 21,882 |
| Norsk króna | 21,496 | 21,622 |
| Sænsk króna | 18,000 | 18,106 |
| Japanskt jen | 1,6543 | 1,6639 |
| SDR | 196,86 | 198,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

224,7874

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hópur hluthafa greiddi ekki atkvæði með kaupum Bakkavararbræðra:

# Landsbankinn var á móti kaupum bræðranna

**VIÐSKIPTI** Hópur hluthafa Í Bakkavör Group var á móti því að bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir myndu fá að kaupa allt að 25 prósenta hlut í félaginu í gegnum hlutafjáraukningu fyrir um fjóra milljarða króna.

Kaupverðið er töluvert undir matsvirði Bakkavarar Group, en hlutafé félagsins er talið 20-40 milljarða króna virði. Á móti myndi hlutur annarra hluthafa þynnast út.

Einn af þeim aðilum sem var mótfallinn samkomulaginu var Landsbankinn. Þetta staðfestir Kristján Kristjánsson, upplýsingarfulltrúi bankans, í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir bankann hafa setið hjá í atkvæðagreiðslu um málið.

Í samkomulaginu fólst að íslenskir kröfuhafar Bakkavarar Group myndu eignast félagið að mestu. Á sama tíma myndi falla úr gildi hluthafasamkomulag sem tryggði bræðrunum meirihluta í stjórn Bakkavarar Group. Á móti var samþykkt að þeir gætu keypt ofangreindan hlut.

Hópur minni hluthafa var þó á móti þeim hluta samkomulagsins sem tryggði bræðrunum hlut í félaginu að nýju.

Að sögn Kristjáns var Landsbankinn mjög óánægður með það verð sem bræðrunum bauðst í hlutafjáraukningunni og marglýsti hann andstöðu sinni við þann hluta samkomulagsins.

Hlutur bankans hafi þó einungis verið tvö prósent og því hafi hann ekki verið afgerandi við afgreiðslu málsins.

Ferlið hefur verið leitt af Arion banka, sem var stærsti einstaki kröfuhafi Bakkavarar Group. **- þsj**



**BAKKAVARARBRÆÐUR** Munu eignast 25 prósenta hlut í Bakkavör Group fyrir verð sem er lægra en matsvirði félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÍK ÁRÁSARMANNA KOMIN HEIM** Allir mennirnir létu lífið í árásum sem þeir gerðu á Ísraela. NORDICPHOTOS/AFP

Ísraelar tóku af skarið:

## Líkamsleifar látnar af hendi

**ÍSRAEL, AP** Ísraelar afhentu í gær Palestínustjórn líkamsleifar 91 manns sem gert höfðu sjálfsvígsárásir eða annars konar árásir í Ísrael. Líkamsleifarnar höfðu verið grafnar í líkkistum í Ísrael en voru grafnar upp til þess að afhenda þær Palestínumönnum.

Ísraelsmenn sögðust vonast til þess að afhendingin yrði til þess að Palestínumenn gætu frekar hugsað sér að hefja friðarviðræður á ný. **- gb**

**LEIÐRÉTT**

Ranglega var sagt í inngangi fréttar um skoðanakönnun á fylgi flokkanna í gær að Dögun fengi þrjá þingmenn samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Rétt er, eins og fram kemur neðar í fréttinni, að Dögun næði ekki manni á þing en Samstaða fengi þrjá þingmenn.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær, Nýr Landspítali - Hneyksli aldarinnar, á að standa: „Ég tel mig ekki vita hvar best sé að staðsetja nýjan Landspítala …“ Orðið „ekki“ vantaði í setninguna.

# Slagurinn um stjórn fiskveiða enn eftir

**Eftir langa rimmu um veiðigjaldafrumvarpið hefur almenn umræða um frumvarp til heildarlaga um stjórn fiskveiða ekki enn hafist. Fulltrúi minnihluta segir ekkert tillit tekið til athugasemda. Meirihlutinn segir málið enn geta breyst.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Frumvarp til heildarlaga um stjórn fiskveiða verður tekið fyrir í atvinnuveganefnd Alþingis í dag. Það hefur fallið nokkuð í skuggann af umræðunni um veiðigjaldafrumvarpið, en útlit er fyrir að engu minni ágreiningur verði að þessu sinni.

„Ef ósætti er um veiðigjaldafrumvarpið, þá er enn meira ósætti um þetta stóra frumvarp,“ segir Einar K,. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fulltrúi í atvinnuveganefnd.

„Það er, að mínu mati, stórhættulegt fyrir íslenskan sjávarútveg og þjóðarbúið í heild sinni. Það mun stuðla að minni arðsemi og minni möguleikum á því að þjóðin njóti arðs af nýtingu auðlindarinnar. Það mun valda óhagræði í greininni og stuðla að verri nýtingu á miðunum, sóun og ofveiði.“

Einar gagnrýnir einnig framgang meirihluta nefndarinnar, sem hafi nú lagt fram breytingarhugmyndir, en þær taki ekkert tillit til tuga umsagna um frumvarpið sem bárust nefndinni.

„Meirihlutinn tekur ekkert mark á því sem þessir aðilar hafa lagt fram. Það er verið að hafa fólk að fíflum og ég hef aldrei fyrr kynnst svona vinnubrögðum á Alþingi.“

Björn Valur Gíslason, framsögumaður nefndarinnar í málinu, segir aðspurður í samtali við Fréttablaðið að viðbúið sé að mikill ágreiningur muni verða um frumvarpið.

„Þessi slagur er að stórum hluta eftir, en nefndin er ekki búin að afgreiða það. Ýmislegt getur því enn breyst.“

Umræður á þingi hafa einkennst af mikilli hörku undanfarið og Björn Valur segist aðspurður sjá fyrir sér lífleg skoðanaskipti um fiskveiðistjórnunarfrumvarpið.

„Þetta er risamál sem hefur klofið þjóðina árum og áratugum saman. Sjávarútvegur stendur samfélaginu nær en aðrar atvinnugreinar, þannig að eðlilegt er að deilur standi um kerfisbreytingar. Við verðum að þola að rætt sé um málið, en við verðum að komast að niðurstöðu því að allt er betra en að halda kerfinu óbreyttu.“

Björn Valur segist allt eins eiga von á að ræðutími verði tvöfaldaður fyrir umræðu á þingi. Það muni því taka langan tíma þó áætluð þinglok nálgist óðum.

„Við erum undir það búin að sitja hér kvöld, nætur og helgar ef út í það fer. Það er mikið líf framundan.“

**thorgils@frettabladid.is**



**FISKVEIÐAR** Mikið hefur verið deilt um veiðigjaldafrumvarpið en útlit er fyrir enn harðari deilur um frumvarp um stjórn fiskveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

**Umdeild ákvæði í frumvarpi:**

Meðal þess sem helst er umdeilt í frumvarpinu til laga um stjórn fiskveiða er:

- Að 3% framseldrar aflahlutdeildar renni í pott ráðherra.
- Að framsal verði með öllu bannað frá árinu 2032.
- Að of hátt hlutfall aflaheimilda verði á höndum ráðherra
- Að eins árs leiga á aflamarki sé of skammur tími. Það valdi óvissu sem hamli fjárfestingum í sjávarútvegi.

Lítil hvíld á vöktunum:

## Þreyttir starfsmenn dotta í sjúkrabílunum

**SVÍÞJÓÐ Sjúkraflutningamenn í Svíþjóð eru stundum svo þreyttir að þeir dotta í sjúkrabílunum við hlið sjúklinganna sem þeir eru að flytja, að því er greint er frá í sænskum fjölmiðlum.**

**Sjúkraflutningamenn eru á sólarhringsvöktum en þar sem fjöldi útkalla eykst, einkum í stórum borgum, fækkar möguleikunum á hvíld meðan á vaktinni stendur.**

**Svefnleysið hefur í för með sér hættu, að því er kemur fram í meistararitgerð Beatrice Zsoka, hjúkrunarfræðings sem starfar við sjúkraflutninga. Hún segir marga eiga í vanda með einbeitinguna. - ibs**

Íslandsmótið í skák:

## Þröstur vann eftir bráðabana

**SKÁK** Þröstur Þórhallsson tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í skák á miðvikudaginn þegar hann sigraði Braga Þorfinnsson. Þröstur og Bragi voru með jafnmarga vinninga á Íslandsmótinu og þurftu því að heyja fjögurra skáka einvígi um titilinn. Einvígið endaði með jafntefli og úrslitin því ekki ljós fyrr en eftir bráðabanaskák þar sem Þröstur bar sigur úr býtum.



**ÞRÖSTUR ÞÓRHALLSSON**

Titillinn tryggir Þresti keppnisrétt í landsliðinu í ólympíuskákmótinu sem fram fer í Istanbúl í haust og keppnisrétt fyrir Íslands hönd á EM einstaklinga sem haldið verður í Póllandi á næsta ári. **- ktg**



**LÓÐIR Í GRÍMSNESI**

**60 km frá Reykjavík • Hitaveita komin á svæðið**

**Frábær greiðslukjör • Öryggishlið**

**Verð aðeins kr. 375,- pr. m²**

Fasteignalán frá Lansbankanum 60% af kaupverði

**Allar upplýsingar gefur sölumaður í síma: 896 0587**

**leigulidinn@internet.is • www.kerhraun.is**

**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARSÓL** Kortin eru ansi sólrík þessa dagana og hitinn víðast með ágætum. Þá má búast við að hitinn fari yfir 20°C í innsveitum sunnan- og vestanlands næstu daga. Eftir helgi snýr hann sér í norðaustanátt og kólnar þá aðeins.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 23° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 12° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

ÍSLENSKA
# HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

## GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG

*„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara - hráefnið fæst í Hagkaup"*





### MORTHENS
*„Það er gott að elska"*
Bubbi Morthens

### STÓRI BÓ
*„Það er ekki gó fyrr en Bó segir gó"*
Björgvin Halldórsson




*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar.*

995 kr/pk



ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
4% fita
TILBOÐ 1.678 kr/kg. Verð áður 2.098.-
**Ungnautahakk**
aðeins 4% fita

ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ 1.959 kr/kg. Verð áður 2.798.-
**Ungnautasnitsel**

ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ 2.999 kr/kg. Verð áður 3.998.-
**Ungnauta mínútusteik**

SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ 2.099 kr/kg. Verð áður 2.798.-
**Lambahelgarsteik**
Grand Orange



## TILBÚIÐ Á GRILLIÐ

- Sætar kartöflur
- Kryddaðir kartöflustafir
- Belgísk vaffla
- Maísstönglar
- Buffaló kjúklingavængir
- Bakaðar kartöflur
- Marinerað grænmeti



NÝTT
GOTT SÚKKULAÐI
ÍS FRÁ RIKKU

TILBOÐ
CHICAGO TOWN PIZZUR
459 kr/pk.
Verð áður 579.-

SPELT FITNESS
229 kr/stk.

TILBOÐ
KORNBRAUÐ
299 kr/stk.
Verð áður 409.-



TILBOÐ
PÅGEN KANILSNÚÐAR
299 kr/pk.
Verð áður 359.-

LÍFRÆNN ENGIFERDRYKKUR
269 kr/stk.

COKE 4PK
MEÐ HVERJUM 4PK AF 2L COKE FYLGJA 2 COKE GLÖS

COKE 2 LÍTRA 4 Í PAKKA
998 kr/pk.

ATTITUDE
UMHVERFISVÆN HREINSIEFNI SEM VIRKA

TILBOÐ
ATTITUDE
20% afsláttur v/kassa


24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 3. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú sótt tónlistarviðburð í Hörpu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 34,8% |
| NEI | 65,2% |

**SPURNING DAGINS Í DAG:**

*Munt þú fylgjast með Evrópumótinu í knattspyrnu í sumar?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Hæstiréttur hafnaði í gær kröfum Samherja og tengdra félaga:

# Húsleit Seðlabanka ekki ólögmæt

**EFNAHAGSMÁL** Hæstiréttur hafnaði í gær kröfu Samherja og tengdra félaga um að húsleit og haldlagning Seðlabankans á gögnum á tveimur starfsstöðvum samstæðunnar yrðu dæmdar ólögmætar og að Seðlabankanum yrði gert að skila öllum haldlögðum og afrituðum gögnum.

Seðlabankinn framkvæmdi húsleit á skrifstofum Samherja á Akureyri og í Reykjavík þann 27. mars síðastliðinn. Tilefni leitarinnar var grunur um brot á lögum um gjaldeyrisviðskipti, einkum þegar kom að verðlagningu á karfa sem seldur var til dótturfélags Samherja í Þýskalandi. Seðlabankinn telur að ósamræmi hafi verið í skilum Samherja á erlendum gjaldeyri.

Þá vísaði Hæstiréttur frá kröfu samstæðunnar sem laut að lögmæti og framkvæmd rannsóknaraðgerðanna þar sem þær væru afstaðnar. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að „vegna mikils umfangs hinna haldlögðu gagna yrði að játa SÍ [Seðlabankanum] nokkru svigrúmi við rannsókn þeirra“. Þar segir jafnframt að Samherja hafi ekki tekist að sýna fram á að einstök skjöl eða önnur gögn hafi verið þýðingarlaus fyrir rannsóknina. **- þsj**



**SAMHERJI** Seðlabankinn framkvæmdi húsleit hjá Samherja í lok mars. Þorsteinn Már Baldvinsson er forstjóri og einn aðaleigenda Samherja.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðgeir um hnífstunguárás:

# Játaði árásina á Skúla Sigurz

**DÓMSMÁL** „Ég er ekki viss hvort ég ætlaði að drepa neinn,“ sagði Guðgeir Guðmundsson fyrir dómara í gærmorgun. „En ég er skaðvaldurinn í þessu máli.“

Guðgeir er ákærður fyrir að hafa veitt Skúla Sigurz, framkvæmdastjóra Lagastoða, lífshættulega áverka með hnífi í mars síðastliðnum. Þegar dómari spurði hann hvort hann játaði að hafa stungið Guðna Bergsson lögfræðing í sama máli, svaraði Guðgeir: „Ég bara man ekkert eftir því, en mjög líklega já.“ **- sv**

Nóg að gera á Skjálfandaflóa:

# Björgunarsveit endurnýjar bát

**ÖRYGGISMÁL** Fjöldi útkalla á sjó á Skjálfandaflóa hefur farið vaxandi á síðustu árum. Af þessum sökum hyggst Björgunarsveitin Garðar á Húsavík endurnýja björgunarbát félagsins. Þegar hefur verið samið við breskt sjóbjörgunarfélag um kaup á opnum harðbotna slöngubát.

„Þetta er sérhannaður björgunarbátur þar sem áreiðanleiki, sjóhæfni og öryggi áhafnarmeðlima er haft að leiðarljósi og eru kostir hans umfram núverandi bát umtalsverðir,“ segir í fundargerð bæjarstjórnar Norðurþings sem kveður verkefnið stórt fyrir björgunarsveit af stærðargráðu Garðars og hyggst styrkja sveitina til kaupanna með átta hundruð þúsunda króna framlagi. Þá hefur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi boðið aðstoð sína í málinu. **- gar**

Borgarstjóri New York:

# Bann við sölu á gosi í stórum umbúðum

**BANDARÍKIN Gosdrykkjamál í lítrastærð heyra mögulega brátt sögunni til í New York í Bandaríkjunum.**

**Borgarstjórinn, Michael Bloomberg, vill banna sölu á sykruðum drykkjum í umbúðum sem eru stærri en tæpur hálfur lítri. Bannið, sem er liður í baráttunni gegn offitu, á að ná til skyndibitastaða, kaffihúsa, götusala, kvikmyndahúsa og íþróttaleikvanga, samkvæmt frétt í New York Times.**

**Drykkjarvöruframleiðendur gagnrýna tillöguna og segja það óréttlátt að borgarstjórinn bendi á gosdrykki sem sökudólg. Yfir helmingur íbúa New York er feitur eða of þungur.** **- ibs**



**ANNÞÓR KARLSSON** Ákæran snýr að þremur árásum og er Annþór lykilmaðurinn í þeim öllum. Börkur í tveimur.

# Tíu manns fyrir dóm í dag vegna ofbeldis

**Ákæra á hendur tíu mönnum, með Annþór Kristján Karlsson og Börk Birgisson í broddi fylkingar, verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í dag. Taldir hafa staðið fyrir þremur grófum líkamsárásum. Í varðhaldi grunaðir um manndráp.**

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur Annþóri Kristjáni Karlssyni, Berki Birgissyni og átta öðrum mönnum fyrir þrjár hrottafengnar líkamsárásir verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í dag. Ákæran er afrakstur lögreglurannsóknar sem komst í fréttir þegar ráðist var í viðamikla rassíu víða á höfuðborgarsvæðinu um miðjan mars.

Árásirnar þrjár voru mjög alvarlegar, eins og lesa má um hér fyrir neðan. Annþór er ákærður fyrir að standa að þremur þeirra og Börkur að tveimur.



**BÖRKUR BIRGISSON**

Annþór og Börkur sitja sem kunnugt er í gæsluvarðhaldi, grunaðir um að hafa valdið samfanga sínum á Litla-Hrauni áverkum sem drógu hann til dauða fyrir tveimur vikum. Þeir neita því alfarið.

Búast má við að þeir verði leiddir fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjaness í dag ásamt öðrum ákærðum í líkamsárásarmálinu.

Í dag er svo önnur ákæra þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á hendur fimm mönnum, sem gefið er að sök að hafa ráðist á mann á dekkjaverkstæði í Hafnarfirði í september 2010, slegið hann með kylfu í höfuðið og hrint honum á glervasa sem brotnaði. Tveir þeirra eru einnig ákærðir með Annþóri og Berki.

stigur@frettabladid.is

## Þrjár hrottafengnar líkamsárásir

**Ákæran snýr að þremur árásum. Annþór var lykilmaður í þeim öllum og Börkur í tveimur þeirra. Samkvæmt ákærunni eru árásirnar þessar:**

**12. október 2011**

– Tveir hinna ákærðu í málinu fóru með tvo menn um tvítugt sem þeir töldu sig eiga eitthvað sökótt við á sólbaðsstofu í Hafnarfirði og leiddu þá þar fyrir Annþór.

Annþór tók annan kverkataki, hélt honum upp við vegg, sleppti ekki fyrr en hann missti meðvitund og sló hann þá ítrekað í andlitið þar sem hann lá á gólfinu. Annþór sló hinn manninn í höfuð og líkama, skipaði honum að leggjast á gólfið, sparkaði og sló í hann og stóð síðan á höfði hans. Þá krafði hann báða mennina um hálfa milljón með hótunum og hótaði því enn fremur að þeir „færu í áskrift“ hjá honum ef þeir segðu frá brotunum, sem mundi þýða ævilanga skuld við hann.

**15. desember 2011**

– Annþór og Börkur ruddust vopnaðir inn á heimili í Grafarvogi ásamt tveimur meðákærðu og öðrum óþekktum mönnum. Innandyra voru þrír menn um og undir tvítugu. Börkur sló einn þeirra með trébarefli í höfuðið, þeir neyddu annan til að leggjast á gólfið, stóðu á höndum hans og neyddu þriðja manninn á staðnum til að kasta af sér vatni yfir þann sem lá á meðan Börkur barði hann í hnakkann með barefli.

Þá kröfðust þeir þess að einn mannanna greiddi þeim hálfa milljón og að annar greiddi þeim 200 þúsund krónur á mánuði um ótiltekinn tíma. Þeir fóru ekki fyrr en mennirnir höfðu gengist við kröfunum.

**4. janúar 2012**

– Annþór og Börkur fóru í félagi við sjö meðákærðu að heimili í Mosfellsbæ þar sem voru fjórir menn innandyra. Annþór og Börkur fóru inn og hleyptu í kjölfarið hinum sjö inn í húsið. Þar réðust níumenningarnir á fjórmenningana með hættulegum vopnum og bareflum, þar á meðal golfkylfum, sleggju, handlóðum og trépríkum. Allir mennirnir slösuðust, tveir sýnu verst. Einn þeirra sköflungsbrotnaði meðal annars og krefst tveggja og hálfrar milljónar króna í miskabætur frá fjórum ákærðu. Hann er eini maðurinn í öllu málinu sem gerir bótakröfu.


FISKBÚÐIN HÖFÐABAKKA
HÖFÐABAKKA 1 SÍMI 587 5070

FLOTTUR STÓR HUMAR
5.500 kr.kg ( 1 kg. í öskju )

Rækjur • Hörpuskel • Túnfiskur
Laxaflök • Marineraður fiskur •
Ferskar fisksteikur • Kúlaður steinbítur
• Ekta hjallaþurrkaður harðfiskur
• Siginn fiskur frá Drangsnesi
• Íslenskar gullauga kartöflur

Heitur matur í hádeginu
frá 11.30 - 13.30

Sælkerar • Grillmeistarar
Í fyrsta sinn í Reykjavík sérvalið
austfirskt gæðakjöt

Grillsagað lambakjöt
1.100 kr.kg ( 6-8 kg. í poka )
Örugglega bestu kaupin

Íslensk hreindýra- og nautasteik
120 gr lamba-, nauta-, og
hreindýraborgarar • Gott verð!
• Sérvalið úrvals lambakjöt
• Einstakt og austfirskt!

Snæfell Sérvalið Gæðakjöt 100% AUSTFIRSKT!




Við erum með **réttu GSM leiðina** fyrir þig

Vertu viss um að vera á stærsta 3G neti landsins svo að þú getir notið alls þess sem snjallsíminn þinn hefur upp á að bjóða. Á siminn.is finnur þú bæði snjallsímann og áskriftarleiðina sem hentar þér.



**Nokia Lumia 710**
Flottur og góður Windows sími

4.990 kr. á mánuði í 12 mánuði*

Netið í símanum í 6 mán. Allt að 1 GB.
Staðgreitt: 54.900 kr.



**Nokia Lumia 800**
Windows sími sem fer sigurför um heiminn

4.990 kr. á mánuði í 18 mánuði*

Netið í símanum í 6 mán. Allt að 1 GB.
Staðgreitt: 84.900 kr.

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald.

siminn.is I @siminn á Twitter

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM51624

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvar vill listamaðurinn Santiago Sierra að listaverk sitt um borgaralega óhlýðni verði staðsett?*

**2.** *Hvað hannaði Kristján Eyjólfsson handa Englandsdrottningu?*

**3.** *Hvað heitir nýjasta plata Sigur Rósar?*

**SVÖR**

**1.** *Á Austurvelli* **2.** *Barmnælu* **3.** *Valtari*

Innanríkisráðuneytið staðfestir úrskurð um bann við söludreifingu á sígarettum:

# Má bara selja tregbrennanlegar sígarettur

**NEYTENDUR** Innanríkisráðuneytið hefur staðfest að ÁTVR megi ekki dreifa sígarettum sem ekki uppfylla nýjan öryggisstaðal Evrópska efnahagssvæðisins. Um er að ræða hertar reglur um hvernig sígarettupappír má brenna.

Á vef ÁTVR segir að undanfarið hafi öll sígarettubréf verið að breytast í tregbrennanlega gerð samkvæmt alþjóðlegum stöðlum: „Í tregbrennanlegar sígarettur er notað bréf sem er þannig samsett að hætta á að kvikni í út frá þeim verður óveruleg ef viðkomandi hættir að draga að sér reykinn, til dæmis ef sofnað er út frá þeim.“

Reglurnar tóku gildi í nóvember í fyrra. Í frétt á vef Neytendastofu segir að ÁTVR hafi óskað eftir því að fá að selja þær sígarettur sem til voru á lager og uppfylla ekki hinn nýja öryggisstaðal.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segist hafa gert verulegar athugasemdir við frétt Neytendastofu.

„Við getum ekki lesið sömu túlkun út úr ákvörðun ráðuneytisins,“ segir hún. „Við töldum einungis á sínum tíma að eðlilegt væri að staðallinn væri innleiddur á annan máta heldur en að koma eins og þruma úr heiðskíru lofti.“

Sigrún segir sígarettumagnið sem til var hafa verið óverulegt og fjárhagslegt tjón lítið sem ekkert. Nú hafi einungis tregbrennanlegar sígarettur verið í umferð í þó nokkurn tíma.

- sv



**SÍGARETTA** Allar sígarettur sem nú eru til sölu á landinu slökkva í sér innan tveggja mínútna séu þær ekki reyktar.








**UMSETNIR FRIÐAREFTIRLITSMENN** Á mótmælafundi í bænum Kfarnebel flykktist fólk að bifreið friðargæslumanna Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segja Rússa stuðla að borgarastríði

**Þrýst er á Rússa og Kínverja að samþykkja harðari aðgerðir gegn Sýrlandi í Öryggisráði SÞ. Uppreisnarmenn vonast til að vopnahléið verði lýst ónýtt.**

**SÝRLAND, AP** „Þeir eru að segja mér að þeir vilji ekki sjá borgarastríð. Ég hef verið að segja þeim að stefna þeirra muni hjálpa til við að stuðla að borgarastríði,“ sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um afstöðu Rússa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Rússar hafa, eins og Kínverjar, verið andvígir því að öryggisráðið heimili ríkjum Sameinuðu þjóðanna að beita hervaldi eða annars konar beinni íhlutun í málefni Sýrlands. Bæði Rússar og Kínverjar ítrekuðu þessa afstöðu sína í gær.

Clinton brást við með því að gagnrýna harðlega afstöðu beggja ríkjanna.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir mikla hættu á því að borgarastríð hefjist með algjöru öngþveiti í Sýrlandi, nú í kjölfar fjöldamorðanna í Houla á föstudag. Meira en hundrað manns létu þar lífið, bæði í sprengjuárásum stjórnarhersins og þegar vígasveitir, sem stjórnarherinn hefur stundum fengið til liðs við sig, gengu hús úr húsi og myrtu fólk.

Í gær gerði stjórnarherinn síðan aftur árás á Houla.

Hafi einhverjir haft í upphafi trú á friðaráætlun Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins, sem Kofi Annan fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna var fenginn til að þrýsta á um, þá virðist sú trú fokin út í veður og vind.

Vopnahléð, sem bæði Sýrlandsstjórn og uppreisnarherinn hétu að virða, hefur að mestu verið nafnið eitt, þótt hugsanlega hafi sveitir beggja eitthvað haldið aftur af sér vegna þess.

Qassim Saadeddine, herforingi í herliði uppreisnarmanna í Homs, sagði í gær að stjórnarherinn hafi frest þangað til í dag til að leggja niður vopn samkvæmt því sem um var samið. Að öðrum kosti telji uppreisnarmenn sig ekki þurfa að virða vopnahléð heldur.

Riyad Assad, yfirmaður uppreisnarsveitanna, bar þetta hins vegar fljótlega til baka og sagði stjórnarhernum ekki hafa verið settur neinn frestur. Einnig ítrekaði hann að uppreisnarmenn telji sig bundna af vopnahléssamkomulaginu.

gudsteinn@frettabladid.is

## Lagðist niður og þóttist vera dauður

Ellefu ára drengur í Houla á Sýrlandi, Ali el-Sayed að nafni, segist hafa lagst á gólfið heima hjá sér, sett á sig blóð úr yngri bróður sínum og þóst vera dauður til að villa um fyrir vígamönnum, sem fóru um húsið og drápu foreldra hans og fjögur systkini eitt af öðru. Erfiðast hafi verið að hætta að skjálfa af hræðslu.

Vígamennirnir, sem uppreisnarmenn fullyrða að hafi verið á vegum stjórnarhersins, voru síðskeggjaðir en krúnurakaðir. Þeir drápu meira en hundrað manns í fjöldamorðunum á föstudaginn fyrir viku. Nærri helmingur hinna myrtu voru á barnsaldri.



Tilboðin gilda 31. MAÍ - 3. JÚNÍ
markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
LAMBALÆRI
FROSIÐ
1.198
ÁÐUR 1.498 KR/KG
GOÐI
SUMARLEGAR STEIKUR
NAUTAKOTELETTUR
M/HVÍTLAUK OG RÓSAPIPAR
Kjötbankinn
1.949
ÁÐUR 2.598 KR/KG
NAUTAKÓTELETTUR
PEPPERSTYLE
Kjötbankinn
1.998
ÁÐUR 2.498 KR/KG
GRÍSALUND
FERSK
1.386
ÁÐUR 1.898 KR/KG
NÝBAKAÐ TILBOÐ
CROISSANT M/SKINKU OG OSTI
BAKAÐ Á STAÐNUM
50% AFSLÁTTUR
115
ÁÐUR 229 KR/STK
KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS - GRILL
40% AFSLÁTTUR
299
ÁÐUR 498 KR/KG
ÍSFUGL
ANANAS
FERSKUR
50% AFSLÁTTUR
149
ÁÐUR 298 KR/KG
ÁVÖXTUR VIKUNNAR
X-TRA RÚLLUTERTA
HINDBERJA
X-TRA KOSSAR
BLANDAÐIR 200 G
HINDBÆRROULADE MED CREME
198
ÁÐUR 239 KR/STK
199 KR/PK
Þú færð vörunar frá Te&Kaffi hjá okkur
TE & KAFFI
www.netto.is | Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




## Störf hóps um málefni útlendinga utan EES voru kynnt á fundi:

# Vilja jafna réttindi útlendinga

**SAMFÉLAGSMÁL** Ein löggjöf verður til um málefni útlendinga hér á landi ef tillögur starfshóps um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) verða að veruleika.

Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra og formaður starfshópsins, kynnti tillögur hópsins og starf á fundi á miðvikudag. Starfshópurinn vill einnig að útlendingar sem koma hingað til lands fái aukna fræðslu um réttindi sín og skyldur. Hugmynd hefur komið upp um að útbúa dvd-disk sem fók verði að horfa á hjá Útlendingastofnun þegar það sækir hér um dvalarleyfi.


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þá vill hópurinn að reglum verði breytt svo að dvalarleyfi veiti almennt rétt til atvinnu hér á landi, nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Nefndin vill að réttindasöfnun útlendinga verði jöfnuð. Nú er það svo að fólk safnar ólíkum réttindum eftir því hvers konar dvalarleyfi það hefur hér á landi. Þannig getur fólk sem kemur hingað vegna skorts á vinnuafli fengið dvalarleyfi í ár og framlengt það í ár til viðbótar en getur aldrei unnið sér inn rétt til búsetuleyfis. „Þannig að við lítum á það fólk sem vinnuafl en við lítum á hitt fólkið sem fólk sem við viljum fá,“ sagði Halla og átti þar við fólk sem kemur hingað sem sérfræðingar.

Þá vill nefndin að allir sem það á við geti sótt um aðstandendadvalarleyfi til að sameina fjölskyldur. Þannig er það ekki nú. - þeb

# Tvöfölduð framleiðsla rúmast innan ramma

**Forstjóri Landsvirkjunar segir að tvöföldun raforkuframleiðslu rúmist innan Rammaáætlunar og Orkustefnu. Efla þarf tenginet Landsnets umtalsvert eigi að selja raforku til Evrópu gegnum sæstreng. Bretar hafa áhuga á samstarfi.**

**ORKUMÁL** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að hægt sé að tvöfalda raforkuframleiðslu fyrirtækisins án þess að ganga gegn stefnu stjórnvalda um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Rammaáætlun þar um, auk orkustefnu stjórnvalda, gangi ekki gegn slíkri aukningu.

„Það felst ekki endanleg ákvörðun í Rammaáætlun svo erfitt er að segja til um hvernig það fer. Við munum að sjálfsögðu miða okkar áætlanir við Rammaáætlunina. Við höfum sagt að við teljum að hægt sé að tvöfalda orkuframleiðslu á Íslandi á tækni- og umhverfislega fullnægjandi hátt. Ég held að það sé innan marka Rammaáætlunar, ef horft er til biðflokksins þar auk kosta sem ekki eru í Rammaáætlun,“ segir Hörður.

Landsvirkjun framleiðir í dag 655 megavött af raforku með jarðvarma og 1.900 megavött með vatnsafli. Hörður segir mestan vöxtinn verða í jarðvarmanum. Hann segir hins vegar óljóst hve mikla raforku Íslendingar geti vonast til að flytja til Evrópu, verði af sæstreng þangað.

Arion banki stóð fyrir ráðstefnu í gær um orkumál í Evrópu og velti því upp hvort tækifæri væru fyrir íslensk fyrirtæki í þeim málaflokki.

Charles Hendry, orkumálaráðherra Bretlands, lýsti þar miklum áhuga á samvinnu við Íslendinga um efnið, en hann og Oddný G. Harðardóttir iðnaðarráðherra undirrituðu viljayfirlýsingu um aukið samstarf á sviði orkumála á miðvikudag.

Hendry segir að Bretar þurfi að fjárfesta fyrir 100 milljarða punda í raforkugeirum til að ná markmiðum Evrópusambandsins um að hlutur endurnýjanlegra orkugjafa nemi 20 prósentum af allri orkunýtingu árið 2020. Aðra 100 milljarða þurfi almennt í öðrum orkugeirum.

Fjárfestingarþörfin væri því gríðarleg og ljóst að fjöldi starfa mundi skapast í þessum geira á næstunni.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, sagði að ef sæstrengur til Evrópu yrði að veruleika yrði að efla dreifikerfi fyrirtækisins til muna. Það ætti sérstaklega við um suðausturhluta landsins, þar sem líklegast er að slíkur strengur tengist landinu, verði af honum.

Aðspurður sagði hann óvíst hvaða áhrif það hefði á raforkuverð til neytenda næðist tenging inn á markað þar sem raforkuverð er hærra. Markaðssjónarmið réðu, en til væru leiðir til að halda verði til neytenda lágu.

kolbeinn@frettabladis.is



**EVRÓPUTENGING** Viljayfirlýsing um samstarf Breta og Íslendinga í orkumálum var undirrituð á miðvikudag. Mögulegt er að skref verði stigin í því samstarfi strax í júní. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir það spennandi kost. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Skref stigin á næstu vikum

Charles Hendry, orkumálaráðherra Bretlands, segir bresk stjórnvöld þegar í startholunum með aðgerðir til að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa. Sameiginlegur orkumarkaður ESB taki gildi árið 2014. Hann lýsti yfir mikilli ánægju með viljayfirlýsingu Breta og Íslendinga um samstarf á sviði orkumála. Hann sagði báðar þjóðir geta notið þess samstarfs.

Bretar eru áhugasamir um kaup á orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Unnið er að því að kanna möguleika slíks kerfis og nú í júní verður skýrslu skilað um mögulegar leiðir í þeim efnum. Hendry fundaði í gær með Landsvirkjun um mögulega aðkomu hennar að málinu.


CHARLES HENDRY






## Þóknanatekjur að aukast og einnig eftirspurn fyrirtækja eftir lánum:

# Góður ársfjórðungur hjá Íslandsbanka

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hagnaðist um 5,6 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi ársins. Til samanburðar var hagnaður bankans 3,6 milljarðar á sama ársfjórðungi síðasta árs en alls hagnaðist bankinn um 29,4 milljarða í fyrra.

Rekstrarniðurstaða bankans verður að teljast góð í ljósi helstu arðsemishlutfalla. Var arðsemi eigin fjár á ársfjórðungnum þannig 17,7 prósent og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi 15,1 prósent. Sömu hlutföll voru hvor tveggja 11,0 prósent á síðasta ári. Sérstaka athygli vekur að þóknanatekjur bankans jukust um 23 prósent miðað við sama fjórðung í fyrra en þóknanatekjur hafa verið hlutfallslega litlar hjá bönkunum frá bankahruni.


BIRNA EINARSDÓTTIR

„Við fundum fyrir aukinni útlánaeftirspurn á ársfjórðungnum. Sérstaklega sjáum við vöxt hjá Ergo, fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka. Þetta gefur til kynna að fyrirtæki séu byrjuð að taka varfærin skref í fjárfestingum,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Íslandsbanki sameinaðist Byr sparisjóði á ársfjórðungnum og ber uppgjörið merki þess. Til að mynda hækkaði kostnaðarhlutfall bankans úr 56 prósentum á síðasta ári í 60,7 prósent á fjórðungnum en líklegt má telja að hlutfallið lækki á ný eftir því sem lengra líður frá sameiningunni.

Eiginfjárhlutfall bankans var í lok ársfjórðungsins 23,3 prósent sem er talsvert umfram 16 prósent lágmark Fjármálaeftirlitsins. - mþl



Nýjar tölur frá Hagstofunni:

# Gjaldþrotum fækkaði í apríl

**EFNAHAGSMÁL Alls 54 fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta í apríl. Hafa gjaldþrot ekki verið svo fá í einum mánuði síðan í ágúst í fyrra. Til samanburðar voru 158 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í mars og 78 í apríl í fyrra.**

**Nokkurrar árstíðasveiflu gætir í fjölda gjaldþrota og fækkar þeim því iðulega á vorin.**

**Þar með hafa alls 407 fyrirtæki verið tekin til gjaldþrotaskipta á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er 23 prósenta fækkun frá árinu 2011.** - mþl

Umhverfisráðuneytið úthlutar 28,5 milljónum í styrki úr Veiðikortasjóði:

# Hæstu styrkirnir til rjúpnarannsókna

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðuneytið hefur úthlutað 28,4 milljónum króna úr Veiðikortasjóði í styrki til ýmissa rannsóknarverkefna. Hæsti einstaki styrkurinn fer til rannsókna á rjúpum.

Í kjölfar auglýsingar um umsóknir um styrki úr Veiðikortasjóði til rannsókna á stofnum villtra fugla og villtra spendýra bárust umhverfisráðuneytinu tólf umsóknir frá 15 aðilum að upphæð ríflega 50 milljónir króna.

Að því er segir í frétt ráðuneytisins er úthlutunin byggð á umsögnum sem Umhverfisstofnun fékk frá ráðgjafarnefnd með fulltrúum Bændasamtaka Íslands, Skotveiðifélags Íslands og umhverfisverndarsamtaka.

Af einstökum styrkjum að þessu sinni má nefna samtals 10,8 milljóna króna styrki til Náttúrufræðistofnunar Íslands til rannsókna á rjúpu, 1,5 milljónir til Náttúrustofu Austurlands til að rannsaka gæsabeitarálag á bújörðum, 3,2 milljónir til Náttúrustofu Suðurlands til að rannsaka lunda og 3 milljónir til Háskóla Íslands sem rannsakar vetrarfæðu sjófugla á íslenska landgrunninu. - gar



**RJÚPA** Stærð rjúpnastofnsins hefur verið á niðurleið undanfarin ár og miklar hömlur verið settar á veiðar. MYND/KRISTJÁN



**KVEIKTI Í SÍGARETTUM** Á tóbakslausa deginum gerði þessi maður sér lítið fyrir og kveikti í sígarettum á mótmælafundi í Amritsar á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP



**KIRKJUSANDI** VÍB og Contra fasteignaráðgjöf eru ráðgjafar nýja félagsins í uppbyggingu eignasafna og rekstri.

Eignir félagsins 6 milljarðar:

# Nýtt fasteignafélag stofnað

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki, VÍB-eignastýringarþjónusta bankans, Contra fasteignaráðgjöf, Tryggingamiðstöðin og sex lífeyrissjóðir hafa stofnað nýtt fasteignafélag undir nafninu FAST-1.

Eignir félagsins við stofnun eru ríflega 6 milljarða króna virði. Á næstu mánuðum verður þó fleiri fjárfestum boðin aðkoma að félaginu og er stefnt að því að stækka virði eigna þess í allt að 15 milljarða króna á þessu ári.

„Stofnun öflugs aðila á sviði fjárfestinga í atvinnuhúsnæði er mikilvægt skref í að auka fagmennsku í þessum eignaflokki á Íslandi," segir Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri VÍB. - mþl

Danskur fasteignasali:

# Enginn vandi að selja kirkjur

**DANMÖRK Þrátt fyrir sýnilega krossa, kristileg málverk og kirkjubekki er enginn vandi að selja kirkjur og safnaðarheimili sem ekki eru lengur í notkun trúfélaga í stórum borgum í Danmörku. Á vef Kristilega dagblaðsins, sem vitnar í fasteignasala í Árósum, segir að sumir kaupendanna breyti byggingunum í íbúðir en aðrir í veitingastaði.**

**Þegar ekki er um friðaða byggingu að ræða er það staðsetningin sem lokkar fjárfesta frekar en sjálf byggingin, að sögn fasteignasalans Sørens Leth Pedersen sem á undanförnum fimm árum hefur selt þrjár fríkirkjur í Árósum.** - ibs

LÖGREGLUFRÉTT

**Helmingur keyrir of hratt**

16 ökumenn óku of hratt á Hjarðarhaga í Reykjavík á þriðjudag. Það eru 47 prósent þeirra sem óku þessa leið þegar lögregla mældi. Þetta er meiri hraðakstur en vanalega á götunni.





VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI

VIÐURKENNDIR BÓKARAR

Í 12 ÁR HEFUR OPNI HÁSKÓLINN Í HR ANNAST UNDIRBÚNING OG HAFT UMSJÓN MEÐ PRÓFUM FYRIR VIÐURKENNDA BÓKARA.

Opni háskólinn í HR býður í haust upp á undirbúningsnám til viðurkenningar bókara sem byggir á reynslu og traustum grunni með þaulreyndum sérfræðingum. **Námið hefst þann 20. ágúst n.k.**

Námið undirbýr nemendur fyrir próf á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytis til viðurkenndra bókara, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

**I. HLUTI – SKATTSKIL**
Markmið námskeiðsins er að veita almenna innsýn í skattalög og reglur varðandi skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga.

**II. HLUTI – UPPLÝSINGAKERFI OG ÖRYGGISÞÆTTIR**
Markmið námskeiðsins er að dýpka skilning þátttakenda á áhrifum upplýsingakerfa á reikningshald og rafræn samskipti. Áhersla er lögð á notkun Excel við bókhaldsstörf.

**III. HLUTI – REIKNINGSHALD**
Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu þátttakenda á meginreglum reikningshalds og því lagaumhverfi sem bókhald og reikningsskil byggja á.

**Leiðbeinendur:** Hólmgeir E. Flosason, hdl., Lúðvík Þráinsson, Emil Viðar Eyþórsson, Páll Daði Ásgeirsson og Tryggvi Jónsson lögg. endurskoðendur hjá Deloitte.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Sjá nánar
**www.opnihaskolinn.is**
eða hafðu samband við okkur í síma 599 6300
**umsóknarfrestur er til 5. júní**

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Tryggvi Guðmundsson,** knattspyrnumaður

# Tel mörkin sjaldnar en ég gerði

Markahrókurinn og Eyjamaðurinn **Tryggvi Guðmundsson** er fyrir löngu orðinn landsþekktur fyrir kúnstir sínar á knattspyrnuvellinum. Á þriðjudag skoraði hann sitt 127. mark í efstu deild á Íslandi og varð um leið markahæsti leikmaður deildarinnar frá upphafi. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* ræddi við Tryggva um sigrana á vellinum, lífið utan vallar og framtíðina.

Tryggvi Guðmundsson er einhver litríkasti og farsælasti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið. Tryggvi hefur spilað í meistaraflokki í 20 ár og á þeim tíma verið öðrum Íslendingum duglegri við að koma fótbolta í mark. Þrátt fyrir að hafa spilað í atvinnumennsku í Noregi og Svíþjóð í sjö ár varð Tryggvi á þriðjudag markahæsti leikmaður í sögu efstu deilar hér á landi þegar hann skoraði sitt 127. mark. Mörkin hefur hann á löngum ferli skorað fyrir uppeldisfélagið ÍBV, KR og FH og þrátt fyrir að nálgast óðfluga 38 ára aldur er ekkert farið að hægjast á Tryggva.

*Nú er metið loksins fallið eftir mikið umtal síðustu ár. Ef marka má spilamennsku þína í fyrra og í þeim eina leik sem þú hefur spilað í sumar virðist enn ekkert vera farið að hægja á þér. Hvað tekur við, hvert er næsta markmið?*

„Ég var einmitt að velta þessu sama fyrir mér í gærkvöldi. Nú er maður búinn að ná þessu háleita markmiði og það væri kannski eðlilegt að setja sér einmitt næsta markmið. Ég komst hins vegar eiginlega að þeirri niðurstöðu að ég þarf ekki endilega að setja mér annað markmið. Aðalatriðið er einfaldlega það að ég hef svo rosalega gaman af fótboltanum. Margir leikmenn á mínum aldri hafa lagt skóna á hilluna vegna þess að löngunin hefur ekki lengur verið til staðar og hafa þá snúið sér að öðrum og kannski mikilvægari hlutum. Ég hins vegar bara nýt þess svo að spila fótbolta og kannski aldrei meira en nú sem sést í því að ég er farinn að telja mörkin sjaldnar en ég gerði og orðinn meiri liðsmaður en ég var."

*Mér telst svo til að þú þurfir að skora ellefu mörk til viðbótar til að komast í 200 mörk í efstu deild á ferlinum séu mörkin á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð talin saman. Er það eitthvað til að stefna að?*

„Já, nú ert þú bara búinn að búa til markmið fyrir mig. Ellefu mörk til viðbótar, það er flott markmið fyrir sumarið."

*Hvað með aldursmetið hans Þorsteins Bjarnasonar, hefurðu hug á því að spila til 47 ára aldurs í efstu deild?*

„Það eru nú oftast markmennirnir sem endast lengst í þessu enda hreyfingin minnst þar. Ég sé mig nú varla fara í markið úr þessu og ég held að því sé því alveg ljóst að ég bæti ekki það met."

*Í lokaumferð Íslandsmótsins í fyrra tókstu tvær vítaspyrnur. Hefðirðu skorað úr annarri hefði metið fallið en hvorug rataði í netið. Í vor fékkstu svo blóðtappa sem hefði getað haldið þér frá knattspyrnuvellinum talsvert lengur en hann gerði. Óttaðistu einhvern tímann að þér væri einfaldlega ekki ætlað að slá metið?*

„Já, ég verð að viðurkenna að ég hugsaði með mér hvort karmað eða eitthvað annað væri að flækjast fyrir mér. Sú hugsun leitaði á mann hvort ferlinum væri kannski lokið. En það hvatti mig líka áfram. Ég hugsaði vel um mig, hélt mér í formi og gerði allt sem ég mátti gera svo ég yrði tilbúinn þegar græna ljósið kæmi. Svo kom það sem betur fer fyrr en ég átti von á. En það hefði auðvitað verið hreinlega skelfilegt að klikka á þessum tveimur vítum ef mér hefði svo ekki auðnast að spila annan leik."

*Þú ert markahæsti leikmaður í efstu deild frá upphafi, hefur unnið fimm Íslandsmeistaratitla, fjóra bikarmeistaratitla, spilað 42 A-landsleiki og skorað í þeim tólf mörk. Þú hefur verið valinn besti og efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins og deilir metinu yfir flest mörk skoruð á einu Íslandsmóti með þremur öðrum. Ertu ánægður með ferilinn eða ertu kannski einn af þeim sem staldrar heldur við ósigrana?*

„Ég er mjög ánægður með ferilinn, ég get ekki verið annað. Það eina sem hefur stundum komið upp í kollinn á mér er að ég hafi kannski komið of snemma heim úr atvinnumennskunni. Ég var ekki nema þrítugur þegar ég kom heim árið 2005 og stóð þá til boða að halda áfram úti. Ég hefði kannski átt að gera það en núna getur maður sagt sem svo að þá hefði ég sennilega ekki náð þessu meti. En á heildina litið er ég mjög ánægður með ferilinn, bæði hér heima og í atvinnumennskunni þar sem mér fannst ganga vel."

*Þú hefur átt langan og farsælan feril og ert að fagna 20 ára afmæli í meistaraflokksfótbolta í sumar. Þú hefur lengst af spilað hér á Íslandi en spilaðir einnig erlendis í atvinnumennsku í sjö ár. Hverja telurðu vera hápunkta ferilsins og hvað hefur verið erfiðast?*

„Hápunkturinn er klárlega atvinnumennskan og þá kannsi helst tími minn í Noregi. Þar spilaði ég í þrjú ár fyrir Tromsø og svo í önnur þrjú fyrir Stabæk. Ég var einmitt keyptur til Stabæk fyrir metupphæð á sínum tíma sem segir manni að ég var að gera eitthvað rétt. Mér tókst að verða markahæsti erlendi leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar frá upphafi þangað til einhver Svíi tók af mér metið fyrir skömmu. Það sem var erfiðast var sennilega þegar ég var frá í eitt ár í heildina árið 2003 sem má segja að hafi gerst á versta tíma. Árið áður gerði ég einhver fimmtán mörk og varð næst markahæstur í Noregi. Í kjölfarið var ég orðaður við alls konar lið á Ítalíu, í Englandi, Tyrklandi og víðar. Það var allt í ferli þegar ég braut á mér ristina og var frá í um fimm mánuði. Þá var pressa á mér bæði frá liðinu og sjálfum mér að sýna mig og sanna. En ég byrjaði of snemma og braut á mér ristina aftur sem gerði eiginlega út um vonir mínar um frekari landvinninga í atvinnumennsku. Ég sem síðan við Örgryte í Svíþjóð meiddur þar sem ég á eiginlega hundleiðinlegt tímabil. Eftir tímabilið stóð mér til boða að koma heim til Íslands í FH og að fara til Stabæk aftur. Ég kom heim og stundum sé ég eftir því en stundum ekki."

*Þú spilaðir fyrir landsliðið í fjöldamörg ár. Var það viss hápunktur á ferlinum að vera landsliðsmaður?*

„Það var auðvitað mikill heiður í hvert sinn sem ég fékk að spila fyrir landsliðið. Ég hefði glaður viljað spila fleiri leiki en þessa 42 og sjálfum fannst mér ég hætta að spila fyrir landsliðið of snemma. Ég viðurkenni það að ég er orðinn of gamall fyrir landsliðið núna en ég átti nokkur ár eftir þegar þeir hættu að velja mig. En ég er mjög stoltur af mínum landsliðsferli, ekki síst að hafa tekist að skora tólf mörk fyrir landslið sem kannski skorar ekki rosalega mörg mörk."

*Hvernig líst þér á framtíð íslenska landsliðsins núna þar sem margir ungir og frábærir leikmenn eru að stíga sín fyrstu skref?*

„Ég er klárlega bjartsýnn á gengi landsliðsins, þetta lítur mjög vel út. En fram á við hef ég áhyggjur af því að okkur hefur ekki tekist að búa til mjög afgerandi og góða varnarmenn enda sést að við fáum á okkur þrjú mörk í báðum vináttuleikjunum síðustu daga þótt þeir hafi vitaskuld verið leiknir við frábær landslið. Sóknarlega er ég mjög spenntur fyrir landsliðinu en varnarleikinn má bæta."

*Þú hefur spilað með mörgum eftirminnilegum liðum hér heima á ferlinum auk landsliðsins. Þú spilaðir með FH-liðinu sem vann allt sem var hægt að vinna hér um miðjan síðasta áratug, ÍBV liðinu sem varð Íslandsmeistari 1997 og KR-liðinu sem varð bikarmeistari árið 1994. Hverjir eru eftirminnilegustu liðsfélagarnir?*

„Ég hef nú alltaf sagt að Rúnar Kristinsson er sá besti sem ég hef spilað með. Bæði hjá KR á sínum tíma og svo auðvitað með landsliðinu. Síðan verð ég að nefna Hermann Hreiðarsson. Við erum miklir félagar bæði innan og utan vallar og spiluðum saman bæði fyrir ÍBV og landsliðið. Á vellinum vorum við oft að flækjast fyrir hvor öðrum á vinstri kantinum þar sem hann var í bakverði en ég á vængnum en hann vildi eiginlega sinna báðum hlutverkum og ég flæktist bara fyrir. Í FH-liðinu voru svo auðvitað endalausir snillingar og ég get eiginlega ekki tekið einn út úr. Svo hefur líka verið rosalega gaman að koma aftur heim í ÍBV, rífa upp Eyjaliðið og spila með strákum sem voru margir bara með bleyju þegar ég spilaði síðast í Eyjum. Því ævintýri er líka ólokið og þó við höfum aðeins hikstað núna er mikið eftir og ég kominn á ról þannig að við komumst vonandi í gang."

*Nú var nokkuð fjallað um persónuleg málefni þín í fjölmiðlum á vormánuðum. Var meðal annars greint frá því að þú hefði orðið uppvís að ölvunarakstri og í kjölfarið farið í meðferð. Hvernig fannst þér þessi umfjöllun og hefur lífið utan boltans eða fjölmiðlaumfjöllun um það einhvern tímann flækst fyrir þér inni á vellinum?*

„Nei, í raun og veru ekki. Ég hef reynt að halda mig til hlés hvað varðar persónuleg mál og reda bara fótboltann. Þetta mál hins vegar sprakk einhvern veginn í loft upp. Ég auðvitað gerði mikil mistök og mun aldrei neita því. En þetta gerðist í Vestmannaeyjum sem er lítið samfélag. Þar vissu allir sem vildu vita hvað ég hafði gert og hvað ég ætlaði að gera til að taka á mínum málum. Mér fannst því algjör óþarfi að fara með þetta í bæjarblaðið, Eyjafréttir, og svo í framhaldinu taka stóru miðlarnir þetta upp og þá er þetta komið alls staðar. Mér fannst það auðvitað leiðinlegt en ég vildi nú ekki fara að væla yfir því. Eftir á séð var það kannski líka ágætt að vissu leyti því það hefur hjálpað við að vinna úr þessu."

*Að lokum, ertu farinn að huga að lífinu eftir fótboltann?*

„Ég byrjaði á því fyrir löngu síðan. Ég hef verið að mennta mig sem þjálfari og er að nálgast UEFA-A stigið sem gerir mér kleift að þjálfa lið hér á landi. Það er alveg ljóst að ég mun ekkert kúpla mig út úr boltanum þegar ég hætti að sparka tuðrunni sjálfur. Ég verð sjálfsagt aðstoðarþjálfari einhvers staðar eða þjálfari. Ég verð í þessum bolta þangað til ég kveð þetta líf, það er alveg á hreinu."




**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** Tryggvi er uppalinn Eyjamaður en hefur á ferli sínum leikið með KR, Tromsø og Stabæk í Noregi, Örgryte í Svíþjóð og FH auk ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þeir fjórir síðustu til að eiga markametið

**Ríkharður Jónsson til 1973**
- 78 mörk í 110 leikjum
- 5 þrennur
- 6 sinnum markakóngur
- Skoraði mest 10 mörk sumarið 1959
- Skoraði síðasta markið sitt á sínu 37. aldursári (1966)



**Ingi Björn Albertsson 1982-2012**
- 126 mörk í 210 leikjum
- 5 þrennur
- 2 sinnum markakóngur
- Skoraði mest 16 mörk sumarið 1976
- Skoraði síðasta markið sitt á sínu 35. aldursári (1987)



**Hermann Gunnarsson 1973-1982**
- 95 mörk í 158 leikjum
- 9 þrennur
- 3 sinnum markakóngur
- Skoraði mest 17 mörk sumarið 1973
- Skoraði síðasta markið sitt á sínu 34. aldursári (1980)



**Tryggvi Guðmundsson**
- 127 mörk í 222 leikjum
- 6 þrennur
- 2 sinnum markakóngur
- Skoraði mest 19 mörk sumarið 1997
- Verður 38 ára í sumar



TEKIÐ SAMAN AF ÓSKARI Ó. JÓNSSYNI, ÍÞRÓTTAFRÉTTAMANNI Á FRÉTTABLAÐINU


casall
asics
ÚTILÍF
30% AF
CASALL OG ASICS
GERÐU FRÁBÆR KAUP Á VÖLDUM CASALL OG ASICS VÖRUM.
ÞÚ FÆRÐ HÁGÆÐA MERKJAVÖRU Á BETRA VERÐI Í ÚTILÍF.
TILBOÐ 4.990 KR.
ESSENTIAL BOXBACK HLÝRABOLUR
Stærðir: 34-44.
Almennt verð: 7.490 kr.
TILBOÐ 5.490 KR.
ESSENTIAL TEE
Stærðir: 34-44.
Almennt verð: 8.490 kr.
TILBOÐ 17.490 KR.
ASICS CUMULUS
Dömuskór.
Fást aðeins í Smáralind og Kringlu
Almennt verð: 27.990 kr.
TILBOÐ 17.490 KR.
ASICS CUMULUS
Herraskór.
Almennt verð: 27.990 kr.
TILBOÐ 6.990 KR.
ESSENTIAL RAPIDRY ¾ TIGHTS
Stærðir: 34-44.
Almennt verð: 9.990 kr.
TILBOÐ 8.990 KR.
ESSENSIOAL RAPIDRY JAZZPANTS
Stærðir: 34-44.
Almennt verð: 12.990 kr.
TILBOÐ 5.990 KR.
ESSENTIAL JAZZPANTS
Stærðir: 34-44.
Almennt verð: 9.990 kr.
TILBOÐ 18.990 KR.
ASICS GT 2170
Dömu- og herraskór.
Almennt verð: 27.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS



# ÞRÁÐLAUST NETSAMBAND UM BORÐ HJÁ ICELANDAIR

**Sterkari tengsl**
Í lok árs 2012 hefur Icelandair uppsetningu á þráðlausu netsambandi um borð í vélum Icelandair. Þar með færðu kost á að skoða tölvupóst, lesa nýjustu fréttir, upplifa Youtube-partí og deila ferðasögunni með Facebook-status í 30 þúsund fetum.

**GÓÐA SKEMMTUN.**




ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju hlustar stjórnarmeirihlutinn ekki á gagnrýni og rök í sjávarútvegsmálunum?

## Brunað áfram í blindni

Miðað við þá gríðarlega miklu og rökstuddu gagnrýni sem fram hefur komið á kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar, jafnt frá hagsmunaaðilum sem fræðimönnum og sérfræðingum, er vægast sagt furðulegt hversu veigalitlar breytingar meirihluti atvinnuveganefndar Alþingis leggur til á þeim.

Tillögur um breytingar á veiðigjaldinu ganga skemur en búast hefði mátt við. Þær gera ráð fyrir að heildarupphæð þess sem kemur í ríkissjóð af gjaldinu lækki um fjórðung. Áfram verður miðað við að útgerðarfyrirtæki greiði 70% af hagnaði sínum í veiðigjald, þótt aðlögunartími sé lengdur og ýmsar undanþágur og afslættir hafi bætzt við, til að mynda vegna skuldsettra kvótakaupa.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Enn hefur ekki farið fram nein rækileg greining eða útreikningar á áhrifum þessarar útfærslu á afkomu og stöðu útgerðarinnar. Þess vegna er algjörlega galið að ætlast til að Alþingi samþykki þennan part málsins á næstu dögum.

Eins og fjölmargir sérfræðingar sem fjallað hafa um málið hafa bent á, er samhengi á milli upphæðar veiðigjaldsins og þeirra breytinga sem eru gerðar á sjálfu stjórnkerfi fiskveiðanna. Bæði hagfræðinganefnd Jóns Bjarnasonar og hagfræðingarnir sem fengnir voru til að taka núverandi frumvörp út fyrir atvinnuveganefnd bentu á að gengju hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórninni eftir, sem drægju úr hagkvæmni veiðanna, minnkaði geta sjávarútvegsins til að standa undir veiðigjaldi, jafnvel þótt það væri ákveðið hóflegt.

Eyru meirihluta atvinnuveganefndar virðast algjörlega lokuð fyrir þessum ábendingum. Að minnsta kosti leggur hún ekki til neinar breytingar sem máli skipta á frumvarpinu um stjórn fiskveiða. Áfram er stefnt að því að spilla í veigamiklum atriðum stjórnkerfi, sem hefur reynzt vel og stóraukið hagkvæmni í sjávarútveginum.

Sjávarútvegsmálin eru ekki eina stóra málið, þar sem núverandi ríkisstjórnarflokkar bruna áfram í blindni og taka ekkert mark á varnaðarorðum, jafnvel þótt þau komi frá sérfræðingum sem hafa haldbeztu þekkinguna í viðkomandi málaflokkum. En þetta mál er einfaldlega veigameira en svo að hægt sé að ana áfram og gá svo seinna hvort hrakspárnar rætist.

Hér er hvorki meira né minna en ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar í húfi. Menn geta sagt sem svo að fiskur verði veiddur áfram þótt frumvörpin gangi í gegn. Það er líka veiddur fiskur í mörgum nágrannalöndum okkar, bara ekki með neinum hagnaði fyrir viðkomandi hagkerfi af því að þar hefur sjávarútveginum verið breytt í miðstýrðan bónbjargaatvinnuveg. Hættan er sú að það gerist líka hér, staldri menn ekki við og vinni málið betur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

einfaldlega betri kostur



SUMMER garðsett
nú 14.950,-
50%
af SUMMER garðsetti

**SUMMER** Garðsett, grábrúnt. Felliborð og 2 fellistólar. Pólýtrefjar.
**29.900,- NÚ 14.950,-** *Einnig til dökkgrátt.*

**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is**
**mán. - fös. 11-18:30 lau. 10-18, sun. 12-18**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engin sulta á þingi

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, varð fyrir vonbrigðum á miðvikudagskvöldið. Hann lýsti því í ræðustól í gær að hann hefði talið góða sátt vera að myndast innan atvinnuveganefndar um veiðileyfagjald og fiskveiðistjórnunina. „Mér fannst satt að segja stjórnarandstaðan vera allt að því sultuslök alveg fram á síðustu stundu þegar málið var rætt út," sagði Björn. Þá fannst honum kveða við nýjan tón og fúkyrðaflaumur og árásir taka völdin. Það er ekki nema von að vonbrigðin hafi orðið mikil, en var varaformaður atvinnuveganefndar að lesa stjórnarandstöðuna rétt? Bjóst fólk almennt við því að hún væri sultuslök í sjávarútvegsmálunum?

### Lítill samningsvilji



Stjórnarandstæðingar voru gríðarlega ósáttir við breytingartillögur meirihluta nefndarinnar. Björn Valur minnti þó á að um tillögur væri að ræða og kallaði eftir tillögum stjórnarandstöðunnar í málinu. „Vísa málinu frá," kallaði Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þá fram í. Ekki lýsir það miklum samningsvilja.

### Herðir hnútinn



Birgir Ármannsson, kollegi Tryggva Þórs, lýsti vonbrigðum með tillögurnar og sagði þær ekki myndu greiða fyrir þingstörfum. Hefði falist einhver málamiðlun í þeim hefði það kannski breytt stöðunni á þinginu. Það er sérkennileg afstaða. Ríkisstjórnin telur sig hafa meirihluta fyrir málinu. Af hverju ætti hún þá að gera málamiðlun um það? Þarf ekki að fara að láta reyna á þennan meirihluta í atkvæðagreiðslu?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Nýr tíðarandi, næsti forseti

Forseta embættið



Gunnar Hersveinn
rithöfundur

Næsti forseti Íslands þarf nauðsynlega að tilheyra þeim tíðaranda sem nú blæs um landið. Næsti forseti má alls ekki tilheyra tíðaranda hrokans þar sem útvaldir Íslendingar áttu að njóta aðdáunar annarra með því að fara um heiminn líkt og uppdiktaðir víkingar í útrás.

Íslendingar hafa þegar valið sér önnur gildi en þau sem ríktu á tímum gangstera, ráðstera og bankstera. Heiðarleiki er þjóðgildið sem valið var af visku þjóðar á tveimur þýðingarmiklum þjóðfundum. Ástæðan fyrir kröfunni um heiðarleika voru óbærileg einkenni tíðarandans fyrir hrun: spilling, blekking, ábyrgðar- og skeytingarleysi, ágirnd, græðgi, yfirstétt, ofríki og dramb.

Heiðarlegt samfélag byggir á virðingu, jöfnuði og mannúð. Þetta samfélag vex þó ekki upp úr jarðveginum af eigin mætti. Þeir sem drottnuðu 2007 hafa t.a.m. lítinn áhuga á að vökva sprotana og reyna fremur með plastblóm í hnappagati að telja fólki trú um að aðeins þeir séu færir til að spinna upp framtíðarlandið.

Forseti sem virðir gildin sem þjóðin valdi á þjóðfundunum 2009 og 2010 yrði góður áfangasigur fyrir nýjan tíðaranda – og lýðræði, hófsemd og samkennd myndu eflast í landinu. Skapa þarf endurnýjað traust og hvetja til ábyrgðar þar sem samhljómur er á milli hugsjóna og aðgerða. Hentistefna og klækjabrögð gamla valdsins þurfa því nauðsynlega að líða undir lok.

Komandi forsetakosningar bjóða upp á nýtt andlit, nýja kynslóð og önnur gildi en þau sem nú hopa á fæti. Kosningarnar skipta máli! Niðurstaðan mun hafa áhrif á stöðu tíðarandans og hversu kraftmikill hann verður. Það er alls ekki farsælt að rödd gamla tímans blási áfram í sprungnar blöðrur – heldur þarf þjóðin nýja og bjarta rödd.

Sú rödd má ekki vera hjáróma eða ámátleg, heldur traust og heiðarleg. Átök og deilur verða ekki lengur efst á baugi, heldur samtal og sameining.

Já, greina má andblæ betri tíðar. Þeir sem á hinn bóginn geta ekki rétt hjálparhönd ættu a.m.k. að sýna þá sjálfsögðu kurteisi að standa ekki í veginum fyrir breyttum tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Eitt EM fyrir alla

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Evrópumeistaramót karla í knattspyrnu hefst í næstu viku. Evrópumeistaramót kvenna verður á næsta ári. Í daglegu tali er karlamótið þó oftast einfaldlega kallað „EM“ en kvennamótið „EM kvenna“, ef það er yfirhöfuð kallað nokkuð. Oftast láta menn eins og síðarnefnda mótið sé varla til.

Svo djúpt ristir þetta, að jafnvel femínistavefurinn knúz.is talar um „Evrópumeistarakeppnina í knattspyrnu 2012“ í opnu bréfi til RÚV. Þar er Sjónvarpið hvatt til að fá fleiri konur til að tala um fótbolta í tengslum við mótið, sem er fínt sjónarmið í sjálfu sér, en enn æskilegra væri að sjá þær á vellinum einnig. Mig dreymir um eitt EM, með karla- og kvennakeppni á sama tíma.

**Kvenna-Wimbledon?**

Hin aðskildu karla- og kvennamót skemma fyrir konum. Best launaði fótboltakarl heims, Argentínumaðurinn Lionel Messi, fær 43,5 milljónir Bandaríkjadollara á ári fyrir iðju sína. Hinum megin kynjalínunnar er brasilíska knattspyrnukonan Marta sem fyrir hálfu öðru ári skrifaði undir samning upp á hálfa milljón í bandarísku kvennadeildinni (sem nú er hætt). Sú upphæð hefði sem sagt dugað fyrir fjögurra daga samningi við Lionel Messi.




Árslaun bestu knattspyrnukonu duga því til að borga besta knattspyrnukarli fyrir einn leik.

Í tennis er staðan önnur. Samkvæmt tímaritinu Forbes fær Roger Federer 47 milljónir dollara á ári fyrir að sveifla spaða, meðan Maria Sharapova fær 24,2 milljónir. Þetta er vissulega enn nokkur munur en samt margfalt skárra en í knattspyrnunni. Raunar er það svo að af tíu best launuðu íþróttakonum heims eru sex tenniskonur. Ætli stærsti hluti skýringarinnar liggi ekki einmitt í því að tenniskonur spila á sömu mótum og karlar og njóta því svipaðrar athygli og þeir. Til allrar hamingju datt engum í hug að búa til sérstakt Kvenna-Wimbledon-mót.

Þetta virðist vera regla: Þar sem mótin eru sameiginleg eiga íþróttakonur betri möguleika á að fá athygli. Skíðakonur, sundkonur, frjálsíþróttakonur og fimleikakonur eru líklegri til að ná svipuðum tekjum og karlar. Þær konur sem spila handbolta, fótbolta eða körfubolta, þurfa sífellt að berjast fyrir athygli.

Ættu „Kvennaólympíuleikar í Gautaborg 2013“ mikinn séns á að slá áhorfsmet? Varla. Auðvitað var það hárrétt frá öllum sjónarhornum að gefa konum færi á að keppa á Ólympíumóti með áratugasögu frekar en búa til eitthvert nýtt mót, bara fyrir þær. Sömu ákvörðun hefði átt að taka í knattspyrnu, en fyrst það var ekki gert, þarf að leiðrétta þau mistök.

Með sameiginlegu móti myndi allt vinnast, kvennakeppnin fengi verðskuldaðan sjónvarpstíma og auðveldara væri að fylla vellina. Nú stendur reyndar til að fjölga liðunum á EM karla upp í 24 árið 2016. Það er leitt að það tækifæri hafi ekki frekar verið notað til að bæta við kvennakeppni. Það breytir þó ekki því að markmiðið til langs tíma ætti að vera að öll Evrópu- og heimsmeistaramót í liðaíþróttum væru ætluð báðum kynjum.

**Að sannfæra karlaklúbb**

Líklegast þyrfti heilmikið puð til að koma þessu til leiðar. FIFA og UEFA eru nefnilega karlaklúbbar í nokkuð beinni merkingu þess orðs. Í sextán manna stjórn UEFA eru sextán karlar. Í seinustu viku var kona loksins kosin í stjórn FIFA. Hún er sú fyrsta í 108 ára sögu sambandsins. Þessar skekkjur hafa áhrif. Það er þannig sífellt verið að fjölga liðum í karlakeppnum en fjölda liða í kvennakeppnunum haldið niðri með þeirri afsökun að kvennaboltinn sé „ekki búinn að ná nógu miklum gæðum“. Þessar bullskýringar hafa þau áhrif að stelpur sem spila fótbolta hafa síðri möguleika á að komast í úrslitakeppni stórmóts en strákar og þær sem þangað komast fá minni athygli en þeir.

Hugmyndum sem þessum þarf fyrst að vinna fylgi innanlands og gera þær að opinberri stefnu íslenskra íþróttasambanda á borð við KSÍ. Næst þarf að vinna þeim fylgi í útlöndum, og líklegast best að byrja í norðurhluta Evrópu, þar sem kvennaknattspyrna stendur hvað best. Slíkar nýjungar gætu vissulega mætt andstöðu, en ef jafna á hlut karla og kvenna í knattspyrnuheiminum er líklegast engin önnur leið vænlegri til árangurs.

AF NETINU

**Evrukrísan**

Ástandið er að verða þannig að hvert land er farið að hugsa meira um hagsmuni sína en Evrópu, þetta gæti snúist upp í einhvers konar viðskiptastríð þar sem, eins og Kristrún Heimisdóttir orðar það á Facebook: „Hvert ríki ver sjálft sig og samskiptin hrynja vegna fjármagnsflutninga heim úr útibúum, óskýrra marka á bankaeftirliti milli ríkja og óvissu um innistæðutryggingar?“
Það má litlu muna að verði bankaáhlaup í löndunum við Miðjarðarhafið, að fólk þeysi út og reyni að ná peningunum sínum út úr bönkum. Við þetta gætu bankar fallið unnvörpum, og ólíklegt er að sparifjáreigendur fái peningana sína.
Hvorki löndin né Evrópa sem slík hafa innistæðutryggingakerfi sem ræður við þetta, kerfið er ekki hannað til að ráða við hrun margra banka.
En á sama tíma er Evrópusambandið aðili að dómsmáli gegn Íslandi vegna bankahruns og innistæðutrygginga …

http://silfuregils.eyjan.is/
**Egill Helgason**

**Lækka bensínverð takk**

Hráolía á heimsmarkaði hefur lækkað um 16% en bensínverð á Íslandi hefur eingöngu lækkað um 4,4%. Gengishækkun dollarans á tímabilinu hefur numið 3% svo segja má að einungis helmingur af lækkun olíunnar hefur skilað sér í vasa neytenda. Ef öll lækkunin hefði skilað sér til neytenda væri bensínlítrinn nú 20 krónum ódýrari en raun ber vitni.

http://www.dv.is/blogg
**Skúli Helgason**



# Framsækin fjárfestingaáætlun

Fjármál

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Nýlega kynnti ríkisstjórnin nýja og framsækna fjárfestingaáætlun. Áætlunin er liður í nýrri sókn eftir efnahagshrunið og þær hremmingar sem þjóðin hefur mátt þola eftir áratuga stjórnartíð sjálfstæðis- og framsóknarmanna. Samkvæmt henni munu 39 milljarðar króna leiða til fjárfestinga og framkvæmda fyrir 88 milljarða króna. Tugir milljarða munu þar með flæða um lífæðar samfélagsins og glæða bæði atvinnu og hagvöxt.

Það vakti raunar athygli mína þegar málið var fyrst kynnt, að einmitt þá stóð yfir harðvítugt málþóf í þinginu af hálfu gömlu íhaldsflokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, gegn því að þjóðin fengi áframhaldandi aðkomu að endurskoðun stjórnarskrárinnar og gegn því að þjóðin fái að kjósa um tillögur stjórnlagaráðs í haust. Já, á sömu stundu og ríkisstjórnin var að kynna sína metnaðarfullu fjárfestingaáætlun fyrir Ísland – áætlun byggða á vandaðri stefnumótun, framtíðarsýn og traustri fjárhagsstjórn – stóðu íhaldsflokkarnir í sinni niðurrifspólitík og málþófi. Sjaldan ef nokkru sinni höfum við fengið gleggri mynd af þeim mun sem er á niðurrifs- og uppbyggingarstjórnmálum en einmitt þá.

Fjárfestingaáætlunin er afrakstur forsjálni í ríkisfjármálum. Hún er möguleg vegna þess að við sjáum nú fram á drýgri tekjur ríkissjóðs í formi auðlindagjalda en einnig vegna eignasölu á hlut ríkisins í bönkunum. Þeir fjármunir sem varið verður til margvíslegra verkefna samkvæmt áætluninni munu skila sér:

- Til uppbyggingar á innviðum þess, t.d. með stórum samgönguframkvæmdum.
- Til samfélagslegra verkefna í almannaþágu, verkefna sem hleypa lífi í atvinnulífið allt og byggðir landsins.
- Til eflingar rannsóknum og tækniþróun, sóknaráætlunum og atvinnuþróun.
- Til eflingar græna hagkerfinu, ferðaþjónustunni og skapandi greinum.

Grunnurinn að áætluninni er stefnumótun ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur – ríkisstjórnar jafnaðarmanna og félagshyggjufólks sem hefur það einbeitta markmið að koma þjóðinni út úr þeirri kreppu sem hrunstefna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks leiddi yfir samfélagið. Hún er smíði velferðarstjórnarinnar sem hefur ekki unnt sér hvíldar við að endurreisa íslenskt samfélag, verja hér velferð, auka jöfnuð og glæða atvinnulíf og almenn lífskjör – stjórnarinnar sem hefur getið sér orð á alþjóðavettvangi fyrir árangur í þeim efnum (þó að hér heima leggist margir á eitt til að þegja það í hel).

Nái þessi fjárfestingaáætlun fram að ganga munu skapast fjögur þúsund störf og staða ríkissjóðs batna um allt að 20 milljarða á þremur árum.

> Sjaldan ef nokkru sinni höfum við fengið gleggri mynd af þeim mun sem er á niðurrifs- og uppbyggingarstjórnmálum en einmitt þá.

En það sem mest er um vert er þó sú bráðnauðsynlega uppbygging innviða sem nú getur átt sér stað með flýtingu stórframkvæmda á borð við jarðgöngin fyrir vestan og austan. Ekki síst skiptir þetta máli fyrir Vestfirði þar sem byggðirnar hafa orðið fyrir sárum búsifjum undanfarna áratugi, að verulegu leyti vegna hins óréttláta kvótakerfis sem hefur sannarlega tekið sinn toll og valdið alvarlegri byggðaröskun víða. Þann halla er löngu tímabært að bæta, því ekki var það gert í stjórnartíð Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hér fyrr á árum, á velmegunar- og góðæristímanum þegar þessir tveir flokkar fóru ekki aðeins með landsstjórnina, heldur stjórnuðu nánast öllum sveitarfélögum landsins með meirihlutasamstarfi sín á milli.

Þess skal getið sem gott er: Það skiptir máli hverjir stjórna – það skiptir máli hvernig er stjórnað. Og það er aldrei mikilvægara en í efnahagsþrengingum að hafa jafnaðar- og félagshyggjumenn við stjórnvölinn.

# Hvers vegna að vanda sig þegar hægt er að gera hlutina illa?

Menning

Orri Vésteinsson
prófessor í fornleifafræði



Allsherjar- og menntamálanefnd hefur afgreitt til annarrar umræðu með einróma nefndaráliti frumvarp til laga um menningarminjar. Þetta er eitt af þessum litlu málum sem komast ekki í fréttir og fáir láta sig varða, eitt af tugum frumvarpa sem verða afgreidd með hraði og án mikillar, ef nokkurrar, umræðu á síðustu dögum þingsins.

Slíkt vinnulag ætti ekki að þurfa að vera vandamál því flest mál sem liggja fyrir Alþingi eru ekki þannig vaxin að þau varði andstæða hagsmuni eða hugmyndafræði. Mál eins og þetta snúast fremur um einstaka hluta af gangverki samfélagsins þar sem einu hagsmunirnir eru fyrst og fremst að gangverkið virki, gangi eins smurt og kostur er. Um slík mál á að vera hægt að ná sátt. Það er ekki bara einhver væmni að biðja um það því sáttin er forsenda virkninnar. Án hennar hætta hlutirnir að virka eins og þeir eiga að gera. Þess vegna skyldi maður ætla að það væri ástæðulaust að taka neina áhættu með þetta nema brýna nauðsyn bæri til. En saga frumvarpsins um menningarminjar, sannarlega eins af minnstu og saklausustu kimum gangverksins, sýnir að hvorki sátt né skilvirkni eru efst í huga þeirra sem um það véla.

Frumvarpið, sem varð til í launhelgum menntamálaráðuneytisins án þess að við sem vinnum með íslenskar menningarminjar hefðum af því mikinn pata, var fyrst lagt fram á síðasta þingi. Fjölmargir aðilar sendu inn á annað hundrað athugasemdir, mjög margar um sömu atriðin með tillögur í sama dúr. Frumvarpið dagaði uppi í menntamálanefnd en var lagt fram aftur á yfirstandandi þingi efnislega óbreytt. Það kom okkur sem höfðum sent inn athugasemdir á óvart að ráðherra skyldi ekki nýta sér að neinu leyti þær fjölmörgu athugasemdir sem bárust, sérstaklega af því að þær vörðuðu flestar tæknileg og fagleg mál fremur en stefnu eða stjórnskipulag.

Við ákváðum því að breyta um aðferð og úr varð sameiginleg umsögn beggja fagfélaga fornleifafræðinga, Fornleifaverndar ríkisins, Húsafriðunarnefndar, íslensku ICOMOS nefndarinnar og námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Þessi félög og stofnanir, sem endurspegla svo gott sem alla sem vinna að þessum málaflokki á Íslandi, komust að sameiginlegri niðurstöðu um tillögur að víðtækum breytingum á frumvarpinu. 16 aðrar umsagnir bárust með athugasemdum sem, eins og í fyrra skiptið, hníga að stórum hluta að sömu atriðum með áþekkum tillögum til úrbóta.

Það er skemmst frá því að segja að allsherjar- og menntamálanefnd tók ekki mark á einni einustu athugasemd. Í tillögu nefndarinnar eru aðeins orðalagsbreytingar sem litlu muna. Ég átti ekki von á að allar okkar góðu hugmyndir hlytu hljómgrunn, en ég hafði hins vegar ekki hugmyndaflug til sjá fyrir hvernig væri hægt að hunsa fullkomlega og algerlega allt sem allt fagfólk á þessu sviði hafði um málið að segja, alla þeirra reynslu og þekkingu og allar þeirra góðu ábendingar og hugmyndir.

Ég skil það ekki enn og ég skil ekki heldur tilganginn, því þetta er sama fólkið og á að starfa eftir þessum lögum og vinna málefninu brautargengi. Hvaða tilgangi það þjónar að sýna því slíka fyrirlitningu, ofan á að ætla að samþykkja meingallað frumvarp sem getur ekki leitt til annars en vandræða og úlfúðar, er ofar mínum skilningi.

Þetta er hins vegar auðvelt að laga. Í þessu máli er lítill efnislegur ágreiningur og ekkert sem ekki er hægt að ná samstöðu um ef fólk nennir að tala saman. Ég hvet Alþingi til að vísa frumvarpi til laga um menningarminjar aftur til nefndar og nefndina til að reyna í alvöru að búa til lagatexta sem hægt verður að vinna eftir og eflir þennan málaflokk fremur en að draga úr honum mátt.

# Enn um Landspítalann

Nýr Landspítali

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Ég á ekki í deilum við nokkurn mann um Landsspítala/háskólasjúkrahús – og ætla mér það ekki. Ég hef bara spurt nokkurra spurninga – en fátt verið um svör. Í grein Jóhannesar Gunnarssonar er miklu rými varið í að vitna í meira en tveggja áratuga gömul ummæli mín – en svör engin gefin. Í síðari grein sinni vísar hann spurningu einfaldlega frá sér. Í greinum Ólafs Baldurssonar og Kristjáns Erlendssonar er álíka miklu rými varið í að ræða gæði íslenska heilbrigðiskerfisins og Lsp. Ég spurði ekki um það. Það veit ég. Þessi viðbrögð eru hins vegar dæmigerð um viðbrögð Íslendinga þegar þeir eru beðnir um að ræða kjarna máls. Málum drepið á dreif.

## Af hverju spurt?

Af hverju er spurt? Um margra ára skeið hafa ekki verið til fjármunir til nauðsynlegs viðhalds á byggingum Lsp. Sumir hlutar þeirra halda hvorki vatni né vindi. Dýr en bráðnauðsynlegur tækjabúnaður er kominn langt fram yfir áformaðan endingartíma – en hvorki hægt að endurnýja né kaupa nýtt. Starfsfólki hefur stórum fækkað vegna fjárskorts, yfirvinna bönnuð og dregið hefur stórlega úr þjónustu með tímabundnum og varanlegum lokunum – nú síðast á Grensásdeild. Forstjóri Lsp segir sjálfur að grunnþjónustu spítalans sé í hættu stefnt. Þegar svo er ástatt um fjárhag þjóðarinnar er tilkynnt að til standi miklar byggingaframkvæmdir við nýjan spítala sem allt eigi að fjármagna með lánum! Núverandi stjórnunarkynslóð ætlar að byggja. Komandi stjórnunarkynslóðir eiga að borga!

Er ekki hverjum og einum sanngjörnum manni ljóst, að við þessar aðstæður hljóta að vakna spurningar um hvað vera eigi í kassanum. Yfir hvað er verið að byggja?

## Vita en vilja ekki svara

Læknarnir þrír vita nákvæmlega hve mikils fjár er vant til þess að hægt sé að sinna í hinni nýju byggingu með fullnægjandi hætti þeirri þjónustu, sem Lsp berst við að viðhalda í dag. Hvað þarf til þess af nýjum tækjum og búnaði, hvað um þann mannskap, sem spítalinn hefur misst vegna fjárskorts en þarf á að halda og hve mikið rekstrarfé vantar sem ekki hefur fengist í dag? Er það trúverðugt að til standi að búa hið nýja húsnæði sömu úr sér gengnu tækjum og Lsp þarf að sætta sig við og að mannskapurinn verði áfram jafn takmarkaður, vinnuálagið illbærilegt og öll yfirvinna bönnuð?

> Forstjóri Lsp segir sjálfur að grunnþjónustu spítalans sé í hættu stefnt. Þegar svo er ástatt um fjárhag þjóðarinnar er tilkynnt að til standi miklar byggingaframkvæmdir við nýjan spítala sem allt eigi að fjármagna með lánum!

Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 2007 segir, að Lsp/háskólasjúkrahús eigi að sinna því sem næst öllum sérgreinum í læknis- og hjúkrunarfræðum sem spítalinn gerir ekki í dag eins og þeir Ólafur og Kristján benda réttilega á. Læknarnir þrír hljóta að vita hvort í byggingaáformunum sé ráðgert að bæta fleiri sérgreinum læknisfræði við verksvið Lsp og þá hvað þarf til þess af viðbótarbúnaði og viðbótarmannskap og hvaða viðbót í rekstrarfjárframlögum.

Í sömu lögum segir að Lsp/háskólasjúkrahús eigi svo að sjá fyrir þörfum um menntun sérfræðinga, í sem flestum greinum læknis- og hjúkrunarfræða, en sú menntun er nú sótt til útlanda, kostuð af erlendum þjóðum og veitt á háskólaspítulum milljónaþjóða þar sem nægilega mörg flókin og erfið úrlausnarefni bjóðast til þess að unnt sé að þjálfa sérfræðinga til þess að fást við flóknustu viðfangsefni sinnar sérgreinar. Slíka aðstöðu býður Lsp ekki. Læknarnir þrír hljóta hins vegar að vita hvort þrátt fyrir það sé ætlunin að hefja þar sérfræðinám í einhverjum og þá í hvaða nýjum sérgreinum læknisfræði eins og kveðið er á um í lögunum frá 2007. Hvað þurfi til þess og hvað það kosti.

## Vísar frá sér

Öllum hlýtur að vera ljóst, að í jafn viðamiklum áformum og felast í byggingu nýs Landspítala hljóta að felast áform um breytingu og uppstokkun á sjúkrahúsaþjónustu á Íslandi. Spítalanum hlýtur að vera ætlað að sjá um a.m.k. flestar þær aðgerðir, sem nú eru stundaðar á öðrum sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Jóhannes Gunnarsson vísar hins vegar þessari spurningu frá sér. Vill að ráðuneytið svari. Hvers vegna? En gott og vel. Þá væntanlega svarar það – mér og Jóhannesi. Er nokkur áhætta fólgin í því að opna umræðu um málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna?

Þetta eru spurningarnar, sem ég hef spurt en ekki fengið svar við. Jóhannes hefur boðið mér að koma á fund þeirra Lsp-manna. Ég þakka gott boð. Vænti þá þess að fá svörin við spurningum mínum þar – en ekki frásagnir um eitthvað allt annað.

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is

Hin tíu ára bandaríska leikkona Chloe Lang elskar að leika sér í boltaíþróttum, syngja og dansa. Hún smellpassar því í sitt nýja hlutverk sem Solla stirða í sjónvarpsþáttunum um Latabæ.






Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins



RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI
Við Fellsmúla - Reykjavík
3196 3995 BORVÉL 500W
2396 2995 HLEÐSLUBORVÉL 12V
2396 2995 HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
5596 6995 HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
5596 6995 HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
7189 8995 HÖGGBOR/BROTVÉL 620W
6876 8595 BELTASLÍPIVÉL 900W
3596 4495 BÓNVÉL
2396 2995 SLÍPIMÚS
TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFÆRUM
20%
afsláttur
15.996 19.995 HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
2396 2995 JUÐARI
7676 9595 RYK- OG VATNSSUGA
3196 3995 JUÐARI 150W
6396 7995 FLÍSASÖG
4796 5995 HJÓLSÖG 1400W
3196 3995 SMERGEL
KINSTORM
15.992 19.990 BENSÍNRAFSTÖÐ 800W
2 STÆRÐIR
Verð frá:
31.920 39.900 ALHLIÐASÖG - VELTISÖG
21.570 26.900 BÚTSÖG 1300W
13.596 16.995 BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16

## Vatnskristallar




**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

**vatnskristallar** geyma í sér raka fyrir rætur plantnanna. Blandið 1-2 tsk út í vatn og hrærið og blandið út í moldina við gróðursetningu.




**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

**Sumarblóm þurfa áburð**
Stráið smávegis af blákorni yfir moldina eftir útplöntun eða vökvið með blómaáburði blönduðum í vatn þrisvar í viku eftir útplöntun.



Tilboð

**4 matjurtir saman**
**395kr**



**Við verðum á staðnum með góðu ráðin!**



**stjúpur | flauelisblóm | fjólur**
**daggarbrá | silfurkambur | skrautnál**

Tilboð

**10 sumarblóm í bakka**
**995kr**

# Velkomin í sum

# TAX FREE

# AFSLÁTTUR

föstudag, laugardag, sunnudag

Garðheimar standa að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs



**TAX FREE**
**AF ÖLLUM SLÁTTUVÉLUM**

15% afsláttur
Gæludýrafóður

ROYAL CANIN



30% afsláttur
Öll garðhúsgögn




Tilboð
20 sumarblóm að eigin vali
2.480kr
1. flokkur
Tilboð
Snædrífa
995kr
Tilboð
Geislasópur
20% afsláttur
Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð
Tilboð
4 sumarblóm í bakka
nellikka og petunia 1.780kr
Tilboð
4 sumarblóm í bakka
margaríta og sólboði 2.250kr
arblómaúrvalið
á útisvæðinu okkar
TAX FREE
AF ÖLLUM VÖKVUNARVÖRUM
TAX FREE
AF ÖLLUM GARÐÁHÖLDUM
Ís
50kr
Pottar og ker
20% afsláttur
GARÐHEIMAR
ÍSLENSKA
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKIÐ
Opið til
21:00
öll kvöld

# Hjólhýsin í miðborginni

Skipulagsmál



Ólafur Rastrick
doktor í sagnfræði

Við Íslendingar erum dálítið blankir af efnislegum minjum um liðna tíma. Við eigum til dæmis heldur lítið úrval af byggingum frá liðnum öldum í stíl við þau glæstu stórhýsi sem fyrirfinnast í útlendum stórborgum. Í gegnum tíðina hefur mörgum Íslendingum þótt þetta heldur bagalegt og byggingararfleifðin þótt t.d. í harla litlu samræmi við frægan bókmenntaarf sem útlendingum hefur lengi þótt dálítið varið í.

Á síðustu áratugum hefur aftur á móti verið að renna upp fyrir Íslendingum að kannski séu einhver verðmæti eftir allt saman í þeim eldri byggingum sem þó eru til staðar á landinu. Víða um land er að finna dálítið samsafn af eldri timburhúsum sem gjarnan mynda hjarta helstu þéttbýlisstaða. Þetta á ekki síst við um Reykjavík en bárujárnsklædd timburhúsabyggð miðborgarinnar gerir hana dálítið sérstæða í samanburði við höfuðstaði annarra landa. Og þótt þessi hús séu fæst nema rúmlega aldargömul eru þau líklega einn nærtækasti efnislegi tengiliður núlifandi kynslóða við fortíð þjóðarinnar. Íslendingar hafa þannig verið að uppgötva þessar sérstæðu byggingar sem íslenska byggingaarfleifð. Við höfum í vaxandi mæli lært að meta þessi hús ekki síst sem mikilvægasta sjónræna einkenni miðborgar Reykjavíkur og sem efnislegan tengilið samtíðarinnar við sögu og menningu liðinna kynslóða.

Til skamms tíma voru þessi gömlu hús ýmist rifin eða flutt á Árbæjarsafn ef þau reyndust í vegi duglegra athafnamanna sem reisa vildu stærri hús eða öðruvísi í miðborginni. Nú er í tísku að flytja þau til innan miðborgarinnar, kippa þeim af sökkli sínum og koma þeim fyrir á nýjum stað í nýju samhengi – kannski með öðrum gömlum húsum sem líka hafa verið færð til. Þetta þykir sumum fagurkerum hið mesta þing. Núna er hægt að skapa heillegar götumyndir lítilla sætra timburhúsa sem svo má færa til síðar ef einhver dugnaðarforkurinn skyldi nú þurfa að koma sér upp dálítið reisulegu hóteli á staðnum.

Nú stendur til að byggja eitt gott hótel við Ingólfstorg í hjarta Reykjavíkur. Til þess þarf að rífa eitt bakhús sem hefur það helst sér til ágætis að vera helsti vettvangur lifandi dægurtónlistar í bænum. Önnur gömul hús sem standa í vegi nýbyggingarinnar þarf að flytja til. Gott ef það var ekki einn sómamaðurinn á Alþingi sem stakk upp á því að draga þau út á torgið, líklega svo að þau fengju almennilega notið sín og hótelhaldarinn gæti byggt sitt hótel. Í þessum tilfæringum virðist lítið hugað að gildi þess að húsin standi á þeim stað þar sem þau voru reist. Svo virðist sem fyrst og fremst sé litið á húsin sem skrautmuni sem skjóta má hjólum undir og endurraða eftir því sem smekkur og hentugleikar hvers tíma blása mönnum í brjóst.Með því að hjólhýsavæða miðborgina með þessum hætti er svæðið vissulega á leiðinni með að verða dálítið dýnamískt; byggingarnar eru færðar til eins og leikmunir og leikmyndinni má svo skipta út milli sýninga. En ef þessi hús eru bara leikmynd – snotur dúkkuhús á hjólum til að sýna sjálfum okkur og gestum borgarinnar hversu krúttleg miðborgin er – væri þá ekki hagkvæmara að byggja frekar ný hugguleg smáhýsi heldur en að vera þvælast um með þetta gamla dót? Með því að færa gömul hús til og frá eru nefnilega allar líkur á að hið sögulega samhengi þeirra rofni. Þeim er kippt úr samhengi sínu og sett í eitthvað annað. Við það breytist merking þeirra og gildi fyrir þá sem til þeirra þekkja, vilja um þau fræðast eða þykir einfaldlega vænt um þau. Með tíð og tíma öðlast þau auðvitað nýja merkingu og nýtt samhengi á nýjum stað en sem efnislegt fyrirbæri fyrir einstaklinga og samfélag til að rækta skilning sinn og tengsl við áratugina frá því í kringum aldamótin 1900 hefur tilfærslan rýrt gildi húsanna verulega.

Það má að minnsta kosti velta því fyrir sér hvort það hafi ekki talsvert og sjálfstætt gildi að gamlar byggingar eins og Vallarstræti 4 (Hótel Vík, rautt hús) og Aðalstræti 7 (Brynjólfsbúð, gult hús) sem standa við Ingólfstorg fái að vera áfram á sínum stað sem áþreifanlegur og rótgróinn vitnisburður um gömlu Reykjavík sem gæðir miðborgina sögulegri vídd? Með því að halda í húsin á sínum stað er líklegt að sú skírskotun til fortíðar sem þau fela í sér reynist mun traustari en annars. Í stað þess að vera til vitnis um hentistefnu ársins 2012 byggist skírskotunin á þeim grunni sem húsin voru upphaflega reist á. Með því að búa vel að þeim á sínum stað verður sambandið við liðna tíð sem sjálfsmynd borgarinnar hlýtur að byggjast á mun trúverðugari en ella – bæði gagnvart okkur sjálfum sem hér búum og gagnvart þeim ferðamönnum sem hingað rekast. Ætli séu ekki einhver verðmæti í því?

ÞAÐ KEMUR ALLTAF NÝR DAGUR
Fyrsta skáldsaga Unnar Birnu Karlsdóttur, sagnfræðings




Eftir kaflaskil í lífi sínu snýr Ása heim frá New York, á eyðibýlið sem einu sinni var æskuheimili hennar.

Í yfirgefnu húsinu ráða draugar liðinnar tíðar ríkjum og sleppa henni ekki lausri fyrr en hún hefur gert upp við fortíðina.

TILBOÐ KRÓNUR
2.299
Fullt verð 2.999 kr.
Gildir til 30. júní nk.

Gestir útgáfuhátíðinnar mættu ósofnir til vinnu næsta dag!
Þetta er bók sem maður leggur ekki frá sér.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Ekki þannig forseta

Forsetaembættið



Haukur Sigurðsson
sagnfræðingur

Nú færist hiti í kosningabaráttu forsetaefna eftir sprengjuviðtal við Ólaf Ragnar Grímsson þann 13. maí. Hann hjó á báðar hendur og boðaði að hann yrði í stjórnarandstöðu, öllum óháður nema sjálfum sér og er áfram tilbúinn að leika sér með Ólaf Ragnar Grímsson á hvern þann veg sem honum líkar best hverju sinni. Hann hefur uppgötvað að forsetinn er sveigjanlegur og yfirlýsingar breytilegar eftir aðstæðum.

Mesta nýjungin í viðtalinu er að frumvarp um fiskveiðistjórnun sé vel fallið til að leggja í dóm þjóðarinnar. Áður hefur hann lýst því yfir að hann tjái sig ekki um hvaða mál eigi erindi þangað fyrr en þau séu orðin að lögum. En nú er kosningaskjálftinn búinn að taka völdin og frumvörpin búin að taka hlutverk laga og forsetinn þá á leið til að hrifsa stjórnartaumana í sínar hendur. Hann vill ná þessu máli úr höndum ríkisstjórnarinnar. Fá mál munu verr til þess fallin að leggja í dóm þjóðarinnar. Til þess er málið alltof víðfeðmt og margþætt. Það yrði að hluta það niður í marga hluta til atkvæðagreiðslu og svörin yrðu í óreiðu, einn vill þetta en er andvígur öðru, og erfitt að meta hvort viðkomandi er hlynntur eða andvígur málinu í heild. Hugsanlegt væri að greiða atkvæði um veiðigjaldið.

Hvað þýðir það ef forseti seilist til frumvarpa með þessum hætti sem gefið hefur verið í skyn? Taki forseti sér heimild til slíks hlýtur hann um leið að ómerkja hina frægu 26. gr. stjórnarskrár sem heimilar honum að beita synjunarvaldi gegn lögum. Hvar er hann þá staddur?

Hin óljósu ákvæði um embættið færa forseta rými til athafna og þá velur hann það sem honum hentar hverju sinni. En taki hann sér vald sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnskipun er ábyrgð hans þung og framganga verður að vera í samræmi við þessa ábyrgð. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram að setja eigi embættinu siðareglur og forsætisráðherra hefur ítrekað það við hann. Að vísu er undarlegt ef hann á að setja embættinu slíkar reglur, en hann verður að vera því og þeim samþykkur. Þessu harðneitar forseti. Hvers vegna? Þær myndu takmarka það vald- og verksvið sem hann vill hafa. Hann myndi treglega geta unnið gegn ríkisstjórn með þeim hætti sem hann hefur gert, varla að hann gæti haft sína einkastefnu í utanríkismálum. Hann vill siðareglur sem honum henta hverju sinni og þá best að þær séu aðeins í huga hans sjálfs.

Og nú er ekki lengur látið í veðri vaka að forseti ætli aðeins að vera tvö næstu ár í embætti eins og fram kom þegar hann tilkynnti um framboð sitt. Síðar þennan sama sprengjudag sagði hann við blaðamann að hann hefði aldrei sagt þetta. Það hentar ekki lengur og finnst nú líklega mörgum að forsetinn eigi að vera maður til að standa við orð sín.

Hvernig getur þetta, sem nú hefur verið sagt, verið fólki til íhugunar við val á forseta í kosningum þann 30. júní?

Fólk ætti ekki að velja sér forseta sem er tilbúinn að vinna gegn stjórnvöldum hverju sinni í hvaða máli sem er. Ekki velja sér forseta sem hafnar öllum siðareglum um embættið nema þeim sem honum dettur í hug. Ekki kjósa sér forseta sem hliðrar til sannleikanum eftir hentugleikum hverju sinni.

Ganga fram hjá frambjóðanda sem stendur ekki við orð sín. Fólk á að velja sér heiðarlegan mann í þetta embætti.

# Guðlaugur Gauti leiðréttur

Nýr Landspítali



Ingólfur Þórisson
framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítala

Guðlaugur Gauti Jónsson arkitekt skrifar grein í Fréttablaðið fimmtudaginn 31. maí um nýjan Landspítala. Það er ekki mitt að finna að stílbrögðum annarra. Ég tel þó nauðsynlegt að leiðrétta Guðlaug Gauta því hann gefur sér rangar forsendur og dregur af þeim stóryrtar fullyrðingar.

Guðlaugi Gauta er tíðrætt um aukna umferð og áhrif af henni á umhverfið. Nú er það svo að bygging nýs Landspítala felur aðallega í sér að flytja starfsemi Landspítala úr Fossvogi og sameina hana annarri starfsemi Landspítala við Hringbraut. Áhrif af þessum flutningi á umferð eru hverfandi, en þetta hefur komið skýrt fram í rannsóknum á umferð og ferðavenjum starfsfólks. Sem dæmi mun umferð um Miklubraut vestan Lönguhlíðar aukast um 2,8% á sólarhring og um 2,1% um Bústaðaveg vestan Lönguhlíðar. Sú staðreynd að starfsmenn spítalans eru fyrr á ferð til vinnu en flestir aðrir borgarbúar hefur í för með sér að áhrifin eru enn minni en ella. Þá eru komur sjúklinga og gesta á Landspítala dreifðar yfir daginn og falla minnst á annatíma í umferðinni.

Landspítali liggur vel við almenningssamgöngum, en sjö strætisvagnaleiðir fara hjá lóðinni. Þá er gott göngu- og hjólastígakerfi að lóðinni. Um helmingur starfsmanna býr þannig að hann getur hjólað eða gengið á 14 mínútum eða skemmri tíma til vinnu.

Guðlaugur Gauti fellur í þá gryfju að taka trúanlega vitleysu sem hann hefur séð á bloggi á netinu. Hann fer að bera saman Smáralind við spítalabyggingar. Það eru ekki fagleg vinnubrögð. Bera verður saman álíka byggingar, enda er verslunarmiðstöð allt öðruvísi bygging en spítali. Staðreyndin er að sú framkvæmd sem á að fara að bjóða út núna er um 75.000 m2 sjúkrahúsbygging og nota á áfram 53.000 m2 af eldri byggingum. Byggingarmagn á lóðinni verður áþekkt því sem menn þekkja vel úr miðbæ Reykjavíkur og hæðir bygginga verða 4-6 hæðir sem sömuleiðis er algengt í miðbænum.

Guðlaugur Gauti er ekki hrifinn af staðarvalinu án þess að benda á annan stað. Vissulega er ekki hægt að ætlast til þess að allir séu sammála um hvar spítalinn skuli standa. Enda hefur staðarval hans verið rækilega ígrundað og rannsakað og niðurstaðan ávallt verið sú að Hringbraut sé langbesti kosturinn.

Nokkur rök vega þyngst varðandi uppbygginguna við Hringbraut:

- Hagkvæmasti kosturinn fjárhagslega – eldri byggingar nýttar áfram.
- Góð tenging við almenningssamgöngur.
- Hverfandi áhrif á umferð (2-4%).
- Nálægð við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans.

Guðlaugur Gauti telur upp aðferðafræði, svo sem hagkvæmnimat, sem ætti að nota við mat á byggingu nýs Landspítala. Hér hefði arkitektinn átt að kynna sér betur ítarlegan undirbúning verkefnisins áður en hann skrifaði greinina. Hagkvæmnimat hefur verið gert í tvígang af erlendum sérfræðingum. Allar þessar greiningar eru opinber gögn sem eru aðgengileg á heimasíðu verkefnisins www.nyrlandspitali.is.

# Gámasala á garðvörum






Borð 80x125cm **6.990,-**
Stólar kr. **1,390,-** hvítir
Vatnskanna **890,-**
Glös kr. **125,-** ýmsir litir
Græn plast salatskál **299,-**
Diskur m/hjálmi **790,-**



Vega stólar **2.990,-**
Borð samanbrjótanlegt með ál fótum 70x115cm **9.990,-** nokkrir litir.
Glös 6 stk **890,-**
Salatskál **465,-**
Diskur með hjálmi **790,-**
Nestisbox, oval **1.290,-**

Áburðardreifari 12 ltr **3.990,-**

Garðverkfæra hirsla 52x32x20 cm **1.390,-**

Öflugar hjólbörur 90 lítra **7.490,-**

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk **390,-**

Úðadæla 5L **2.525,-**

1/2" slanga 15 metra með byssu og tengjum **1.390,-**

Garðverkfærasett **430,-**

Laufhrífa **690,-**

Garðkarfa 65L **1,990,-**

Plastpottur ø26 cm H22 cm **330,-** Diskur **130,-**

Leirpottur ø18 cm H15 cm **120,-** Diskur **70,-** (stærðir 18-52 cm)

Leirpottur ø30 cm **295,-**

Malarhrífa verð frá **1.390,-**

Garðkanna 5 L **695,-**

Garðkanna 10 L **790,-**

Garðkarfa 25L **990,-**

CUBO Leirpottur 30x30 cm **1.590,-**

Plastpottur ø25 cm H20 cm **370,-** Diskur **120,-**

Leirpottur ø35cm H33 cm **890,-**




Leirpottur ø31cm H25 cm **1.250,-**



## GAS GRILL

4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp – hitamælir
Grillgrind er postulínshúðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulínshúðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og slanga fylgir.

**37.900,-**

Jarðvegspokar 60 L **1.090,-**

Grænmetisyfirbreiðsla **715,-**

Jarðvegsdúkur 10x1,2 m **1.290,-**

Strákústur 30cm breiður **695,-**

12 lítra fata **298,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



35 **JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON** söngvari á afmæli í dag.
*„Gott að ég er ekki pólitískt tengdur. Ég get leyft mér að flytja hvert sem er.“*



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, ömmu, langömmu og tengdamóður,

**JÓHÖNNU SIGRÚNAR INGÓLFSDÓTTUR**

**Þórunn Friðriksdóttir**
**Zophónías Hróar Björgvinsson** **Madi Björgvinsson**
**Svali H. Björgvinsson** **Inga Sigrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar elskulega,

**SVEINFRÍÐUR H. SVEINSDÓTTIR**
**Reykjahlíð,**

verður jarðsungin frá Skálholtskirkju laugardaginn 2. júní kl 14.

**Sveinn Ingvarsson** **Katrín Andrésdóttir**
**Magnús Gunnarsson**
**Steinunn Ingvarsdóttir** **Ólafur Hjaltason**
**Erna Ingvarsdóttir** **Þorsteinn Hjartarson**
**og fjölskyldur**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KAREN VILBERGSDÓTTIR**
**Grænumörk 5,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 22. maí. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 2. júní kl. 14.00.

**Pétur H. R. Sigurðsson** **Guðrún Gunnarsdóttir**
**Vilbergur Prebensson** **Margrét St. Kristinsdóttir**
**Ólafur Prebensson** **Anna Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN ÓLAFSSON**
**Rennismiður,**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði, miðvikudaginn 30. maí. Útförin verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 5. júní kl.15.

**Borghildur Þorláksdóttir**
**María Sveinbjörnsdóttir** **Steen Jörgensen**
**Trausti Sveinbjörnsson** **Ingveldur Einarsdóttir**
**Margrét Ólöf Sveinbjörnsdóttir** **Þórir Steingrímsson**
**Ásta Sveinbjörnsdóttir**
**Ólöf Þóra Sveinbjörnsdóttir**
**Erla Sveinbjörnsdóttir** **Grétar Páll Stefánsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**HAUKUR RICHARDSSON**

andaðist þann 24. maí 2012 í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 1. júní 2012 kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið.

**Sandra Hauksdóttir** **Magnús Ólafsson**
**Saga, Dagur og Mirra**
**Tinna Gallagher** **David Gallagher**
**Richard Haukur Ólsen Felixsson** **Erna Petrea Þórarinsdóttir**
**systkini, makar og börn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, laugardag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í laugardagsblað færist því fram til kl. 13.30.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**STEINUNN OG HAFDÍS FINNBOGADÆTUR** Systurnar voru í óða önn að undirbúa opnun Stúkuhússins á Patreksfirði þegar Fréttablaðið átti leið hjá. MYND/BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

PATREKSFJÖRÐUR: STÚKUHÚSIÐ VERÐUR KAFFIHÚS

## Opnar kaffihús á æskuheimilinu

„Við fengum húsið síðastliðið haust og höfum unnið að endurbótum þess í öllum lausum stundum síðan,“ segir Steinunn Finnbogadóttir sem í dag opnar, ásamt manni sínum Frey Héðinssyni, kaffihús á Patreksfirði. Kaffihúsið er í húsi sem heimamenn þekkja undir nafninu Stúkuhúsið, vegna þess að Stórstúka Íslands reisti húsið 1925. „Okkur fannst eðlilegast að halda nafninu, kaffihúsið mun því heita Stúkuhúsið,“ segir Steinunn sem fékk þá flugu í höfuðið að gerast kaffihúsaeigandi eftir að hafa starfað sem kennari um árabil. „Þetta verður bara skemmtilegt og væntanlega mikil vinna, ég stend hér vaktina ásamt tveimur starfskröftum. Við ætlum að hafa opið frá ellefu að morgni og til ellefu á kvöldin alla daga vikunnar í sumar og svo ætlum við líka að hafa opið á veturna, þó opnunartíminn eigi eftir að koma betur í ljós.“



**STÚKUHÚSIÐ** Hefur gegnt mörgum hlutverkum á Patreksfirði og verður kaffihús frá og með deginum í dag.

Stúkuhúsið hafði staðið autt í fimm ár áður en Steinunn tók við því og það var illa farið. „Við höfum endurnýjað allt en leituðumst við að hafa upprunalegt útlit að leiðarljósi.“ Margvísleg starfsemi hefur verið rekin í Stúkuhúsinu í gegnum tíðina, það var samkomuhús Patreksfirðinga fram á fjórða áratuginn, þar var verbúð á níunda áratugnum og svo var búið í því um árabil eins og Steinunn þekkir af eigin raun.

„Foreldrar mínir bjuggu hér með sex börn og á sama tíma voru afi og amma líka hér. Sjálf á ég bara óljósar æskuminningar, en foreldrar mínir fluttu þegar ég var þriggja ára gömul. En þess má geta að tvær systur mínar eru fæddar í húsinu,“ segir Steinunn. Önnur þeirra, Hafdís, var einmitt stödd á Patreksfirði þegar Fréttablaðið átti þar leið um. „Ég er fædd í eldhúsinu,“ segir Hafdís og bendir í átt að eldhúsinu sem sett hefur verið upp með nýjustu græjum. „Það var reyndar svefnherbergi þá,“ bætir hún við.

Hafdís býr í dag í Reykjavík en var komin til að hjálpa við lokaundirbúning kaffihússins. „Þetta eru mörg handtök,“ viðurkennir Steinunn. „En stórskemmtilegt. Og það verður líf og fjör í bænum um helgina, sjómannadagurinn er stórhátíð á Patreksfirði.“

Þess má geta að Stúkuhúsið stendur við Aðalstræti 50. Kaffihúsið er komið með Facebook-síðu sem vakið hefur athygli gamalla íbúa. „Við fengum póst frá áströlskum konum sem voru í fiski hér á níunda áratugnum og bjuggu í húsinu, það er aldrei að vita nema þær kíki í heimsókn við tækifæri.“

**sigridur@frettabladid.is**

## Elskar svöl íslensk sumur

„Ég kem úr stórborg í Kína en finnst fínt að vera í svona litlu samfélagi eins og Íslandi. Veðrið á líka betur við mig hér. Í Kína er steikjandi hiti núna. Ég elska svöl sumur eins og á Íslandi,“ segir hin kínverska Jia Chen. Hún hefur dvalið hér á landi í fjögur og hálft ár og náð ótrúlegri færni í íslensku máli. Jia lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti síðasta föstudag og nú nýtir hún dagana vel til undirbúnings inntökuprófs í læknadeild Háskóla Íslands. „Ég fór á háskólakynningu í fyrra og skoðaði allt sem var í boði, meðal annars líffræði og læknisfræði og þá fékk ég hugmyndina um að þreyta þetta próf,“ útskýrir hún og bætir við brosandi „Mér finnst alltaf skemmtilegt að fara í próf.“

Jen hafði varla stigið niður fæti á Íslandi þegar hún var komin í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Á fyrstu önninni kveðst hún bara hafa verið að læra íslensku og smávegis í stærðfræði. „Efnafræði er mitt besta fag og mér finnst líka gaman að íslenskunni. Hún er erfitt en skemmtilegt tungumál.“

Frá Selfossi lá leið Jia Chen til Reykjavíkur. Þar settist hún á skólabekk í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og kveðst hafa náð mestum framförum þar, enda um mikla stuðningskennslu að ræða í skólanum. „Í FB er innflytjendabraut fyrir útlendinga fyrstu tvö árin en ég fór samt strax inn á náttúrufræðibraut, tók íslensku sem annað mál og fékk góðan stuðning í ýmsum greinum. Svo eru líka mentorar í FB, sem er jafningjastuðningur. Þannig fékk ég hjálp hjá íslenskum nemendum og talaði við þá í frímínútum og ég hjálpaði svo yngri Kínverjum og spjallaði við þá.“

En hvað gerir Jia Chen á sumrin þegar enginn skóli er? „Þá er ég að vinna, ég var á Hótel Natura í fyrrasumar og er búin að sækja um á nokkrum stöðum fyrir sumarið í ár og vona að ég fái jákvætt svar frá einhverjum þeirra.“

**gun@frettabladid.is**



**NÝSTÚDENT** Jia Chen er dugleg við að ryðja hindrunum úr vegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HEIMAGERÐUR ÍS Í SÓLINNI

**Það er auðvelt að búa til heimagerðan ís. Þeytið 6 eggjarauður, 1 bolla púðursykur og 1 tsk. vanilludropa vel saman. Þeytið 1/2 lítra af rjóma og blandið við. Ísinn má svo bragðbæta með súkkulaði. Frystið í álformi og njótið.**


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu
með nöfnum sínum
og brúðkaupsdegi ísaumuðum.





Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





**GÓMSÆTT Á GRILLIÐ** Rétturinn bráðnar í munni. Uppskriftin er hér að neðan.
MYND/RUTH ÁSGEIRSDÓTTIR

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Matreiðslumaðurinn og sjónvarpskokkurinn, Kristján Þór Hlöðversson, sem er með matreiðsluþáttinn Eldað með Holta á ÍNN, gefur kjúklingauppskriftir á forsíðu Fólks næstu föstudaga.*



Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson er með þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN þar sem hann matreiðir skemmtilega og litríka rétti úr Holta kjúklingum frá Reykjagarði. Næstu föstudaga mun hann bæta um betur með girnilegum kjúklingaréttum á forsíðu Fólks. Hér er hann með uppskrift að kryddlegnum kjúklingabringum, tilvöldum til að skella á grillið.

„Bringurnar eru látnar liggja í leginum í þrjá tíma og grillaðar ásamt chilli-paprikum, vorlauk og kartöflum sem skornar eru í skífur. Með öllu er svo heimagerð köld sósa."

Þættirnir eru á dagskrá ÍNN á föstudagskvöldum klukkan 21.30 og endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.

## KRYDDLEGNAR KJÚKLINGABRINGUR

### HRÁEFNI

4 Holta kjúklingabringur
3 bökunarkartöflur
3 chilli-paprikur
4 búnt vorlaukur
1/2 dl púðursykur
1/4 dl dijon-sinnep
1/4 dl sojasósa
1/4 dl olía

### KRYDDLÖGUR

Púðursykri, dijon-sinnepi, sojasósu og olíu blandað saman. Kjúklingabringurnar látnar liggja í leginum í sirka þrjá tíma.

### KÖLD SÓSA

150 ml 10% sýrður rjómi
1 geiri hvítlaukur - maukaður
1 búnt vorlaukur - smátt saxaður
2 tsk. sojasósa
3 tsk. hrásykur
nýmalaður pipar

### AÐFERÐ

Kjúklingurinn settur á grillið. Kartöflurnar, chilli-paprikan og vorlaukurinn eru pensluð með olíu og krydduð með salti og pipar. Borið fram með sósunni.

















**HENT Í SALAT** Það ætti ekki að taka meira en tuttugu mínútur að útbúa þetta salat.

# KJÚKLINGARÉTTUR ÆTTAÐUR FRÁ LONDON

**LJÚFMETI** *Einfaldleikinn er í fyrirrúmi hjá Soffíu Þórðardóttur þegar hún eldar virka daga vikunnar. Hún gefur uppskrift að gómsætu sumarsalati*

Soffía Þórðardóttir, hópstjóri veflausna hjá hugbúnaðarfyrirtækinu TM Software, hélt nýlega erindi á afmælisráðstefnu Nýherja. Þar fjallaði hún um snjallsíma og hvernig þeir eru farnir að breyta daglegri hegðun fólks. „Snjallsímarnir hafa breytt hegðun okkar á svo margvíslegan hátt. Þeir færa okkur netið í vasann og leysa fjölda verkefna sem ekki var hægt að leysa áður. Símarnir gera okkur að gangandi alfræðiorðabókum, innihalda mynda- og myndbandsvélar, GPS staðsetningartæki og bjóða upp á nýjar leiðir í samskiptum og verslun við fyrirtæki svo eitthvað sé nefnt."

Soffía segir snjallsímabyltinguna í raun hafa byrjað árið 2007 með tilkomu iPhone en þá fyrst varð snjallsíminn almenningseign. Þótt Íslendingar séu almennt nýjungargjarnir og hlutfall snjallsíma sé mjög hátt hérlendis hafa íslensk fyrirtæki að mati Soffíu verið sein að aðlaga sig breyttum kröfum neytenda. „Snjallsímaeign Íslendinga var um 43% árið 2010 en í dag mundi ég giska á að yfir helmingur GSM síma hérlendis séu snjallsímar." Hún segir mikilvægt fyrir fyrirtæki og stofnanir að fylgja þessari þróun þegar kemur að þjónustu við viðskiptavini sína. Liður í þeirri þróun sé gerð smáforrita (appa) sem geti þó að mati Soffíu verið ofmetin. „Fjöldi smáforrita sem eru sótt eru bara notuð einu sinni. Það er því afar mikilvægt að fyrirtæki hugi að því hvenær nota skuli þau og hvenær hægt sé að nýta vefinn til að veita sams konar þjónustu." Hún segir því mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir hafi í huga að smáforritin þurfi að skila einhverju raunverulegu virði fyrir neytendur og hjálpa þeim að framkvæma verkefni í daglegu lífi. „Mér finnst mörg fyrirtæki detta í þá gryfju að búa til smáforrit fyrir eitthvað sem er auðveldlega hægt að leysa án þeirra og það dugir skammt."

Soffía býður lesendum upp á sumarlegt kjúklingasalat með mangó og pappadums. „Þegar ég starfaði í vefbransanum í London árin 2001-2006 bjó ég oft til þennan rétt. Þetta er einfalt kjúklingasalat sem fljótlegt er að laga. Mér finnst ekki þurfa að taka meira en 20 mínútur að útbúa ljúffenga máltíð á virkum dögum og þetta ljúffenga sumarsalat tekur skamman tíma að útbúa. Hægt er að nota afganga eða kaupa allt hráefnið tilbúið."

■ starri@365.is



**UNDRATÆKI**
***„Snjallsímarnir hafa breytt hegðun okkar á svo margvíslegan hátt," segir Soffía Þórðardóttir hjá TM Software.***

## KJÚKLINGASALAT MEÐ MANGÓI OG PAPPADUMS

**AÐALRÉTTUR FYRIR HEPPILEGA FJÖLSKYLDUSTÆRÐ**

### ■ Fljótlegt og gott

**SALAT**

**Notið eins mikið af kjúklingi og þið viljið. Það er tilvalið að nota afgangskjöt frá deginum áður. Ég kaupi líka oft tilbúinn grillaðan kjúkling og nota kjötið af honum.**

**Salatblanda eins og hverjum finnst best**
**1 niðurskorið mangó**
**gul eða rauð paprika**
**svo má setja hvaða grænmeti sem er til viðbótar til dæmis agúrkur og baunaspírur**
**nokkur myntulauf rifin yfir salatið gera það bara betra.**

**PAPPADUMS:**

**Pappadums-kökur frá Patak's fást víða hérlendis tíu í pakka tilbúnar til eldunar. Stingið hverri köku í örbylgjuofn í 1 mínútu. Þá bólgna þær skemmtilega upp og verða stökkar og frábærar í salat. Ég sleppi því að pensla þær með olíu þrátt fyrir að leiðbeiningarnar á pakkanum leggi það til.**

**SÓSA:**

**sýrður rjómi 5%**
**1 tsk. mangó chutney (má sleppa).**
**Það er líka hægt að kaupa tilbúnar sósur, t.d. léttsósu með hvítlauk.**

**SAMSETNING:**

**Hægt að setja allt í stóra skál eða hreinlega beint á diska. Pappadums-kökurnar eru settar á botninn, annað hvort heilar eða brotnar í smærri bita. Næst er salati hrúgað ofan á og kjúklingi þar yfir. Á endanum er sósan sett út á og borðað með bestu lyst.**



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

1. JÚNÍ 2012

# Lífið

HVERNIG HUGSA ÞÆR UM HÚÐINA?

BAK VIÐ TJÖLDIN MEÐ MAGDALENU DUBIK

DAGUR Í LÍFI RITSTJÓRA



# SNOÐUÐ, SÆL OG SÁTT

HARPA EINARS FATAHÖNNUÐUR RÆÐIR SKÖPUNARKRAFTINN, FJÖLSKYLDUNA, ÁSTINA OG LISTINA.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjöldi fólks lagði leið sína í miðbæ Reykjavíkur yfir hvítasunnuhelgina í veðurblíðunni. Söngvarinn **Helgi Björnsson** og Vilborg Halldórsdóttir eiginkona hans, sem stjórna væntanlegum þáttum um Landsmót hestamanna sem sýndir verða á



Stöð 2 í sumar, voru sæl saman á veitingahúsinu Snafs. Þar var einnig söngkonan **Sigríður Thorlacius**. Bragi Valdimar Skúlason, oftar en ekki kenndur við hljómsveitina Baggalút, og Guðmund-



ur Kristinn Jónsson eða Kiddi í Hjálmum skemmtu sér á Kaffibarnum. Þá voru Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og sjónvarpskokkurinn **Hrefna Rósa** Sætran á veitingahúsinu Boston.





Lífið


UMSJÓN
Elly Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Kjóll Hörpu: Sævar Markús
Förðun Hörpu: Fríða María


# BAK VIÐ TJÖLDIN MEÐ MAGDALENU DUBIK



Deriva Jewels er fimm ára gamalt skartgripamerki frá Hollandi á hraðri uppleið. Hönnuðurinn Dana Smit ákvað að leita til Íslands fyrir næstu auglýsingaherferð sína og er óhætt að segja að hún hafi valið gott fólk til verka.

Fyrirsætan, fegurðardrottningin og fiðluleikarinn Magdalena Dubik var valin andlit herferðarinnar og segir hún þetta stærsta verkefnið sitt til þessa. „Þetta var alveg frábær reynsla og ótrúlega skemmtileg. Það var ánægjulegt að fá að vera partur af svona stóru verkefni og fá tækifæri til að vinna með svona miklu fagfólki."

Magdalena segir það mikinn heiður að hafa verið valin í verkefnið. „Það er líka skemmtileg tilfinning sem fylgir því að vita hve mikið myndirnar verða notaðar og útbreiddar en hárvörumerkið Balmain Hair mun einnig birta myndirnar og dreifa þeim til 62 landa ásamt því að þetta verður á heimasíðunni þeirra.

Arnold Björnsson ljósmyndari sá um að taka myndirnar og Iðunn Jónasardóttir förðunarmeistari sá um hár og förðun. „Dana var búin að ákveða að mynda í íslenskri náttúru og leitaði því uppi íslenska ljósmyndara á netinu og valdi mig eftir þá leit," segir Arnold einnig ánægður með verkefnið.

















Haukur Örn Birgisson hæstaréttarlögmaður, Emil Helgi Lárusson eigandi Serrano og kona hans Elín Auður Traustadóttir.



Einar Hugi Bjarnason hæstaréttarlögmaður, Hörður Harðarson, lánastjóri hjá ÍSB, og Páll Hólm Sigurðsson húsasmíðameistari.

# SUMARFAGNAÐUR Í TURNINUM

Fyrirtækið Inkasso flutti í ný húsakynni á 16. hæð í Turninum á Smáratorgi. Af því tilefni var viðskiptavinum og velunnurum boðið til sumarfagnaðar. Eins og sjá má var stemningin góð.

Sjá nánar á visir.is/lifid



Gleðin var við völd í opnuninni.



Sigríður Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Rizzo Pizza, Margrét Þorsteinsdóttir, deildarstjóri hjá Actavis, og Nína Margrét Rolfsdóttir.


WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
SUMARIÐ
í The Pier!
Stóri fjölskyldusófinn - nú í fleiri litum
Haag sófi grár
199.900.-
Hægri eða vinstri skemill
Sumartilboð
Borð og 2 stólar
tilboð 32.000.-
var: 65.880.-
Ný sending af flottum púðum
3 fyrir 2
MIkið úrval af púðum, sessum og dúkum
50%
af völdum sumarvörum
Polirattan legubekkur
99.900.-
Falleg polirattansett
þola að vera út í allt að -15° gráðum!
Eigum einnig til sófasett úr Polirattan.
Polirattan borð
34.900.-
Hrindir frá sér vatni!
Polirattan stóll
16.900.-
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## BLUE LAGOON KYNNIR:



**NÝR BLUE LAGOON ÞÖRUNGAMASKI**
Nærir, lyftir og veitir húðinni aukinn ljóma. Einstaklega áhrifaríkur náttúrulegur maski sem byggir á Blue Lagoon þörungum, og náttúrulegum efnum úr jurta- og plönturíkinu og er án parabena.


## DAGUR Í LÍFI HRUNDAR ÞÓRSDÓTTUR



**Ritstjóra tímaritsins Mannlíf**
**Fimmtudagur 24. maí 2012**

**7.30** Vekjaraklukkan hringir. Ég vakna syngjandi og dríf mig út að hlaupa áður en ég skelli í lummur og útbý hollt nesti fyrir daginn. Spaug. Morgnar eru ekki mín sterkasta hlið. Ég var samt vöknuð á undan klukkunni í þetta sinn enda ekki búin að venjast íslensku sumarbirtunni; var að koma heim úr nokkurra mánaða heimsreisu og bý hjá ættingjum fyrstu dagana … án myrkragardína!

**8.30** Við kærastinn, Óskar Páll Elfarsson ljósmyndari, mætum í Efstaleitið því ljúflingarnir í Morgunútvarpi Rásar tvö ætla að spjalla við okkur um ferðalagið góða. Blöðrum svo mikið að við náum bara að tala um tvær heimsálfur af þeim fimm sem við heimsóttum…

**9.15** Mæti í vinnuna á nýjan stað; á meðan ég var erlendis flutti Birtíngur, sem gefur út Mannlíf, af Lynghálsi á Lyngás. Frumlegt. Set í fimmta gír enda þarf næsta tölublað Mannlífs að komast í prentsmiðju í dag.

**12.00** Bölva morgunletinni og óska þess að ég hefði útbúið nesti. Skrepp í Hagkaup, salatbarinn er vinur minn!

**15.30** Samþykki síðustu blaðsíðurnar og sendi Mannlíf í prentun. Hlutirnir gerast hratt þessa dagana.

**18.00** Mæti á tilvonandi heimili mitt í Bólstaðarhlíðinni með fiðrildi í maganum og krota nafnið mitt á leigusamning. Brosi hringinn og sé fram á notalega sumardaga á Klambratúninu.

**19.00** Bretti upp ermar ásamt góðu fólki og klára að þrífa nýja heimilið. Við ætlum að flytja inn á morgun, enda þriggja daga helgi framundan.

**22.30** Hlamma mér í sófann hjá tengdó og horfi á Eurovision-undankeppni frá því fyrr um kvöldið. Ég tilheyri eldhressum vinahópi sem gerir mikið úr keppninni á hverju ári, svo það er eins gott að vera með á nótunum.

**01.00** Sofna áður en ég leggst á koddann…






# ÁNÆGÐIR TÓNLEIKA-GESTIR Á BRYAN FERRY



**Bryan Ferry,** einn farsælasti dægurtónlistarmaður samtímans, hélt tónleika ásamt hljómsveit í Hörpu síðastliðinn sunnudag. Tónleikarnir voru á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og mörkuðu þeir upphaf alþjóðlegra Nelson Mandela-daga á Íslandi, Nelson Mandela Days 2012, sem haldnir eru til heiðurs Mandela og hugsjónum hans. Mikið var um glæsilega gesti sem nutu tónleikanna sem þóttu heppnast afar vel.



› Sjá nánar á visir.is/lifid







Magnús Scheving og eiginkona hans Ragnheiður Melsted voru sumarleg og sæt á tónleikunum.












# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# ÁSTFANGIN AF ÁSTINNI OG LÍFINU

**Harpa Einars fatahönnuður og myndlistarkona er fjölskyldukona fram í fingurgóma. Hún ræðir um listina, framtíðina og hina djúpu ástríðu sína sem er að skapa.**

**HARPA EINARS**
**ALDUR:** 36 ára.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Einhleyp.
**BÖRN:** Hrafnhildur Sunna Eyþórsdóttir 12 ára og Aron Örn Eyþórsson 14 ára.
**ATVINNA:** Fatahönnuður, búningahönnuður og myndlistarkona.
**DRAUMASTARFIÐ:** Er í mínu draumastarfi.
**KOSTIR:** Smágerð, oft hentugt á ferðalögum.
**GALLAR:** Óskipulögð og á það til að vera frekar dramatísk.

**Hver er konan?** Ég er fæddur Borgnesingur, móðir mín heitir Hrafnhildur Waage og pabbi heitir Einar Karelsson. Ég og ólst þar upp í húsi sem pabbi minn byggði innst í víkinni sem blasir við á hægri hönd þegar þú keyrir yfir Borgarfjarðarbrúna. Þar voru endalaus ævintýri og mikil forréttindi að vera þar sem barn.

Þar var líka öll fjölskyldan, afi, pabbi og bræður mömmu smíðuðu sundlaug í klettunum hjá ömmu og afa og afi átti hrafn sem gæludýr, amma bakaði endalaust ofan í okkur og gerir enn. Maður hékk tímunum saman og hjó glópagull úr klettaveggjum eða safnaði marglyttum og marflóm. Pabbi var á kafi í hestamennsku svo mikið af tíma okkar systra fór í að dunda sér í hesthúsinu, þar voru margar góðar stundir.

Ég bjó svo með móður minni á Akranesi frá því ég var tólf til sextán ára gömul en þá fluttum við til Reykjavíkur.

**Hvað tekst þú á við þessa dagana þegar kemur að ástríðu þinni að hanna/skapa?** Það er kannski helst að geta ekki sinnt minni eigin hönnun og list bara. Maður þarf að vera með mörg járn í eldinum til að halda sér á floti og það bitnar oft á fjölskyldulífinu.

**Hvenær byrjaðir þú að skapa?** Ég byrjaði að skapa mjög ung, gerði mínar fyrstu tískuteikningar 10 ára og á þær enn. Á tímabili þegar ég var svona átta til níu þá var ég heltekin af brúðugerð og framleiddi hinar ýmsu persónur sem léku á alls oddi fyrir gesti og gangandi og það er eitthvað sem ég gæti alveg hugsað mér að gera aftur. Mér finnst strengjabrúður mjög heillandi listform. Svo ef kötturinn kom inn með dauðan fugl þá gerðum við systurnar svo ótrúlega metnaðarfullan hvílustað fyrir hann að það leit út fyrir að þar væri jarðaður mikill keisari í fjörunni, allt skreytt með skeljum, steinum og fjöðrum.

**Vissir þú alltaf hvert þú ætlaðir þér – í fatahönnun?** Já, ég held það hafi legið alveg í augum uppi frá unga aldri, þó fór ég ekki í Listaháskólann fyrr en 26 ára. Ég ætlaði reyndar alltaf í myndlist en hönnun og tíska voru mér alltaf hugleikin, enda held ég að ég hafi unnið í flestum tískuvöruverslunum á Laugaveginum sem unglingur og hélt meðal annars mína fyrstu myndlistarsýningu í Kaffi Sautján, þá átján ára gömul.

**Hefur ferðin verið erfið eða öllu heldur: Er erfitt að vera fatahönnuður á Íslandi?** Já, ég held það sé alveg óhætt að segja það, samt er ég bara búin að hafa gaman af þessu öllu saman, en fjárhagslega og framleiðslulega séð þá er það frekar erfitt. Ég hætti í nokkur ár, og ætlaði ekki aftur í þennan bransa, en svo varð ekki aftur snúið eftir Reykjavík Runway og ég fagna því að hafa byrjað aftur með meiri þroska, ákveðni og húmor.

**Hvert stefnir þú í framtíðinni?** Ég stefni á að ég og börnin mín getum haft það gott og lifað vel á minni sköpun. Ég er með allar dyr opnar og er spennt að sjá hvernig hlutirnir þróast. Mig langar að taka Zisku mikið lengra og er nú að skoða möguleikana með framhaldið. Reykjavík Runway er að framleiða síðustu línu og það er smá óvissa með framhaldið, en ég er mjög þakklát fyrir allt sem þau hafa gert fyrir mig og viðbrögðin sem ég hef fengið. Þetta er alveg frábært allt saman. Nú er ég að finna leið til að koma Ziska sumar 2013 af stað. Draumurinn er að Ziska verði að alhliða konsepti í hönnun og listum. Mig langar að gera tónlistarmyndbönd, skó- og fylgihlutalínu, húsgögn og margt fleira. Mig langar líka að þróa mig áfram í myndlistinni og er meðal annars að fara að taka þátt í eins konar „street art“ keppni í Berlín í haust, það verður mikið stuð. Svo var ég að fá góðan styrk frá Impru svo ég get farið til í NY í haust að kynna vorlínuna og stefni á að halda gott kynningarteiti þar með góðu fólki. Ég kýs að horfa ekki of langt áfram, en lífið getur tekið stakkaskiptum á einni nóttu, ég er bara rosalega bjartsýn og með tilhlökkun eins og lítill krakki fyrir framhaldinu. Ég er á góðum stað núna.

**Móðurhlutverkið samhliða óreglulegum vinnutarnatíma. Hvernig sinnir þú því og færðu samviskubit (eins og við hinar)?**











> **„Japanir skera hár sitt þegar þeir hafa lent í sorg og ætli þetta hafi ekki verið svipað móment hjá mér.**


Harpa Einarsdóttir þorir. Hún rakaði af sér allt hárið og er glæsileg að sjá.

## LÍFSSTÍLLINN

**HVERNIG HELDUR ÞÚ ÞÉR Í FORMI – LÍKAMLEGA OG ANDLEGA?** Hugleiði og stunda jóga, hjóla, svo er sund og fjallganga allra meina bót.

**UPPÁHALDSHÖNNUÐUR:** Jet Korine, Eygló, Ýr, og Sævar, margt spennandi að gerast í íslenskri hönnun, erlendu eru sennilega Ann Demeulemeester, Matthew Williamson, Manish Arora og Tsumori Chisato en það breytist annars og er mjög misjafnt eftir „seasons“.

**TÍMARIT:** Lifandi vísindi og POP

**TÓNLISTARMAÐUR:** Ég er alæta á tónlist og svo margt spennandi að gerast … En ég er mikið að fíla Nicholas Jar þessa dagana, Alexander Ebert, Burial, Friends og nýjasta uppáhaldslagið mitt er með Ayo – Life is real. En ég get haldið áfram að telja lengi, eins með íslensku tónlistina, rosalega margt spennandi að gerast þar, Snorri Helga og Bix held ég að muni ná langt á þessu ári, og mörg fleiri bönd. Ísland er algjör suðupottur í menningu og tónlist og tímabært að setja meira fjármagn í að styðja við okkur í þessum geira í ljósi þess að þar liggur hagnaðurinn bæði fyrir sálina og peningakassa ríkisins.



**UPPHAFSSÍÐA:** http://www.mysticmamma.com/

**VEITINGAHÚS:** Núna er það Sushi Samba, Snaps og pitsan á Boston, hún er sjúklega góð.



MYND/VALLI

Ekki svo mikið þessa dagana, er mikið að vinna heima og við börnin eigum margar góðar stundir saman, það er verra þegar maður er í svona akkorðsvinnu eins og maður dettur oft í, þá getur maður verið svolítið fjarlægur. Þó held ég að þau séu bara þakklát fyrir að eiga svona skrítna mömmu, því fylgir oft mikið stuð og frelsi á hinum ýmsu sviðum. Dóttir mín er til dæmis orðin algjör bakarameistari og fær mikinn stuðning til að sinna því áhugamáli. Sonur minn er mikill spekingur og hefur gaman af að ræða hin ýmsu heimsmál. Ég er mjög stolt móðir og hef engar áhyggjur af þessum snillingum. Ég held að ég þurfi ekki að anda ofan í hálsmálið þeirra öllum stundum. Nóg er af ást á þessu heimili - það vantar ekki.



Fallegar systur. Hér má sjá Hörpu áður en hún rakaði af sér hárið.

**Hverjir eru þínir áhrifavaldar sem leiddu þig leiðina sem þú hefur ákveðið að feta?** Mamma var nú mikið að dúllast við myndlist þegar ég var barn, og ég man alltaf eftir bók sem hún átti, svona mexíkósk indíánalist sem greip mig strax um 7 ára aldur, svo var endalaust verið að föndra og leira. Seinna varð ég heltekin af plötuumslögunum hans pabba, ég gat alveg sökkt mér ofan í þau tímunum saman.

Pabbi las líka alltaf upp úr þjóðsögum Árna Jónssonar fyrir okkur systurnar á kvöldin, það opnaði fyrir okkur nýjar víddir með alls kyns furðuverum og forynjum og hann leyfði okkur alltaf að nota ímyndunaraflið út í ystu æsar og spann hinar ýmsu sögur svo við systurnar trúðum alltaf á álfa og náttúruna, það gerði bernskuna enn ævintýralegri og er æska okkar sennilega stærsti áhrifavaldurinn í okkar listsköpun í dag. En systir mín er mjög hæfileikaríkur sögumaður og ljósmyndari.

Ég er líka mjög þakklát fyrir hvatninguna sem ég fékk frá Bjarna

Framhald á síðu 8

## ESTEÉ LAUDER KYNNIR:



### BB FRÁ ESTÉE LAUDER

BB kremið frá Estée Lauder inniheldur allt í einni túpu, raka, vörn og lýtalausa áferð. Það inniheldur öflugasta andoxunarkraft hingað til og gefur þér jafnan lit og heilbrigt útlit. SPF 35, olíulaus áferð. Kremið er til í 2 litum.





Það er nóg að gera hjá Hörpu í dag. Hún stefnir á að halda sýningu í sumar.
MYND/GÍGJA EINARS

## DAGUR Í LÍFI HÖRPU EINARS

**Það er oft misjafnt eftir því hvernig verkefnum ég er í. Maður missir svolítið rútínuna þegar maður vinnur hjá sjálfum sér, oft kemst ég í stuð á kvöldin og er þá kannski að vinna fram á nótt, það fer líka eftir hvort það er pabbavika eða ekki, en börnin skiptast á viku og viku hjá okkur.**

**09.00** Oftast er ég komin á lappir um klukkan níu. Ég er oft svolítið lengi í gang á morgnana, mér finnst gott að fá mér kaffi og kíkja í blöðin, svo svara ég tölvupóstum, byrja að vinna, reyni svo oftast að fara í Yoga Shala í hádeginu, ef ekki þá geri ég jóga hér heima, og góð sturta. Núna þá er ég að hanna nýja línu fyrir Moss by Harpa Einars sem kemur í búðir í haust, þá er ég að teikna í tölvunni mjög misjafnt hvað úthaldið er mikið.

**12.30** Seinni partinn finnst mér gott að rölta á vinnustofuna mína og gera eitthvað annað, hvort sem það er myndlist, sauma eða kjafta við mína yndislegu samleigjendur á Laugavegi 33, vinnustofu andans.

**17.00** Fer svo heim, tek stöðuna með systur minni úti á svölum, við sitjum þar oft og kryfjum hin ýmsu mál.

**19.00** Svo er stundum eldað eitthvað gott, kíkt á lærdóm hjá unglingunum.

**21.00** … og haldið áfram að vinna.









Harpa Einars er fjölhæfur listamaður. Hér má sjá nokkur af verkum hennar.

## Framhald af síðu 7

Þór myndlistarkennaranum mínum á Akranesi, hann leyfði mér stundum að hafa lykilinn að myndlistarstofunni svo ég gæti dundað mér í friði, þar kynntist ég líka myndlist Errós og málverkin hans af etnísku konunum höfðu djúpstæð áhrif á mig þrátt fyrir að ég botnaði lítið í öðru sem hann gerði. Ég var líka mikið byrjuð að spá í mystík og dulræn efni á þessum árum, ég held að þá þegar hafi ég verið að mótast í þá braut sem ég er á núna.

**Nú ertu miklu meira en fatahönnuður – hvað annað ertu að gera þegar kemur að listsköpun?** Það eru endalaus verkefni hjá mér. Þegar Moss lýkur í þessari viku þarf ég að klára myndlist fyrir nokkur plötuumslög, en það er með því skemmtilegra sem ég geri, svo eru ýmis önnur smáverkefni á döfinni, en í júní ætla ég bara að sinna minni myndlist og ætla að láta mig hverfa með börnin á Seyðisfjörð til að klára fjórtíu stykki 40x40 myndir, sem ég er mjög spennt fyrir, og stefni svo á að halda sýningu í júlí/ágúst. En til að þetta geti orðið þarf ég að treysta á einn góðan athafnamann hér í borg og skora ég nú á hann að láta þetta verða að veruleika. Það er margt spennandi að gerast og ég er rosalega hamingjusöm að geta verið að vinna bara við mín hugðarefni þrátt fyrir ótryggar tekjur á stundum.

**Ertu ástfangin í dag?** Hin stóra spurning! Nei, ég er ekki ástfangin af neinum í augnablikinu. Ég er margslunginn persónuleiki og kannski ekki sú auðveldasta þegar kemur að ástinni. Ég get verið ofur viðkvæm eða ofur sterk, en ég kann líka að meta einveru; að geta verið ein, en er þó oft einmana. Ég skapa mest þegar ég er annað hvort ástfangin eða í ástarsorg. Ég er ástfangin af ástinni og missi stundum alla stjórn ef ég leyfi mér að fara þangað. Sá maður sem þarf að fást við mína ást þarf að vera með gott jafnaðargeð er ég ansi hrædd um.

**Hvernig maður getur nálgast hjartarætur þínar?** Hann þarf helst að vera með meistaragráðu í sálfræði (brosir), og skapandi á einhvern hátt, sannur og trúr sjálfum sér og öðrum, með húmor fyrir sjálfum sér og lífinu, uppfinningasamur, flottur í tauinu, svolítill nautnaseggur eins og ég og ævintýragjarn náttúruunnandi, elska mig og virða með mínum göllum og kostum og já, búa ekki hjá ömmu sinni.

**Það er ekki hægt að líta fram hjá því að hár þitt fékk að fjúka. Hvað kom til?** Þetta var algjört Britney móment í hreinskilni sagt. Japanir skera hár sitt þegar þeir hafa lent í sorg og ætli þetta hafi ekki verið svipað móment hjá mér. Mig langaði að losna við fortíðina sem hékk í hárinu á mér og það virkaði. Stundum koma manneskjur í lífið til manns og hrista ærlega upp í manni, þar til maður missir áttir og veit ekki lengur hvar maður er, stundum er það meira að segja spegilmynd af eigin hegðun þar til þú hrekkur upp á næsta þroskastig og gerir nauðsynlegar breytingar í lífinu. Ég er svo þakklát að hafa lent í smá hremmingum á þessu ári, það hjálpar manni að vaxa. Þetta móment var mjög frelsandi og ofan á það þarf ég ekki lengur að eyða offjár í að lita silfrið í rótinni. Ætli ég sé ekki líka í leit að einhvers konar sannleika, ég er svo ofboðslega þreytt á þessari aumingja- og hálfvitadýrkun sem á sér stað í vestrænu samfélagi. Það er eins og við séum smátt og smátt að tapa því sem raunverulega skiptir máli og erum á endalausum flótta undan okkur sjálfum. Troðandi í okkur sílikoni og bótoxi, hlaðandi á okkur hlutum og eigum, hellandi í okkur til að deyfa okkur, hvers virði er þetta allt ef andinn og sjálfið er ekki heilt? Það er það innra sem skiptir mestu máli. Svo er líka bara nauðsynlegt að geta stundum hlegið að sjálfum sér og vitleysunni sem maður getur komið sér í og „just move on". Þetta er nú bara hár.

**Hvað ráðleggur þú ungum konum/mönnum sem langar að verða fatahönnuðir?** Að þora að vera öðruvísi, fara óhefðbundnar leiðir í efnavali og sniðagerð, vera meðvitaður um hvaðan efnin koma og hvernig verksmiðjan sem framleiðir fötin vinnur. Það er oft hægara sagt en gert að vera með þessa hluti á hreinu, og oft dýrara framleiðsluferli, en náttúruvæn framleiðsla og meðvitund um mannréttindi er eitthvað sem allir þurfa að hafa í þessum bransa og öðrum. Svo er mikilvægt að hugsa ekki smátt. Setja markið hátt og þora að taka áhættu, framleiða meira en minna til að sjá hagnað.

**Hvernig getum við eflt framtíðarhönnuði hér á landi (ef við hugsum í lausnum)?** Það er alveg sorglegt hvað er lítill stuðningur hér fyrir hönnuði, miðað við tónlist og leiklist t.d. Þetta er jú frekar ung grein hér á landi en það er nánast ómögulegt að ná árangri nema vera með sterkan bakhjarl/fjárfesti í þessu ferli. Mér finnst að þeir sem eru að sýna árangur ættu að fá meiri möguleika með að koma framleiðslunni af stað. Ef þú ert með þetta þá opnast dyrnar oftast af sjálfu sér, en að stíga fyrsta skrefið og koma fyrstu línunni í búðir er oft erfiðasti hjallinn.



# nýstárlegar gjafir - spennandi gripir

Í Minju finnur þú fallega íslenska hönnun jafnt sem gjafvörur frá öllum heimshornum




KRAFTAVERK

**Vintage plaggöt** (50x70 cm). Mikið úrval af einstaklega flottum plaggötum. Aðeins kr. 750,-



## skissu- og minnisbækur

3 í pakka: línustrikuð, rúðustrikuð og óstrikuð kr. 1.990,-





## Heico lamparnir vinsælu

Kanína 5 litir...........kr. 7.400,-
Sveppur 6 litir.........kr. 6.200,-
*(Einnig bambi, gæs og fótbolti)*



## Dýrapúðar

*eftir Ross Menuez*
Mikið úrval, 2 stærðir
Górilla (37x25 cm) kr. 7.700,-




## Linsukrús

Kaffikrús í dulargervi.
Kr. 2.490,-



## KeepCup kaffimál

Espresso mál.....kr. 2.100,-
Lítið mál............kr. 2.290,
Miðlungs mál....kr. 2.490,-
Stórt mál...........kr. 2.690,-

## Fuglapeysa

Handprjónuð peysa
úr léttlopa.
Kr. 29.900,-

Þrjár gerðir:
Lundi (ljósgrá)
Fálki (ljósgrá)
Máfur (svört)





## High Heel kökuspaði

High Heel kökuspaði.
Kr. 2.990,-

minja Design

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 • SÍMI 578 6090 • www. minja.is

# HVERNIG HUGSA ÞÆR UM HÚÐINA Í SÓLINNI?

**Sumarið er skollið á svo um munar og það er óhætt að segja að landinn beri þess merki með sólkysstri húð og rjóðum kinnum. Það er mikilvægt að huga vel að húðinni og verja hana fyrir sterkum geislum sólarinnar. Lífið tók þrjár konur tali sem er umhugað um heilbrigði og forvitnaðist um hvernig þær hugsa um húðina í sólinni.**

**A.** Hvernig verðu þig fyrir sólinni?

**B.** Hefurðu alltaf verið meðvituð um að passa vel upp á húðina?

**C.** Hefurðu reynslu af því að hafa brunnið illa?

**D.** Hvaða gildi hefur sólin fyrir þig önnur en að hita kroppinn og lita?



## DUGLEG MEÐ VARNIRNAR

**Margrét Gústavsdóttir**
pjattrófa

**A.** Ég nota sólarvarnir, ýmist 15 SPF eða 30 SPF. Það er mjög algengt að dagkrem og meik innihaldi svo háa vörn. Núna nota ég BB krem sem inniheldur 30 SPF vörn.

**B.** Nei, get ekki sagt það, en ég hef alltaf vitað um skaðsemi útfjólublárra geisla og aldrei stundað ljósabekkina.

**C.** Ég man ekki eftir því að hafa brunnið illa, sem betur fer. Enda alltaf verið smá vampíra hvað þetta varðar og dugleg með varnirnar.

**D.** Sólin er auðvitað fyrst og síðast lífgjafinn okkar og gleðigjafi líka. Það er fátt skemmtilegra en að sjá Íslendinga tínast út á Austurvöll, í garðana sína og á göturnar þegar sólin heilsar okkur. Það verða allir svo glaðir og kátir í sólinni!



## VAR GRÁÐUG Í BRÚNKU

**Sigga Lund**
fjölmiðlakona

**A.** Dagsdaglega spái ég lítið í það að verja mig þegar sólin skín. En ef ég fer í sólbað set ég alltaf á mig sólarvörn.

**B.** Nei, alls ekki. Ég fór til dæmis mjög mikið í ljósabekki hér í eina tíð en er löngu búin að draga úr því. Ég hef alltaf hugsað um húðina að því leyti að ég hreinsa hana daglega og ber á hana dag- og næturkrem og auðvitað „bodylotion".

**C.** Já, ég hef brunnið í sólinni oftar en einu sinni. Ég man sérstaklega eftir því þegar ég fór til Ítalíu um árið. Ég var svo gráðug í brúnku að ég bar á mig Johnsons barnaolíu því ég var nú hrædd um að ég þyrfti ekki sólarvörn. Bruninn var alveg í stíl við það. Ég steiktist. En með þolinmæði og miklu aloe vera geli jafnaði þetta sig alveg.

**D.** Fyrir mér er sólin upplífgandi afl. Ég elska þegar hún skín. Það verður allt eitthvað svo miklu bjartara, litríkara, skemmtilegra og áhyggjulausara. Tónlist verður meira að segja skemmtilegri í sól. Ég væri alveg týpan til að búa á sólríkum stað allan ársins hring.



## BRANN ILLA SEM BARN

**Sara María Forynja**
fatahönnuður

**A.** Áður en ég flutti suður var ég að selja aloe vera vörur sem heita Volare og sólarvörnina frá þeim hef ég alltaf notað allar götur síðan.

**B-C.** Ég er með ljósa og viðkvæma húð og hef alltaf þurft að passa mig. Systir mín fékk sortuæxli fyrir nokkrum árum og var það mikil vitundarvakning um að passa sig enn betur. Við brunnum báðar mjög illa á Spáni þegar við vorum litlar og var ég lengi með risa bruna-kanínu/sundbolafar á bakinu á mér. Hún var með viðkvæma fæðingarbletti sem þoldu ekki þennan bruna.

**D.** Sólin er yndislegur gleðigjafi og gefur af sér þessa orku sem okkur lífsnauðsynleg. Hún er vinkona sem er alltaf til í að vera memm ef hún er á landinu.

## GÓÐ RÁÐ FRÁ LÝÐHEILSUSTÖÐ

### NJÓTUM SÓLARINNAR VARIN

Það þarf samt ekki að stafa mikil hætta af því að njóta sólarinnar ef við fylgjum nokkrum einföldum ráðum og notum heilbrigða skynsemi til að forðast að brenna í sólinni. Hér á eftir eru nokkrar ábendingar um hvernig við getum varist hættulegum geislum sólarinnar á suðrænum slóðum - en ekki má gleyma því að sökum þess hversu tært andrúmsloftið er hér á Íslandi þá getur útfjólublá geislun frá sólinni valdið sólbruna á skömmum tíma.

- Forðumst sólina um miðjan daginn - Frá klukkan 11 til 15 eru geislar sólarinnar sterkastir og um 60% af heildargeislun dagsins á sér stað á þessu tímabili. Þegar það er mögulegt er það klárlega besta og einfaldasta sólarvörnin að forðast útfjólubláa geislun sólarljóssins á þessum tíma. Svo má ekki láta skýjaðan himin villa sér sýn; um hádegi á skýjuðum degi nær meiri geislun til jarðar en á heiðbjörtum degi um kl. 16.
- Sitjum í skugganum – að vera í skugganum er einnig góð og einföld leið að verja sig fyrir útfjólubláum geislum sólarinnar. Ef skuggi manns er lengri en maður sjálfur, þ.e.a.s. fyrir hádegi og seinnipart dags, þá er óhætt að vera í sólinni. Ef skugginn er styttri þá er hætta á að verða fyrir hættulegri útfjólublárri geislun.
- Notum sólarvarnaráburð – við verðum að bera nægjanlegt magn af sólarvarnaráburði á húðina þar sem sólargeislarnir fá að leika óhindraðir um. Áburðurinn verður að veita vernd gegn bæði A og B geislum og vera með sólvarnarstuðulinn 15 eða hærri. Bera á áburðinn á hálftíma áður en farið er í sólina og endurtaka á tveggja klukkutíma fresti. Munum að jafnvel vatnsþolinn sólaráburður máist af við það að þurrka sér með handklæði og þegar maður svitnar eða er lengi í vatni.




MÓÐURFÉLAGIÐ
KYNNIR:
MIÐASALA HEFST 1. JÚNÍ
ABBA
40 ÁRA
HEIÐURSTÓNLEIKAR
ELDBORG HÖRPU 25.ÁGÚST
SELMA BJÖRNSDÓTTIR, JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR,
REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR OG STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR
TÓNLISTARSTJÓRN: JÓN ÓLAFSSON
MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU,
Á HARPA.IS, MIDI.IS OG Í SÍMA 5285050
MÓÐURFÉLAGIÐ

# RIKKA ELDAR Í HÁLOFTUNUM

„Hugmyndin vakti áhuga minn frá upphafi sérstaklega þar sem ég er einstaklega hrifin af krefjandi og líflegum verkefnum sem þetta reynist svo sannarlega vera,“ segir stjörnukokkurinn Friðrika Hjördís Geirsdóttir sem hefur unnið að því undanfarið að hanna matseðilinn um borð í flugvélum Wow air. „Varðandi matseðilinn sjálfan þá lagði ég upp með að vera með einfalda rétti en einblína þeim mun frekar á að hráefnið væri sem allra ferskast, mér finnst það skipta höfuðmáli. Það er svolítill hausverkur að reyna að meta matarsmekk mörg þúsund farþega en ég vona að það hafi tekist.“

Fyrir stuttu stofnaði Rikka, eins og hún er gjarnan kölluð, matvælafyrirtækið „GOTT“ sem framleiðir eftirrétti, ís og nú nýlega kaldar sósur. Ein tegund eftirréttanna verður seld um borð og sósurnar verða notaðar í samlokurnar og með salatinu. Spurð hvort hún sé vön að gæða sér á flugvélamat á ferðalögum sínum svarar Rikka því játandi. „Í mínum augum er flugferð dekurstund og oft á tíðum kærkomin stund fyrir mig. Þá er til dæmis ekki hægt að ná í mig í síma og lítið sem truflar. Mér finnst því tilvalið að gera vel við mig í mat og drykk.“



## HELGARMATURINN



**Sigmar Vilhjálmsson**

**fjölmiðlamaður og eigandi Hamborgarafabrikkunnar gefur Lífinu uppskrift að eðalhamborgara.**

### Hamborgari að hætti Simma

**Hráefni**
480 gr lambaprime
Íslenskir sveppir
8 hvítlauksgeirar
4 msk. smjör
4 Maribo ostsneiðar
Grænt kál (t.d. lambhagasalat)
8-12 rauðlaukshringir
8 tómatsneiðar
Bernaisesósa
Salt og pipar
4 hamborgarabrauð

Leiðbeiningar
Skerið 120-140 gr lambaprimesteik í þrjár sneiðar eftir endilöngu þannig að hún verði um 3x40 gr sneiðar.



Hitið grillið í hámarkshita (eða pönnuna í neyð).

Grillið lambaprime-sneiðarnar í 3-4 mínútur á hvorri hlið (mælt er með meðalsteikingu).

Pönnusteikið sveppina í smjörinu og hvítlauknum. Slökkvið undir pönnunni, leggið ostsneiðina ofan á sveppina og setjið lokið á.

Penslið hamborgarabrauðið að innan með smjöri eða ólífuolíu og hitið snöggt á grilli (þar til það er orðið röndótt).

Samsetning EÐAL-hamborgarans:
Setjið grænmetið í botnbrauðið, bernaisesósu ofan á grænmetið, leggið steikurnar yfir, þá sveppina með brædda ostinum. Toppið með meiri bernaise og lokið með brauðhattinum.




## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



Honda CBR 1000 RR árg 2008 ekið aðeins 6.000. Verð 1.280.000.- Gríðalega flott hjól. Sjá myndir raðnumer #147481

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**

Bílás Bílasala Akranes



**Nú er aðal sölutíminn.**
Úrval ferðavagna á söluskrá og á staðnum, Ný Hobby hjólhýsi væntanleg, Áratuga reynsla af bílaviðskiptum, Endilega kíkið við Bilás/Bílasala Akranes S:4312622/bilas.is

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



JEEP Liberty cherokee DÍSEL, Árgerð 10/2005, ekinn 100 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. þessi dregur ferðavagninn. Rnr.204341.



RENAULT Laguna berline. Árgerð 2007, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Fallegur og velútbúinn bíll. Ásett 2.390.000.- lækkað verð 1.890.000. Rnr.203537.



PALLHÚS Sun lite . Árgerð 2007, Lækkað verð 1.480.000.- Sjá Rnr.205148. www.bilakaup.com



COLEMAN Sedona. Árgerð 2002, Verð 1.190.000.- lækkað verð 990.000. Rnr.205284.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

bilfang.is S.567 2000

Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá, skráðu bílinn frítt á bilfang.is eða komdu í kaffi og við skráum og myndum fyrir þig !



Nissan Qashqai +2 SE (7 manna) 06/2011 ek. 33 þ.km sjálfskiptur, flottur jepplingur, er á staðnum verð 4890 þús., skipti möguleg!



M-Benz ML350 (186) (nýrra útlit) módelár 2006 ek. 145 þ.km , leður, lúga ofl. verð aðeins 3990 þús.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HEIMSBÍLAR



FORD E150 econoline. Árgerð 2003, ekinn 125 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. tilboðsverð 1.690.000. Rnr.250584. vel með farinn.



FORD Explorer eddie bauer 4x4. Árgerð 2006, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur krókur, leður. Verð 2.990.000. Rnr.320205.



MMC Outlander sport turbo. Árgerð 2005, ekinn 88 Þ.KM,200 hestöfl, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.144322.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



VIKING 1706 epic. Árg. 1998,V 650þús TILBOÐ 590 þús. Rnr.107740. Fortjald. Netbílar s.588 5300 gsm.651 5301

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



PALOMINO Colt 9fet. Árg. 2010. V.1.690þús. TILBOÐ 1,550þús. Rnr.100678. Netbílar s.588 5300 gsm. 651 5301.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

bifreidar.is bifreiða- & vinnuvélasalan 577 4777



FORNBÍLL M.BENZ 200. Árg. 1979, ekinn 228 Þ.KM, bensín, upptekin vél og sjálfskipting nagladekk fylgja á felgum . Verð 590. þús. Rnr.103808.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bíll.is bestir í bílum...



COMANCHE Montana tjaldvagn Árg. 2002 Góður vagn möguleiki á visaláni Verð 399.000. Rnr.144937.



NISSAN X-trail Árgerð 2002 ekin aðeins 95 Þ.KM sjálskiptur Flott verð 1.290.000. Rnr.145815.

**Bill.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



HONDA Jazz 1,4i ls sjálfskiptur. Árgerð 2006, ekinn 83 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. tilboð 1200 þús. stgr. Rnr.131604.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2004, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.550.000. Rnr.131523.



TOYOTA Land cruiser 120 vx bensín 33". Árgerð 2007, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.900.000. Rnr.110135.



TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 2008, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.110241.



SSANGYONG Rexton rx-290 disel 7manna. Árgerð 2002, ekinn 165 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.350.000. Rnr.119396.



SKODA Superb ambition 140 hö dísel. Árgerð 2011, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.650.000. Rnr.110456.



SAAB 9-3 linear i. Árgerð 2007, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.131636.mögul á 90% láni.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

TOYOTA SELFOSSI



**Tilboð 899 þús!**
Citroen C5 1.6 diesel árg. 2005 ekinn 152 þ. km 5 gíra skoðaður 2013 ný heilsársdekk meðaleyðsla 4.5-5 snilldarbíll verð 1.170.000- Tilboð 899 þús! Uppl. hjá Toyota Selfossi S. 4808000.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000 / 664 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100bílar.is bílasala



NÝTT COLEMAN SEDONA 8 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.789.800kr, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Reno laguna árg.'00, 5gíra, 1,6vél, ek. 159km. V. 290 þ. S. 616 2597.



Audi V6, samskipt 44, B turbo. Allt rafdrifið. Árg. '01 des. Ek. 170 km. Verð 850 þ. S. 616 2597.



Opel Astra OPC 2007 Ekinn aðeins 54.þ fór athugasemdalaust í gegnum skoðun. Filmur að aftan og mjög vel með farinn. Einn sá flottasti. Verð 2.290.000 tilboðsverð 1.890.000 Sími 845-2023.

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
VéIRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 750 þús. Uppl. s. 693 2991.



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.600þús. Uppl. í s. 663 2991.



Ford transit Disel árg.'97 Verd 400þ.kr. simi 693 2991.



Til sölu Ford Transit Connect 1800-200L. TDCI, 5 dyra, diesel, beinsk. ek. 60 þ. Topp eintak. S. 892 0378.



**Ódýrir og góðir !!**
Reno megane scenic árg.'99, nýsk. mikið yfirf. V. 230 þ. Divo árg. '99, 2,0 nýsk. ssk. sem nýr. V 290 þ. s. 844 6609.

**Daewoo Matiz Sparibaukur !**
Til sölu Daewoo Matiz, árg. '02 sk. 2013 Farin tímareim, fæst á góðu verði. Uppl. s. 898 3206

## 0-250 þús.



**Tilboðsverð 250þús !!!**
Opel corsa 1,2 comfort árg. '01 ek. 155þús álfelgur og góð dekk. Eyðir mjög litlu. Ásett Verð 390þús Tilboð 250þús. Uppl. s. 659 9696

## Til sölu



**Club Car Precedent Golfbílar**
**Nýir árgerð 2012**

**Bensín eða Rafbílar**
**4ra ára ábyrgð á rafgeymum**

ORGINAL Club Car hleðslutæki fylgja rafbílunum
Tökum notaða Club Car golfbíla upp í nýja
**Vetrarsól ehf, Askalind 4. Sími 564 1864**

## 250-499 þús.



**Góður Sparibaukur á 280 þús!**
DAIHATSU SIRION CX 1.0 12V árg'98 ek.111 þús,skoðaður 2013,ný heilsársdekk,5 dyra,beinskiptur,góður og vel með farinn bíll sem eyðir engu! ásett verð 380 þús TILBOÐ 280 ÞÚS s.841 8955



**Góður station bíll**
Ford Focus station árg.'00 ekinn 170þús, bsk, skoðaður fyrir 2013, dráttarkrókur, lítur vel út, búið að skipta um tímareim, heilsársdekk, verð aðeins 350þús. Uppl. í s: 659-9696.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 300 þús. S. 896 6744.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**0-250 staðgreitt**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Jeppar

**Jepplingur tilboð 350þús!**
Huindai Santa Fe árg. 2001, 5gíra, ssk, krókur. Ek. 214þús. Ásett verð 650þ. tilboð 350þ. Sími 891 9847.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól






**Til sölu**
Harley Davidson Electra Glide 2005 Ekið 6000 mílur mikið af aukahlutum. Upplýsingar í s. 898-9543.

## Kerrur

**Topplausnir**

Úrval af kerrum og kerruvarahlutum. Topplausnir smiðjuvegi 40 Gul gata. topplausnir.is

## Hjólhýsi



HOBBY 650 KFU PRESTIGE árg 2008. Kojuhús. Markísa með hliðum og fronti - Sólarsella - Stór rafgeymir - Boiler fyrir gas og rafmagn - Miðstöð með Ultraheat. Eitt með öllu. Verð 3.980. S: 898-2811.



Fent 700 diomont WIP hjólhýsi til sölu, árg. '07. Sólarsella, loftkæling, markísa o.fl. Kostar nýtt 8.500 þ. Tilboð 5.500 þ. Uppl. í s. 894 2060.



Til sölu nýtt Hobby-hjólhýsi 560 CFe EXCELLENT. árg 2012, til afgr. strax. Verð 4.100.000 (langt undir listaverði) Uppl. í s. 866-5395 Stórglæsilegt hús.

Til sölu Adria Classic 543PK, með kojum. Árg. '07, sk. 13. Allir mögulegir fylgihl. V. 3.150. Uppl. 615 3898.

## Fellihýsi



**Tilboð 700 þús!**
Palomino Yerling árg. 2000 11 fet skoðað 2013 fortjald með dúk, gasmiðstöð, ísskápur, 2 gaskútar, grjótgrind, 2 sólarsellur, 12/220 rafmagn. Tilboð 700 þús. Reykjanesbæ sími 420 6600 Toyota.



Til sölu Fleetwood Cheyenne 10 feta fellihýsi árgerð 2007. Gistipláss fyrir allt að 7 manns. Fellihýsið er upphækkað, útbúið með sólarsellu, rafmagnstenglum og útvarpi ofl. Ásett verð 1.750 þ.kr. Uppl. í síma 618-4748.

**Til sölu!**
Er með til sölu fellihýsi / Fleetwood American Bayside 12 feta. árgerð 2006. Vel með farið. Ásett verð 1.790 þús Hafið samband í 8613209 fyrir frekari upplýsinga.

## Húsbílar




## Pallhýsi



**Travel Lite Pallhýsi**
Vel útbúin, og ódýr hús. Verð frá 1970 - 2730 þús. Húsið á myndinni kostar 2420 þús. Þau koma með Evrópu gastækjum, og rafbúnaði. Sýningarhús á Akureyri og Reykjavík. Ferðapallhýsi ehf s. 6634646.

## Tjaldvagnar

Ægisvagn '03 til sölu. Með geymslukassa, fortjaldi og yfirbreiðslu. V. 550 þ. S. 861-7749.

## Bátar




## Varahlutir




Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26 Bleik gata. S 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja
















**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.







Garðaumsjón, sláttur úðun, mold ofl. Halldór garðyrkjum. S. 698-1215.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 662 6873.

**GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og góð þjónusta. Fáðu tilboð. Sigurður, S. 823 1060.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Breytt landnotkun í Sogamýri við Suðurlandsbraut. Nýtt byggingarsvæði fyrir mosku/tilbeiðsluhús

Vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur í Sogamýri og gerð nýs deiliskipulags á umræddu svæði eru nú til kynningar verkefnislýsingar sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Nálgast má verkefnislýsingarnar á vefsvæði skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, ***skipbygg.is***.

**Skipulagsstjórinn í Reykjavík**

**BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** kringum, **8.** merki, **9.** kann, **11.** nafnorð, **12.** stoðvirki, **14.** laust bit, **16.** ekki, **17.** slagbrandur, **18.** angan, **20.** belti, **21.** útungun eggja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** veltingur, **3.** eftir hádegi, **4.** skordýr, **5.** sjáðu, **7.** smiðjumór, **10.** að, **13.** tangi, **15.** sía, **16.** trjátegund, **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** um, **8.** hak, **9.** get, **11.** no, **12.** grind, **14.** glefs, **16.** ei, **17.** slá, **18.** ilm, **20.** ól, **21.** klak.

**LÓÐRÉTT: 1.** rugg, **3.** eh, **4.** sandfló, **5.** sko, **7.** mergill, **10.** til, **13.** nes, **15.** sáld, **16.** eik, **19.** ma.





# Tók sjóinn framyfir verkfræðina

Sunna Viðarsdóttir er háseti á línubát.

**Meðal annars efnis:**

**Olían svipti alla lífibrauðinu**

Blómlegt fiskveiðisamfélag við ósa Nígerfljóts lagðist í auðn vegna olíuleka stórfyrirtækisins Shell.

**Fylgist með þessum á EM**

Óslípuðu demantarnir í Póllandi og Austurríki.






Allt sem þú þarft


# Þjóðin ráði

BAKÞANKAR
Björns Þórs Sigbjörnssonar



Það virðist vera nokkur stemning fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum í samfélaginu og háværir menn tala um nauðsyn þess að slíkar atkvæðagreiðslur fari sem oftast fram og um sem flest. Lengi vel þótti fulltrúalýðræði hentugt stjórnarfyrirkomulag en eftir bankahrunið þykir það hin mesta ósvinna. Vandséð er þó að kjósendur hefðu með atkvæðum sínum komið í veg fyrir þann hörmungarkafla í Íslandssögunni.

**ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR** hafa bæði kosti og galla. Einn af göllunum er að kjósendum er frjálst að kjósa blindandi. Þeir þurfa ekki að kynna sér málin frekar en þeir vilja og geta litið framhjá mögulegum afleiðingum. Þess vegna er til dæmis ekki talið ráðlegt að lög um skattamálefni fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Skattar eru almennt óvinsælir og líklegt að meirihluti kjósenda myndi hafna öllum skattahækkunum, sama hversu skynsamlegar eða jafnvel nauðsynlegar þær kynnu að vera. Sama gildir um fjárlög.

**NÚ** er rætt um að setja fiskveiðistjórnunarfrumvörpin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Frumvarpið um kerfið sjálft telur 22 blaðsíður. Athugasemdir og skýringar eru á 38 blaðsíðum. Frumvarpið um veiðigjöld er á fimm blaðsíðum en athugasemdir og skýringar á 63 síðum. Þetta þarf fólk náttúrulega að lesa lið fyrir lið ætli það að vanda sig við ákvörðunina. Líka athugasemdirnar sem bárust þinginu en þær eru tæplega 200. Sumar margar blaðsíður. Við mun svo bætast allur áróðurinn sem hagsmunaaðilarnir munu reka. Umdeildar auglýsingar síðustu vikna eru aðeins forleikarstikla fyrir það bíó sem þá færi í gang. Niðurstöður alvöru þjóðaratkvæðagreiðslna eru varanlegar. Það sem verður ofan á á að gilda til frambúðar. Alþingi getur illa hróflað við því sem þjóðin ákveður.

**FRÁ** því að núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett 1990 hefur þeim verið breytt oftar en 50 sinnum. Stundum hafa breytingarnar verið meiriháttar en oftar smávægilegar og þá vegna einhverra ágalla sem komið hafa í ljós. Ef þjóðin hefur ákveðið hvernig kerfið á að vera þarf þjóðin auðvitað að samþykkja allar breytingar, sama hvort þær eru stórar eða smáar. Það gæti því farið svo að jafnvel nokkrum sinnum á ári þurfi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um fiskveiðistjórnunarkerfið.

**EF** fiskveiðistjórnunin á heima í þjóðaratkvæðagreiðslu hljóta mörg önnur málefni að gera það líka. Til dæmis landbúnaðarkerfið, samgönguáætlun, uppbygging heilbrigðiskerfisins, menntakerfið, menningin, virkjanir og stóriðja, aðildin að NATO, málefni innflytjenda og húsnæðiskerfið svo eitthvað sé nefnt. Af hverju þá ekki líka skattar og fjárlög?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Það styttist í ævintýrið!**

# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

## 25.06 – 01.07

**Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjörnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landsþekktum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.**

**Miðasala á www.landsmot.is**

Landssamband Hestamannafélaga

Landsmót Hestamanna
National Horse Show of Iceland


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Coca-Cola
HAMBORGARA OG PYLSUVEISLAN
BYRJAR Í BÓNUS
SVALANDI GOSDRYKKIR
Í 330 ML BAUKUM
79 KR. DÓSIN
79 KR. DÓSIN
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR HREINN ÁVAXTASAFI
159 KR. 3 FERN.
APPELSÍNU OG ELPLASAFI 3 FERNUR: 250 ML.
398 KR. 10 FERNUR
CAPRI SONNE JACK FRUIT
10 FERNUR 200 ML
359 KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR
159 KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
639 KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.
98 KR. 200 G
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR
198 KR. 450 G
BÓNUS SINNEP
198 KR. 400 G
BÓNUS REMÓLAÐI
198 KR. 680 G
HUNT´S TÓMATSÓSA
198 KR. 570 G
HEINZ TÓMATSÓSA
198 KR. 400 G
BÓNUS HAMBORGARA SÓSAN
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
FROSNIR
100% NAUTAKJÖT
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
100% NAUTAKJÖT
1598 KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
NAUTA Veisla
Nautaborgarar 4 stk. m/brauði
100% NAUTAKJÖT
595 KR. PK.
NAUTAVEISLU 4 STK. 80 GR
NAUTAHAMBORGARAR M. BRAUÐI
KOOPMAN EINNOTA
PLASTMÁL 50 STK 198 KR
KOOPMAN EINNOTA DISKAR
22 CM 50 STK 598 KR
Hamborgarar
10 stk. 100 g
100% NAUTAKJÖT
1398 KR. PK.
ÍSLANDSNAUT FROSNIR 10 X 100 GR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÚ ER ÞAÐ FERSKT OG SPENNANDI: Á GÓÐU VERÐI
ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG
ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.
ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG
HOLLENSKT NÝTT ICEBERG
298 KR.KG
FERSKUR STÓR ANANAS
FRÁ COSTA RÍKA CA 1,7 KG
379 KR.STK
SPÁNSKAR RAUÐAR VATNSMELÓNUR
179 KR.KG.
HOLLENSKUR LAUKUR Í LAUSU
57 KR.KG
AMERÍSKUR FERSKUR MAÍS
179 KR.STK
BRESKAR STÓRAR BÖKUNARKARTÖFLUR
137 KR.KG
AVACADO FRÁ S-AFRÍKU
395 KR.KG.
ÞÝSKT NÝTT KÍNAKÁL
259 KR.KG
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR
275 KR.KG.
OPNUM KL.10
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




# menning

menning@frettabladid.is



**SKUGGAMYNDIR FRÁ BÝSANS** halda í kvöld sína mánaðarlegu tónleika á Café Haítí þar sem leikin verður balkantónlist. Miðaverð er 1.500 krónur og tónleikarnir hefjast klukkan 21.30.

Bækur ★★★☆☆

**Dauði næturgalans**

Kaaberböl & Friis. Ingunn Ásdísardóttir þýddi.

**Mál og menning**

## Köld krumla fortíðarinnar

Dauði næturgalans er þriðja bókin sem fjallar um dönsku hjúkrunarkonuna Ninu Borg. Hún starfar í búðum fyrir flóttamenn í Kaupmannahöfn og fléttast inn í þeirra flækjur og fortíð.




Nina er ágætlega uppbyggður karakter og hennar flókna sambandi við sjálfa sig og þörfina til að bjarga heiminum eru vel gerð skil í bókinni.

Fléttan í Dauða næturgalans er ágætlega útfærð. Hún teygir sig yfir til Úkraínu, bæði í nútíð og á fjórða áratugnum, tíma harðræðis Stalíns og hungursneyðarinnar. Sú fortíðartenging er vel heppnuð og veitir bókinni aukna dýpt.

Sjónarhorn höfunda flakkar á milli nokkurra persóna og ferst þeim það ágætlega úr hendi. Persónugalleríið er vel skapað og lesandi fær áhuga á lífi þeirra og örlögum og getur sett sig inn í ólíkar aðstæður þeirra.

Helsti galli bókarinnar er hve nátengd fléttan er hinum tveimur fyrri um Ninu Borg. Fjölmargar vísanir eru í atburði úr þeim bókum sem fennt hefur yfir í minni lesenda. Erfitt gæti reynst þeim sem ekki hafa lesið þær að komast inn í söguna.

Engu að síður er Dauði næturgalans fínasti krimmi sem heldur manni við efnið. Og meira biður maður ekki um, eða hvað? Þýðing Ingunnar Ásdísardóttur er lipurleg og hnökralaus.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Ágætis krimmi um veruleika flóttamanna í Danmörku, sem líður þó fyrir tengingu við fyrri bækur.



**ÉG ER EYJA** Berglind María Tómasdóttir og Davíð Þór Jónsson flytja margmiðlunarverk Berglindar í Hörpu á morgun. Vídeólistakonan Frankie Martin sér um hinn sjónræna hluta sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þjóðareinkenni í Kaldalóni

**Berglind Tómasdóttir flautuleikari flytur margmiðlunarverk sitt, Ég er eyja, í Hörpu á morgun með góðri hjálp.**

„Þessi hugmynd kviknaði í raun út frá því að ég var að velta fyrir mér hvað það er sem gerir íslenska tónlist íslenska. Það gerði ég meðal annars með því að skoða verk íslensks tónlistarfólks sem hefur orðið frægt í útlöndum, eins og Björk og Sigur Rós, og orðræðuna í kringum þau. Í kjölfarið fór ég að huga að ýmsu sem tengist þjóðernishugmyndum, ekki síst 19. aldar hugmyndum, sjálfstæðisbaráttu og fleiru, og þessi sýning er einhvers konar hræringur úr þessum vangaveltum,“ segir Berglind María Tómasdóttir flautuleikari, doktorsnemi í flutningi samtímatónlistar við Kaliforníuháskóla í San Diego og höfundur margmiðlunarverksins Ég er eyja sem flutt verður í Kaldalónssal Hörpu á morgun, laugardaginn 2. júní, klukkan 17. „Í sýningunni velti ég líka fyrir mér erkitáknum eins og til dæmis fjallkonubúningi og eins notkun á tónbili eins og fimmund. Fimmundin er mjög áberandi í sýningunni,“ bætir hún við.

Sjálf leikur Berglind á flautu og syngur í verkinu, auk þess sem hún spilar á heimasmíðað hljóðfæri sem hún kallar hrokk, en hönnun þess er innblásin af spunarokk. „Þetta hljóðfæri bjó ég til í samvinnu við uppfinningamann sem starfar við skólann minn og býr til hljóðfæri alla daga. Hönnunin er tilvísun í hugmyndina um konu sem situr og spinnur á rokk og kveður rímur, sem tengist auðvitað því hvernig við hugsum um gamla tíma,“ útskýrir Berglind.

Tónlistarmaðurinn Davíð Þór Jónsson flytur verkið með höfundinum og leikur á kontrabassa, banjó og fleiri hljóðfæri. Þá sér vídeólistakonan Frankie Martin um hinn sjónræna hluta sýningarinnar.

Samhliða doktorsnáminu við Kaliforníuháskóla sinnir Berglind kennslu við sama skóla og var nýlega boðið að vera aðalkennari í stórum kúrs sem tengist bandarískri menningu á einhvern hátt. „BA- og BS-nemar verða að sitja einn kúrs sem getur fjallað um tónlist, bókmenntir eða í raun hvaða menningu sem er. Ég var beðin um að kenna kúrs um hipphopptónlist, en þar sem ég er enginn sérfræðingur í henni stakk ég frekar upp á að kúrsinn fjallaði um Michael Jackson og það var samþykkt. Ég er mjög spennt fyrir þessu því það er af ótrúlega mörgu að taka. Kúrsinn krefst líka mikils undirbúnings, því þetta verða þriggja tíma fyrirlestrar í tíu vikur og ég verð því að geta gert eitthvað fleira en að sýna bara nemendunum myndbandið við Thriller,“ segir Berglind og hlær.

**kjartan@frettabladid.is**






**HÖNNUÐIR** Úthlutunin var sú fyrsta á þessu ári og sú áttunda frá því að Hönnunarsjóðurinn var settur á laggirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tíu milljóna styrkir til hönnuða

Tíu milljónum króna var úthlutað úr Hönnunarsjóði Auroru til verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs í gær.

Að þessu sinni var áhersla lögð á fatahönnun og hlutu fatalínurnar Ostwald Helgason, EYGLO og As we grow styrki. Aðrir sem fengu úthlutað úr sjóðnum eru vöruhönnunarverkefnið Húsgögn, Krads arkitektar fyrir þróun vinnustofunnar PLAYTIME, Valgerður Pétursdóttir fyrir starfsnám hjá AUGE og HönnunarMars vegna uppbyggingar hátíðarinnar og kynningar á íslenskri hönnun erlendis.

Úthlutunin var sú fyrsta á þessu ári og sú áttunda frá því að Hönnunarsjóðurinn var settur á laggirnar í ársbyrjun 2009. Alls bárust 80 umsóknir af öllum sviðum hönnunar og báru þær merki um mikla grósku og framþróun á þessu sviði á Íslandi. Sjóðnum er ætlað að styðja við framúrskarandi hönnuði og efla grasrótarstarf í hönnun. **-hþt**

# *SPENNANDI*
# *SUMAR*

★★★★

*„Eitt það besta sem sprettur upp af norræna krimmaakrinum þessa dagana.“*

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ




*„... spennandi og áhugaverð lesning.“*

KRISTJANA
GUÐBRANDSDÓTTIR / DV




„Kankvís húmor í bland við átök og spennu ...“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ




„Snilldarleg ... spennan er óbærileg.“

THE WASHINGTON
POST BOOK WORLD




„Vel skrifaður og spennandi krimmi með óvæntri fléttu.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ




★★★★

„Mögnuð hrollvekja með æsispennandi og frumlegum söguþræði.“

POLITIKEN

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Gálgaklettur og Kjarval

Sýningin Gálgaklettur og órar sjónskynsins opnar á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 16. Jóhannes Kjarval heimsótti í aldarfjórðung reit í Garðahrauni norðan Hafnarfjarðar sem hann kenndi við Gálgaklett. Þar málaði hann fjölda verka sem eru grunnurinn að sýningunni.

Einnig er fjallað um fyrirbærafræði sjónskynsins og hefur sýningarstjórinn Ólafur Gíslason fundið endurómun í verkum annarra íslenskra listamanna sem verða einnig til sýnis.



**GÁLGAKLETTUR** Sýningin Gálgaklettur og órar sjónskynsins verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 16.

Það eru listamennirnir Finnur Jónsson, Svavar Guðnason, Jóhann Eyfells, Erró, Vilhjálmur Bergsson, Steina Vasulka, Kristján Guðmundsson, Hreinn Friðfinnsson, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Ívar Valgarðsson, Erla Þórarinsdóttir, Halldór Ásgeirsson, Kristján Steingrímur Jónsson, Georg Guðni, Bjarni Sigurbjörnsson, Margrét Blöndal, Egill Sæbjörnsson, Heimir Björgúlfsson og Sigurður Guðjónsson.

Sýningunni fylgir fjölbreytt viðburðadagskrá sem hefst með spjalli sýningarstjórans við gesti og gangandi næstkomandi sunnudag klukkan 15. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á vefsíðu Listasafns Reykjavíkur.

**- hþt**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 01. júní 2012**

### ➜ Fræðsla

**13.00** Boðið verður upp á fræðslugöngu um Grasagarð Reykjavíkur alla föstudaga í júní. Þátttaka er ókeypis.

### ➜ Sýningar

**11.00** Farandsýningin Ekki snerta jörðina! Leikir 10 ára barna verður opnuð í safnhúsinu Lækjargata 4 á Árbæjarsafni.

**17.00** Landssamband íslenskra frímerkjasafnara heldur veglega sýningu á frímerkjum og sögulegum munum þeim tengdum í sal KFUM og KFUK að Holtavegi 28. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Hátíðir

**10.00** Sjómanna- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkáti verður haldin hátíðleg í Grindavík alla helgina. Nánari dagskrá má sjá á www.sjoarinnsikati.is.

**10.00** Sjómannadeginum verður fagnað á Akureyri alla helgina. Yfirlit yfir dagskrá má sjá á www.visitakureyri.is.

**10.30** Bjartir dagar verða haldnir í Hafnarfirði um helgina. Vegleg og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir alla. Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á www.hafnarfjordur.is.

**13.00** Grímseyjardagar verða haldnir í eyjunni um helgina. Fjölbreytt dagskrá í boði sem byggist á grímseyskum hefðum. Nánari dagskrá má sjá á www.grimsey.is.

**17.00** Listahátíðin í Reykjavík stendur nú yfir. Nánari upplýsingar á www.listahatid.is.

### ➜ Leikrit

**17.00** Leikritið Trúðleikur eftir Hallgrím H. Helgason verður frumsýnt í Frystiklefanum á Rifi.

### ➜ Tónlist

**17.30** Low Roar leikur í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg.



Ljótu hálfvitarnir

**21.00** Ljótu hálfvitarnir spila á tónleikum í Hlégarði í Mosfellsbæ.

**22.00** KK Band leikur á tónleikum á Græna Hattinum. Bandið skipa KK, Kommi og Þorleifur. Miðaverð er kr. 2.200.

**23.00** Gullkistan leikur fyrir dansi á Sumarfagnaði Kringlukráarinnar. Konur fá frítt inn fyrir miðnætti og fordrykk þar að auki.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### ➜ Uppákomur

**21.00** Verslunin Kiss verður með tískusýningu á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi. Einnig verður sundfatasýning frá versluninni Ég og Þú og alls kyns uppákomur. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.15** Háskólinn í Reykjavík býður til fyrirlestraraðar undir yfirskriftinni Verkin tala í stofu V102. Einar Jón Erlingsson og Hlynur Stefánsson tala undir yfirskriftinni Skilur einhver hagkerfið? - Hermilíkan af íslenska hagkerfinu. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**LAGSKIPT SÝNING** Framsetning (I)ndependent people er að mörgu leyti nútímaleg að mati gagnrýnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sígildar vangaveltur

Myndlist ★★★★☆

**(I)ndependent People/„Sjálfstætt fólk“**

Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Norræna húsið, Kling & Bang, Nýlistasafnið, SÍM, Listasafn ASÍ o.fl.

**Sýnt á Listahátíð í Reykjavík**

Myndlistarþáttur Listahátíðar í Reykjavík í ár heitir (I)ndependent People, eða Sjálfstætt fólk. Skírskotunin í Ísland, Íslendinga, íslenska þjóðarsál (er hún til?) og jafnvel íslenska pólitík samtímans er ekki víðsfjarri í íslenska heitinu, en í því enska er snúið upp á hugmyndina með því að taka I-ið í Independent út fyrir sviga, eða sjálfið tekið úr sjálfstæðinu. Þessar vangaveltur um sjálfið í samhengi við hópinn sem það tilheyrir, eða tilheyrir ekki, eru sígildar, en framsetningin í þessari sýningu er á margan hátt nútímaleg.

Þó að hinar ýmsu sýningar innan (I)ndependent People snúist ekkert endilega allar beint um sjálfstæði eða sjálfstæðisleysi, þá er sjálft listamannasjálfið hér undir, og spurt spurninga hvort og þá hvernig þetta sjálf þrífst innan hóps. Getur listhópur til dæmis fengið sameiginlegt sjálf? Hvernig gengur listamönnum að afsala sér höfundarrétti?

Meginhugmynd í uppbyggingu (I)ndependent People gengur sem sagt út á að gera tilraun til að má út listamanninn, og gefa listamannahópum eftir sviðið. Sumir listamannahóparnir hafa unnið saman í áraraðir, og vinna sem „einn“ maður, en aðrir eru tímabundnari. Hóparnir eru einnig misstórir, allt frá tveimur meðlimum upp í mun fleiri.

Í samtali við Ríkisútvarpið segir Gjörningaklúbburinn, sem hefur ára- og bráðum áratugareynslu af samvinnu, að um leið og hugmynd sé sleppt lausri og aðrir heyri hana, sé hún orðin eign hópsins. Gjörningaklúbburinn stendur fyrir einni af sýningunum í Hafnarhúsinu. Listahópurinn MEEH má segja að vinni einnig í þessum anda, sleppi hugmyndum út í loftið í formi fyrirmæla, sem aðrir hrinda í framkvæmd. MEEH er nýlegur hópur sjálfstætt starfandi íslenskra myndlistarmanna, en verk þeirra, sem er til sýnis í SÍM húsinu í Hafnarstræti, er unnið að franskri fyrirmynd þar sem menn notuðu aðferðina við ritun á skáldsögum. MEEH tekst þarna á við sjálfið, varpar frá sér hugmyndinni, og lætur öðrum eftir útfærsluna. Afsalar sér höfundarréttinum. Spurning hvort slíkt sé til eftirbreytni almennt, a.m.k. má ímynda sér að það gæti auðveldað flæði og framkvæmd verkefna ef höfundarrétturinn er ekki að flækjast fyrir.

(I)ndependent People er í raun samansafn margra minni sýninga og verkefna, og fer fram á mörgum stöðum, og á netinu einnig. Auk þess er hún oft lagskipt, eða stigskipt öllu heldur. Móðursýning, Independent People, undirsýning, t.d. sýning Jónu Hlífar og Hlyns Hallssonar í Hafnarhúsinu, og svo eru sýningar innan þeirrar sýningar, þ.e. samansafn verka eftir 100 listamenn í Blatt blaði.

Annað dæmi um lagskipta sýningu er áhugavert samstarfsverkefni sem þau Steingrímur Eyfjörð og Ulrika Sparre eru í forsvari fyrir, Jarðárur, sem einnig er í Hafnarhúsinu. Þar er áhorfandinn gripinn traustataki og honum boðið að gera hinar ýmsu tilraunir með skynjun og bylgjur, innan sýningarinnar. Jarðárurnar sjálfar, viðfangsefni listamannateymisins, er líka að segja má ósýnilegt nýtt lag undir fótum okkar, reitaskipting jarðarinnar með svokölluðum „Laylines“, eða Jarðárum. Þarna er fjallað um orkuna í jörðinni, eins konar neðanjarðarmenningu, eins og minnst er á í kynningu í sýningarskrá. Það er fullt tilefni til að hvetja fólk til að sökkva sér ofan í Jarðárusýninguna, og ekki laust við að maður skynji umhverfið aðeins öðruvísi eftir á.

Á jarðhæð Hafnarhúss er falleg innsetning eftir Elin Strand Ruin og The New Beauty Council, og samstarfsaðila. Innviðir sænskrar félagslegrar blokkaríbúðar hafa verið prjónaðir og hengdir upp innan í álgrind, og hægt er að ganga inn í íbúðina, sem er 75% af raunstærð fyrirmyndarinnar. Prjónuð eldhúsinnrétting og prjónað klósett lítur hálf-aumkunarlega út, og minnir á mjúka skúlptúra Claes Oldenburg. Um er að ræða hugmyndalega afurð sænskra listakvenna, sem allar ólust upp í þessum félagslegu fjöldaframleiddu íbúðum í Svíþjóð, þar sem allir þurftu að láta sér líka sama skipulag, en gátu leyft sér að sníða innviðina meira að eigin höfði. Þetta verk er ágætt dæmi um það sem (I)ndependent People gengur út á og ætlar sér að vekja upp umræðu um; verkið er unnið í samvinnu margra, utan um gamla félagslega hugmynd, og svo um líf einstaklinga inni í miðstýrðu skipulagi.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** **Áhugaverð og marglaga tilraun um sígilt viðfangsefni, en óvíst um niðurstöðu.**





SUMARLEIKUR GÓU
Í ALLT SUMAR
ER MÖGULEIKI Á VINNINGUM
Í SINALCO-TÖPPUNUM
YFIR 5.000 VINNINGAR!
46" SAMSUNG 3D SJÓNVARP
SAMSUNG SPJALDTÖLVUR
Wii LEIKJATÖLVUR
SAMSUNG GIO GSM
FJÖLDI GÓMSÆTRA VINNINGA FRÁ KFC OG TACO BELL OG ALLS KONAR NAMMI FRÁ GÓU
Í öllum Sinalco-töppum er númer. Settu það inn í sumarleik Góu á Facebook-síðu Góu (www.facebook.com/goa.is) og þú veist strax hvort þú hefur unnið.
Allir sem skrá sig gætu svo átt von á risavinningum til viðbótar á FM957 í allt sumar.
Sinalco
Góa
Stofnað 1968
PIPAR\TBWA • SÍA • 121175



**ÞOLIR EKKI NUDD** Fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld kann illa við að láta snerta sig og þolir þar af leiðandi ekki nudd. „Ég hata nudd og ég trúi ekki á virkni þess. Ég þoli ekki þegar fólk snertir mig," sagði hinn sérvitri hönnuður.



**STRIGASKÓR** Sérhannaðir strigaskór úr erfðabreyttu gaddsköturoði verða brátt fáanlegir á Netinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Strigaskór úr roði

**TÍSKA** Skóframleiðandinn Rayfish Footwear framleiðir sérhannaða strigaskó úr roði gaddaskötu og kostar parið rúmar 235 þúsund krónur.

Neytendur geta valið um ólíka liti og munstur á skóparið sitt sem unnið er úr erfðabreyttum gadda-skötum. Vísindamenn sjá um að rækta sérstök afbrigði af fisktegundinni til að ná fram skærum litum og ólíkum munstrum og hefur það fengið töluverða gagnrýni. Gaddasköturnar eru ræktaðar í Taílandi og er Rayfish Footwear tíu ára gamalt fjölskyldufyrirtæki sem hefur sérhæft sig í hönnun á skófatnaði unnum úr hvers kyns fiskroði. Hið erfðabreytta gaddasköturoð er þó nýjung hjá fyrirtækinu og hægt er að velja milli 29 ólíkra munstra.

# LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU

**Ragnar Freyr Ingvarsson er læknirinn í eldhúsinu sem bloggar um eldamennsku sína og gefur lesendum vatn í munninn.**

**MATUR** „Ég lifi eftir einföldum spakmælum sem ég las einu sinni; maður á að borða mat, ekki of mikið af honum og alltaf borða meira af grænmeti en öðrum matvörum," segir læknirinn og ástríðukokkurinn Ragnar Freyr Ingvarsson sem heldur úti einu vinsælasta matarbloggi landsins, ragnarfreyr.blog.is.

Ragnar Freyr er búsettur í Lundi í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni þar sem hann starfar sem námslæknir í gigtlækningum samhliða doktors- og stjórnunarnámi. Til að verða við óskum vinnufélaga sinna úti ákvað Ragnar að stofna síðuna The Doctor in the Kitchen þar sem hann bloggar og birtir uppskriftir sínar á ensku samhliða íslenska blogginu. „Samstarfsmenn mínir voru búnir að vera inni á íslenska blogginu og kvörtuðu sáran yfir því að skilja ekkert. Þess vegna henti ég þessari síðu upp í byrjun árs og hef þegar fengið um 16 þúsund heimsóknir," segir Ragnar en helstu lesendur enska bloggsins eru frá Svíþjóð, Bandaríkjunum og Íslandi.

Þeir sem hafa skoðað íslenska bloggið hans Ragnars vita að uppskriftir hans og matarmyndir gefa lesendum vatn í munninn en Ragnar hefur verið ástríðukokkur frá því hann byrjaði að búa. Þrátt fyrir að vera önnum kafinn í læknisstarfinu gefur hann sér ávallt tíma til tilraunaeldamennsku, enda segist hann umvafinn góðum hjálparkokkum. „Sumar uppskriftirnar hljóma flóknari en þær eru og oft tekur þetta ekki langan tíma. Svo er þetta líka spurning um að gefa sér tíma. Það verða allir að borða og þá er skemmtilegra að maturinn sé góður," segir Ragnar sem hefur fengið tilboð um að gefa út bók með uppskriftum sínum. „Ég hef fengið nokkur tilboð en það er allt á hugmyndastigi enn sem komið er."

Ragnar Freyr segir allan mat sem hann birtir á síðunni sinni vera hollan. Hann reynir að kaupa alltaf nærframleidda matvöru. „Ég einbeiti mér að því að nota engin gerviefni og get fullyrt að minn matur sé hollur. Það sem ég rækta ekki sjálfur kaupi ég oft lífrænt," segir Ragnar Freyr sem hlær þegar hann er spurður hvort ekki sé biðlisti í matarboð hjá fjölskyldunni. „Ég held að við séum með gesti í mat samanlagt svona 3 mánuði á ári. Það er skemmtilegi hlutinn af þessu."

alfrun@frettabladid.is



**ÁSTRÍÐUKOKKUR** Ragnar Freyr segist hafa fengið nokkur tilboð um bókaskrif og að matreiðslubók frá honum sé á teikniborðinu.

## CROQUE MADAME: Opin samloka „muffins style" með skinku, eggi og bechamél-sósu að hætti Rachel Khoo

**Bechamél-sósa:**

15 g smjör
15 g hveiti
200-250 ml mjólk
salt og pipar að vild

*Smjörið og hveitið hrært saman í smjörbollu í potti. Mjólkinni bætt út í og hrært vel og sósan þykknar þegar mjólkin sýður.*



*Skorpa skorin af franskbrauði, brauðið flatt út, penslað með smjöri og sett ofan í muffinsform, smjörhliðin niður. Nokkrir skinkubitar settir ofan í, teskeið af Bechamél-sósunni, eitt egg brotið ofan í og svo aftur ein teskeið af Bechamél-sósu. Cheddar-ostur rifinn yfir og bakað í 10-15 mínútur inni í 180 gráðu heitum ofni.* Borið fram með salati.

# Jarðarber og fljúgandi svín

Um daginn var ég að undirbúa kynfræðslu fyrir efstu bekki grunnskóla og fór að pæla í því hvað gerir kynlíf eftirsóknarvert. Vissulega er það löngun sem knýr mann áfram. Einhver innri kláði sem grátbiður um að fá markvissa snertingu. En hvað er kynlíf? Og það sem meira er, hvernig er fullnæging?

Þessar spurningar eru mjög algengar hjá ungu fólki sem finnur fyrir vaxandi fiðringi en veit ekki hvernig best er að fá útrás og af hverju tilfinningarnar geta verið svona ólíkar. Stundum er fullnæging ótrúlega góð og gersamlega tæmandi, stundum er hún varla til staðar og stundum er hún bara allt í lagi, ekkert spes. Stundum fá strákar sáðlát og stundum ekki. Stundum heyrast háværar stunur en stundum bara andvarp. Þessar hugleiðingar eru mér hugleiknar því orð geta átt erfitt með að útskýra þetta fyllilega og fyrir ungum áköfum hugum þarf oft eitthvað meira og haldbærara, jafnvel myndræna útlistun.

Ég lá því á netinu og leitaði að myndum sem mér fannst lýsa kynlífi og fullnægingu. Ég týndi til myndir af nautnafullum mat eins og súkkulaðiköku þar sem bráðið súkkulaði lak úr kjarnanum; krúttlegum bollakökum, bleikum kandífloss, súkkulaðihúðuðu jarðarberi, og nammi með mismunandi ávaxtabragði. Þannig er kynlíf nautnafullt en einnig sætt, sykurhúðað, óvænt og krúttlegt. Svo týndi ég til myndir af hraðskreiðum sportbíl, eldsloga, rússíbana og flugeldum. Kynlíf getur nefnilega komið manni alveg á hvolf, keyrt upp áreynsluna og kveikt á hverri einustu eldheitu tilfinningu í líkamanum. Þá fannst mér viðeigandi að hafa skælbrosandi sól, fljúgandi svín og kettlinga að kúra. Kynlíf færir manni gleði, hlýju, og notalega tilfinningu í kroppinn og sálina. Ég setti einnig inn mynd af hlæjandi kalli því kynlíf er fyndið og skemmtilegt og það verður enn betra ef húmorinn er með í för.

Eftir að við krakkarnir höfðum skoðað þessar myndir þá minnti ég þau á að kynlíf byrjar maður að stunda einn með sjálfum sér. Í umræðu sem er sífellt neikvæð og dregur upp dökka mynd af þessari hjartans þrá þá finnst mér í lagi að létta á sektarkenndinni og sýna að þetta er allt í lagi, meira að segja bara nokkuð frábært.



**HVAÐ ER KYNLÍF?** Stundum er fullnæging ótrúlega góð og gersamlega tæmandi en stundum ekki.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is










WHIRLPOOL Á ÍSLENSKU
Nýju Whirlpool þvottavélarnar með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi eru komnar!
• Íslenskt stjórnborð og íslenskur leiðarvísir
• 6th Sense – Sparar allt að 50% af orku, vatni og tíma
• Daglegt þvottakerfi – 40° daglegt kerfi þar sem má blanda bæði bómull og gerviefnum
• Clean+ – Sérstakt þvottakerfi sem hjálpar til við að losna við blettina
• Vélin fæst bæði í 6kg og 7kg útgáfu
Whirlpool er stærsti heimilistækjaframleiðandi heims.
Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



**6 MÁNAÐA FANGELSISVIST** *gæti söngvarinn Justin Bieber átt yfir höfði sér verði hann fundinn sekur um að hafa ráðist á ljósmyndara skammt frá heimili sínu á sunnudaginn var. Ljósmyndarinn var fluttur á spítala eftir átökin en Bieber var yfirheyrður af lögreglu á meðan.*

# Fyrirgaf Harris

Glaumgosinn Hugh Hefner er tekinn aftur saman við fyrrum unnustu sína, Playboy-kanínuna Crystal Harris. Líkt og frægt er orðið yfirgaf Harris hinn aldraða unnusta sinn síðasta sumar, aðeins viku fyrir fyrirhugað brúðkaup þeirra.

Harris laumaðist burt af heimili Hefners viku fyrir brúðkaup þeirra og tók saman við Jordan McGraw, son Dr. Phil. Stúlkan hefur þó hlotið fyrirgefningu og er flutt aftur inn til Hefners.

„Crystal grátbað Hugh um að taka við sér aftur. Hann hefur fyrirgefið henni og bauð hana velkomna aftur heim,“ var haft eftir heimildarmanni. Shera Berchard, núverandi kærasta Hefners, flutti út sama dag og Harris flutti inn og því virðist úti um það samband.



**SAMAN Á NÝ** Hugh Hefner og Crystal Harris eru tekin saman á ný. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill ekki vera vinur Fox

Leikarinn Dominic Monaghan vill ekki vera vinur fyrrum samstarfsmanns síns, leikarans Matthews Fox, ef marka má Twitter-færslur þess fyrrnefnda.

Monaghan og Fox léku báðir í sjónvarpsþáttunum Lost en er ekki vel til vina. Ungur aðdáandi þáttanna hafði samband við Monaghan á Twitter og bað hann um að reyna að fá Fox til að stofna Twitter-síðu sem Monaghan neitaði að gera. „Hann ber konur. Nei takk,“ svaraði leikarinn og bætti svo við: „Hann lemur konur. Ekki einu sinni, oft.“

Fox var nýverið handtekinn fyrir ölvunarakstur og bíður nú dóms.



**ÓVINIR** Dominic Monaghan og Matthew Fox er ekki vel til vina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kílóamissir Beyoncé

Enn eru uppi vangaveltur um hvort ólétta söngkonunnar Beyoncé hafi verið raunveruleg eða hvort hún hafi fengið staðgöngumóður til að ganga með dóttur sína Blue Ivy.

Líkamlegt form söngkonunnar hefur gefið orðrómnum byr undir báða vængi en hún þótti fljót að ná af sér aukakílóunum eftir barnsburð. Á tónleikum sem hún hélt í Atlanta City um síðastliðna helgi gerði hún þó sitt besta til að útskýra það hversu fljót hún var að ná sér aftur í form. „Ég bjó á stigavélinni og borðaði bara kál,“ sagði Beyoncé við aðdáendur sína á tónleikunum áður en hún sagði frá því að hún hefði misst rúm 27 kíló á síðustu fjórum mánuðum. Eitthvað virðist þessi yfirlýsing hennar hafa fallið í dræman jarðveg því fólki þykir þetta frekar há tala og ekki líklegt að hún hafi í raun misst svo mikið frá því að Blue Ivy fæddist.



**27 KÍLÓ FARIN** Söngkonan segist hafa misst 27 kíló frá því hún átti dóttur sína Blue Ivy fyrir fimm mánuðum.



**Í NÁTTÚRUPARADÍS**

Fjórmenningarnir **Björn Þór, Kristín Andrea, Jónína** og **Hjörtur Matthías** standa á bak við tónlistarhátíð á Rauðasandi í júlí. Meðal þeirra sem fram koma eru **Lay Low, Snorri Helgason** og **Low Roar**.

# Hugguleg tónlistarhátíð á Rauðasandi í byrjun júlí

**Rauðasandur Festival er tónlistarhátíð sem haldin verður í náttúruparadísinni á Rauðasandi í júlí. Þetta er í fyrsta skipti sem hátíðin er haldin.**

„Við viljum hafa þetta rólega og huggulega hátíð þar sem fólk getur komið og skemmt sér og notið lífsins í fallegri náttúru,“ segir Björn Þór Björnsson, einn skipuleggjenda nýrrar tónlistarhátíðar sem haldin verður á Rauðasandi á Vestfjörðum 6.–8. júlí næstkomandi.

Björn Þór stendur að hátíðinni ásamt vinum sínum Kristínu Andreu Þórðardóttur, Jónínu de la Rosa og Hirti Matthíasi Skúlasyni. Sá síðastnefndi ólst upp á Rauðasandi og verður hátíðin haldin á bóndabæ bróður hans að Melanesi. „Rauðasandur er stórfenglegur staður og eins og úr öðrum heimi. Maður tekur alveg andköf við að koma þangað,“ segir Björn Þór.

> Rauðasandur er stórfenglegur staður og eins og úr öðrum heimi. Maður tekur alveg andköf við að koma þangað.
>
> **BJÖRN ÞÓR BJÖRNSSON** SKIPULEGGJANDI

Í fyrrasumar ákváðu fjórmenningarnir að slá upp hálfgerðri prufuhátíð á staðnum og buðu vinum sínum og vandamönnum að koma. Það gekk stórvel að sögn Björns Þórs og hófust þau strax handa við að skipuleggja almennilega hátíð fyrir þetta sumar.

Mikil áhersla verður lögð á kántrýtónlist, blues og aðra órafmagnaða tónlist og meðal þeirra sem fram koma eru Lay Low, Prinspóló, Low Roar, Johnny Stronghands, Jefferson Hamer, Snorri Helgason, Ylja og Smári Tarfur. Tjaldaðstaða er góð á svæðinu en tónleikarnir verða haldnir í hlöðu á Melanesi. „Við erum að smíða svið í hlöðunni svo þetta verður alvöru hlöðuball,“ segir Björn Þór.

Það verður þó meira í boði en tónleikar því á dagskránni eru alls kyns uppákomur. „Sandurinn er aðalmálið þarna svo við verðum með sandkastalakeppnir, jóga í sandinum og fleira í þeim dúr,“ segir Björn Þór og hvetur fólk til að taka börnin með sér. „Þetta er lágstemmd og fjölskylduvæn hátíð þar sem mikil og skemmtileg dagskrá er í boði fyrir alla aldurshópa og fólk kemur til að njóta,“ segir hann að lokum. Miði á hátíðina kostar 6.500 krónur og má nálgast á midi.is.

tinnaros@frettabladid.is

Gallerí Fold í 20 ár 1992–2012

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 4. júní, kl. 18,
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Guðmunda Andrésdóttir

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# Fassbender vill framhald

Leikarinn Michael Fassbender vonast til að framhald verði gert á spennumyndinni Prometheus, sem var að hluta til tekin upp á Íslandi. Hann lagði sig allan fram við tökurnar.

„Mér fannst mikil forréttindi að vera hluti af hópnum. Ég vildi ekki vera veikur hlekkur og vann því heimavinnuna mína eins vel og ég mögulega gat. Þegar ég mætti í vinnuna hafði ég upp á eitthvað að bjóða,“ sagði Fassbender við Digital Spy.

„Ég held að allir sem unnu við myndina hafi haft á tilfinningunni að þeir væru að taka þátt í einhverju merkilegu með Ridley [Scott leikstjóra].“

Promotheus verður frumsýnd á Íslandi í næstu viku. Myndin segir frá geimkönnuðum sem verða strandaglópar á fjarlægri reikistjörnu.



**VILL MEIRA** Michael Fassbender vonast til að framhald verði á Prometheus.

# Snyrtivöru**bomba**

## 1. - 10. júní

BIOTHERM

CLARINS PARIS

CLINIQUE

DEBENHAMS snyrtivörur

EGF HÚÐDROPAR

Elizabeth Arden NEW YORK

ESTĒE LAUDER

HR HELENA RUBINSTEIN

JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK

LANCÔME PARIS

MAC

nails inc. LONDON

SENSAI Kanebo INTERNATIONAL

SHISEIDO

YVES SAINT LAURENT

# 3 fyrir 2

## af snyrtivöru*

Kauptu þrjár snyrtivörur, borgaðu bara fyrir tvær

*Ódýrasti hluturinn fylgir frítt með



*Gildir einungis af völdum vörum frá MAC

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus










# Á TOPPNUM Í 15 LÖNDUM

**Lagið Euphoria með Loreen hefur farið á toppinn í fimmtán löndum eftir sigurinn í Eurovision. Björk er á meðal áhrifavalda sænsku söngkonunnar.**


**NÚMER EITT** Sigurlag Eurovision-keppninnar, Euphoria, hefur náð toppsætinu í fimmtán löndum. NORDICPHOTOS/GETTY

Sigurlag Eurovision-keppninnar, Euphoria með sænsku söngkonunni Loreen, hefur farið sigurför um heiminn að undanförnu. Eftir að úrslitin urðu ljós rauk lagið í toppsæti vinsældarlista iTunes í fimmtán löndum, þar á meðal í Bretlandi, Þýskalandi, Danmörku, Grikklandi, Spáni og Eistlandi. Það að lagið skuli hafa náð toppnum í Bretlandi er nokkuð merkilegt því þetta er í fyrsta sinn síðan 1996 sem Eurovision-lag nær þeim árangri. Þá fór hin ástralska Gina G í efsta sætið með hinu grípandi Ooh Aah... Just a Little Bit sem hún söng fyrir hönd Bretlands. „Ég vona að Euphoria verði í hjörtum fólks eins lengi og mögulegt er," sagði Loreen eftir að sigurinn í Eurovision var í höfn.

Hin 28 ára söngkona ólst upp í sveit skammt fyrir utan Stokkhólm. Hún lærði að spila á píanó með því að herma eftir tónlist Michaels Nyman við kvikmyndina The Piano. Hún segist alltaf verða pirruð þegar hún er stimpluð sem R&B-listamaður. „Þetta er frekar skrítið því ég hlusta aldrei á R&B eða sálartónlist. Ég sæki innblástur í tónlist sem kemur mér í hálfgerðan trans. Listamenn eins og Björk og sumt af því sem Enya gerir en aðallega þó Lisa Gerrard," sagði hún á síðunni Eurovision.tv. „Ég vil búa til tónlist sem nær tengslum við sálina í mér. Þá hefur tónlistin mín mest áhrif."

Loreen segist vera einfari sem forðist upplýsingaflæði hversdagsins, enda er hún ekki einu sinni á Facebook. „Ég á ekkert sjónvarp. Ég á fartölvu sem ég nota bara fyrir tölvupósta og tónlistarforrit." Hennar helsta markmið er að fá fólk til að átta sig á að lífið snýst ekki bara um að eignast hluti. „Ég veit að þetta hljómar kannski hippalega og asnalega. En á það að aftra manni frá því að hafa þetta markmið? Ég er sannfærð um að svarið við því er nei."

# Vildi leika í Titanic

Fyrrum talsmaður leikarans Christians Bale, Harrison Cheung, hefur ritað bók um Bale sem nefnist Christian Bale: The Inside Story of the Darkest Batman og kom út á netinu í gær. Í bókinni kemur meðal annars fram að Leonardo DiCaprio hafi upphaflega átt að fara með hlutverk Patricks Bateman í American Psycho.

Cheung segir frá því í bókinni að DiCaprio hafi þegar landað hlutverki Bateman í American Psycho en svo hætt við að ráði umboðsmanns síns. Bale var miður sín yfir því að hafa misst hlutverkið til DiCaprio því hann hafði áður sóst eftir hlutverkum í kvikmyndunum This Boy's Life, What's Eating Gilbert Grape, Romeo & Juliet og Titanic, en DiCaprio landaði öllum þeim rullum.

Bale á einnig að hafa sagt Cheung að hann hefði enga löngun til að verða stórstjarna heldur sækist hann eftir því að vera mikilsmetinn leikari. „Mér finnst gaman að ég skuli fara á móti straumi og á skjön við væntingar allra," sagði Bale.


**VILDI TITANIC** Christian Bale sóttist eftir flestum þeim hlutverkum sem runnu til Leonardos DiCaprio. NORDICPHOTOS/GETTY








Pils
~~1.499,-~~
999,-
Kjóll
2.999,-
Sandalar
st. 36-42
1.499,-
Bolur
999,-
Bolur
999,-
Plastskór
st. 36-41
1.999,-
FRÁBÆRT VERÐ!
Á SUMARFATNAÐI
Kanvas skór
st. 36-42
~~4.999,-~~
1.999,-
Bolur
~~999,-~~
799,-
Hlýrabolur
~~1.699,-~~
999,-
Pólóbolur
~~1.699,-~~
999,-
Pólóbolur
1.699,-
Töfflur
st. 36-46
~~2.499,-~~
1.999,-
Bolur
999,-
Plastskór
st. 40-45
~~2.299,-~~
1.999,-
Skyrta
2.999,-
Sundbuxur
~~2.499,-~~
1.999,-
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir til 3. júní á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# sport

sport@frettabladid.is



**LÍNUMENNIRNIR** Orri Freyr Gíslason og Atli Ævar Ingólfsson eru báðir á leiðinni til Danmerkur þar sem þeir ætla að spila á næsta tímabili. Orri Freyr mun fylgja þjálfara sínum Óskari Bjarna Óskarssyni frá Val til Viborg en Atli Ævar Ingólfsson, línumaður Íslandsmeistaraliðs HK, hefur ákveðið að söðla um og spila með SønderjyskE á næstu leiktíð. Þetta er mikill missir fyrir Val og HK en jafnframt ekki fyrsti lykilmaðurinn sem þessi lið missa fyrir næsta tímabil.

**Valur 4-0 Keflavík**

Vodafonevöllur, áhorf.: 1273 – Erlendur Eiríksson (6)

**1-0 Kolbeinn Kárason (47.), 2-0 Matthías Guðmundsson (49.), 3-0 Kolbeinn Kárason (60.), 4-0 Kristinn Freyr Sigurðsson (88.)**

**Skot (á mark):** 13-10 (5-5)
**Varin skot:** Sindri Snær 5 - Ómar 1

**VALUR (4-3-3):** Sindri Snær Jensson 7 - Brynjar Kristmundsson 7, Atli Sveinn Þórarinsson 6, Matarr Jobe 7, Úlfar Hrafn Pálsson 6 (70. Andri Fannar Stefánsson 5) - Rúnar Már Sigurjónsson 6, Haukur Páll Sigurðsson 5, Matthías Guðmundsson 7 - Ásgeir Þór Ingólfsson 4, (63. Kristinn Sigurðsson 7), Hörður Sveinsson 5, ***Kolbeinn Kárason 8** (81. Atli Heimisson -).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannsson 3 - Grétar Atli Grétarsson 4, Einar Orri Einarsson 4, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Viktor Smári Hafsteinsson 5 - Denis Selimovic 3, Frans Elvarsson 5, (66. Arnór Traustason 5), Sigurbergur Elísson 5 (66. Magnús Þorsteinsson 5), Hilmar Geir Eiðsson 4, Jóhann Birnir Guðmundsson 6, Guðmundur Steinarsson 6 (46. Bojan Ljubicic 4).

* MAÐUR LEIKSINS

**Selfoss 0-2 Breiðablik**

Selfossvöllur, áhorf.: 746 – Þóroddur Hjaltalín (x)

**0-1 Árni Vilhjálmsson (35.), 0-2 Petar Rnkovic (73.)**

**Skot (á mark):** 8-12 (3-6)
**Varin skot:** Duracak 4 - Ingvar 3

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 3 - Ivar Skjerve 5, Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Endre Ove Brenne 6, Andri Freyr Björnsson 5 - Ólafur Karl Finsen 4 (53. Joseph Tillen 5), Jon Andre Royrane 5 (74. Moustapha Cisse -), Babacar Sarr 5 (69. Ingólfur Þórarinsson 5) 6, Robert Johann Sandnes 5, Jón Daði Böðvarsson 6 - Viðar Örn Kjartansson 6

**BREIÐABLIK (4-5-1):** BIngvar Þór Kale 7 – Gísli Páll Helgason 6, Sverrir Ingi Ingason 6, Renee Gerard 6, ***Kristinn Jónsson 8** - Haukur Baldvinsson 7, Olgeir Sigurgeirsson 7 (83. Sindri Snær Magnússon -), Andri Rafn Yeoman 6 (75. Jökull I. Elísarbetarson -), Finnur Orri Margeirsson 7, Árni Vilhjálmsson 7 (70. Rafn Andri Haraldsson 6 -) - Petar Rnkovic 6.

* MAÐUR LEIKSINS

## Pepsi-deildin - staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **5** | **4** | **1** | **0** | **9-5** | **13** |
| KR | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-7 | 10 |
| **FH** | **5** | **3** | **1** | **1** | **6-3** | **10** |
| Valur | 6 | 3 | 0 | 3 | 9-6 | 9 |
| **Stjarnan** | **6** | **2** | **3** | **1** | **11-10** | **9** |
| Keflavík | 6 | 2 | 1 | 3 | 8-9 | 7 |
| **Selfoss** | **6** | **2** | **1** | **3** | **8-10** | **7** |
| Breiðablik | 6 | 2 | 1 | 3 | 3-6 | 7 |
| **Fylkir** | **5** | **1** | **3** | **1** | **7-6** | **6** |
| Fram | 5 | 2 | 0 | 3 | 6-7 | 6 |
| **ÍBV** | **6** | **1** | **2** | **3** | **8-8** | **5** |
| Grindavík | 5 | 0 | 2 | 3 | 8-16 | 2 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **FH - Fylkir** | **laugardagur kl.14.00** |
| Grindavík - ÍA | laugardagur kl.16.00 |
| **Fram - KR** | **laugardagur kl.16.00** |

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
visir.is

# Blikar og Valsmenn bitu frá sér

**Valsmenn enduðu þriggja leikja taphrinu sína og Blikar þrefölduðu markaskor sitt í sumar þegar bæði liðin unnu flotta sigra í 6. umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. Valsliðið skoraði fjögur mörk í seinni hálfleik.**

**FÓTBOLTI** Eftir afar dapurt gengi að undanförnu var komið að Valsmönnum og Blikum að bíta frá sér í leikjum sínum í 6. umferð Pepsi-deildarinnar í gær. Þjálfararnir, Kristján Guðmundsson hjá Val og Ólafur Kristjánsson hjá Breiðabliki, hristu upp í byrjunarliðum sínum með góðum árangri.

### Tvenna hjá Kolbeini

Valur komst aftur á sigurbraut í Pepsi-deild karla eftir þrjá tapleiki í röð. Liðið hafði betur gegn Keflavík, 3-0, en mörkin komu öll í síðari hálfleik.

Fyrri hálfleikur var lítið fyrir augað og einkenndist helst af miðjuþófi og hálffærum. Keflvíkingar virtust þó líklegri til að skora ef eitthvað var en það voru Valsmenn sem mættu afar frískir til leiks í síðari hálfleik og gerðu í raun út um leikinn með tveimur mörkum á fyrstu fjórum mínútunum.

Kolbeinn Kárason gaf tóninn með föstu skoti sem hafnaði í netinu en Ómar Jóhannsson var í boltanum og hefði mátt gera betur. Matthías Guðmundsson bætti svo öðru marki við áður en Kolbeinn skoraði aftur á 60. mínútu. Varamaðurinn Kristinn Freyr Sigurðsson innsiglaði svo góðan sigur undir lok leiksins.

„Við lögðum leikinn upp með það í huga að pressa Keflvíkingana á ákveðnum svæðum en leikurinn spilaðist öðruvísi en við bjuggumst við í fyrri hálfleik," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals. „Við löguðum það í



**GUÐMUNDUR MEIÐIST** Guðmundur Steinarsson sést hér meiðast í lok fyrri hálfleiks í stöðunni 0-0. Valsmenn skoruðu síðan 4 mörk í seinni hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hálfleiknum og þá small þetta um leið. Hugarfar leikmanna var gott og mér fannst liðið eiga góðan leik, heilt yfir. Kolbeinn var svo í byrjunarliðinu í fyrsta sinn og nýtti sitt tækifæri mjög vel."

Kolbeinn var sjálfur vitanlega ánægður með uppskeruna en hann var óhræddur við að láta bara vaða að markinu. „Maður skorar ekki nema að skjóta. Ég var óhræddur við það," sagði Kolbeinn.

Jóhann Birnir Guðmundsson var hvað frískastur í liði Keflvíkinga og var afar ósáttur við dómgæsluna í leiknum. „Ég átti að fá víti rétt áður en þeir skora fyrsta markið. Ég var að fara fram fyrir Atla sem gaf mér olnbogaskot í andlitið. Ég var við það að taka boltann og markvörðurinn að hörfa aftur á línuna," sagði Jóhann, hornamaður ósáttur.

„Í staðinn fyrir fer ég út af og þeir komast yfir. Leikurinn hafði verið í járnum og þetta skipti miklu máli. Ég ætla samt ekki að afsaka frammistöðu okkar eftir það - við litum út eins og höfuðlaus her."

Jóhann var ansi oft tekinn niður af Valsmönnum í leiknum. „Ég veit ekki af hverju. Kannski var ég búinn að fá of mörg M í Mogganum."

### Blikar þrefölduðu markaskorið

Blikar skoruðu langþráð mörk þegar þeir unnu 2-0 sigur á Selfossi í gær en Blikar höfðu aðeins skoraði eitt mark í fyrstu fimm umferðunum. Það voru þeir Árni Vilhjálmsson og Petar Rnkovic sem skoruðu mörk Breiðabliksliðsins,

Það var aldrei spurning hvoru meginn sigurinn myndi enda, gestirnir voru mikið grimmari og uppskáru verðskuldaðan sigur á móti slöku liði Selfyssinga.

„Við ætluðum að koma og setja pressu á þá strax í byrjun leiks og það var orka í liðinu í dag sem skilaði sér. Það kemur bara í ljós inni á vellinum hvort menn eigi að spila eða ekki. Það er mikil barátta fyrir sætum í liðinu. Ég er mjög ánægður með tvö mörk í þessum leik og nú verða menn bara að halda áfram og standa sig," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika.

„Ég hef engar stórar áhyggjur af framhaldinu. Auðvitað eru allir leikirnir erfiðir og við vissum það alveg en það býr gífurlega mikið í okkar liði og ég veit að við getum náð hagstæðum úrslitum á móti hvaða liði sem er," sagði Logi Ólafsson, þjálfari Selfoss.

- esá, lv, óój,

Guðmundur Guðmundsson valdi 20 manna æfingahóp fyrir landsleikina gegn Hollandi:

# Sverre þarf hvíld fyrir Ólympíuleikana

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari í handbolta valdi 20 leikmenn í æfingahóp fyrir leiki Íslands og Hollands í undankeppni HM 2013. Þeir fara fram dagana 10. og 16. júní en fyrri leikurinn verður hér á landi.

Varnarmaðurinn Sverre Jakobsson er frá vegna meiðsla og þá á Ásgeir Örn Hallgrímsson ekki heimangengt þar sem hann varð faðir nú fyrr í vikunni. Guðmundur kallaði á Sigurgeir Árna Ægisson, fyrrum fyrirliða FH, í hópinn í staðinn fyrir Sverre en Sigurgeir Árni leikur nú með norska B-deildarliðinu Kristiansund.

„Við fengum tækifæri til að skoða Sigurgeir í vetur þegar hann spilaði með liði sínu í Þýskalandi og hann stóð sig vel í þeim leik. Við viljum sjá nú hvort hann geti leyst Sverre af," sagði Guðmundur en hann vonaðist þó til þess að geta notað Sverre á Ólympíuleikunum.

„Sverre hefur verið að glíma við ýmis meiðsli, til dæmis í olnboga, öxl og hné. Hann þarf að fara í sprautumeðferð og hvíld til að koma sér aftur af stað. Það verður auðvitað slæmt að hafa hann ekki í þessum leikjum en við erum að horfa til þess að hann verði klár þegar Ólympíuleikarnir byrja."

Hann segir þó að Ásgeir verði mögulega til taks ef á þurfi að halda í leikjunum gegn Hollandi. En eins og málin standa nú verður hann ekki með.

Bjarki Már Elísson fær nú tækifæri til að sanna sig en þessi vinstri hornamaður varð öflugur með Íslandsmeisturum HK í vetur. Að öðru leyti kemur val Guðmundar ekki mjög á óvart. - esá



**SVERRE** Verður ekki með í leikjunum gegn Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Landsliðshópurinn

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Haukar |
| Björgvin Páll Gústavsson | Magdeburg |
| Hreiðar Leví Guðmundsson | Nötteröy |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Alexander Pettersson | Füchse Berlin |
| Arnór Atlason | AG Köbenhavn |
| Arnór Þór Gunnarsson | TV Bittenfeld |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Bjarki Már Elísson | HK |
| Guðjón Valur Sigurðsson | AG Köbenhavn |
| Ingimundur Ingimundarson | ÍR |
| Kári Kristján Kristjánsson | Wetzlar |
| Ólafur Gústafsson | FH |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson | HK |
| Ólafur I. Stefánsson | AG Köbenhavn |
| Róbert Gunnarsson | Rhein-Neckar Löwen |
| Rúnar Kárason | Die Bergische HC |
| Sigurgeir Árni Ægisson | Kristiansund HK |
| Snorri Steinn Guðjónsson | AG Köbenhavn |
| Vignir Svavarsson | Hannover-Burgdorf |
| Þórir Ólafsson | KS Vive Targi Kielce |



DYNAMO REYKJAVÍK


Ný Stöð í Borgarnesi
Opnunartilboð
31. maí – 3. júní.
Allar tegundir af panini á
499 kr.
16" Hawaiian pizza á
1.499 kr.
50% afsláttur af ísbarnum
50% afsláttur af nammibar
Stilling
Afsláttur af völdum
bílatengdum vörum.
2 fyrir 1 af
Nizza 55 gr.
Flórídana
appelsínusafi
149 kr.
Egils
appelsín
129 kr.
2 fyrir 1 af
Nóa kroppi 150 gr.
Stöðin
Brúartorgi Borgarnesi
Opið 7:30-23:30
Sími: 4371282
Stöðin




**EIÐUR SMÁRI** Sagður vera á förum frá AEK í Grikklandi. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Líklega á förum frá AEK

**FÓTBOLTI** **Arnar Grétarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá gríska úrvalsdeildarliðinu AEK, telur líklegt að Eiður Smári Guðjohnsen yfirgefi herbúðir liðsins í sumar. Þetta sagði hann í samtali við Fótbolta.net í gær.**

**AEK hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum og átt í erfiðleikum með að standa við launagreiðslur. „Eiður er ekki vanur því að vera við aðstæður þar sem hann fær ekki greitt. Það er eitthvað sem enginn knattspyrnumaður vill kjósa yfir sig,“ sagði Arnar. „Ég veit að hann hefur ekki áhuga á að vera áfram við þessar aðstæður.“**

**Eiður var lengi frá vegna meiðsla á tímabilinu en skoraði alls eitt mark í tíu leikjum með liðinu. Elfar Freyr Helgason er einnig á mála hjá AEK en Arnar telur að hann muni fá fleiri tækifæri á næsta tímabili en í vetur, verði hann áfram hjá liðinu.**

**Hins vegar er óvíst hvort AEK lifir af sumarið en í gær var tilkynnt að félagið fengi ekki þátttökurétt í Evrópudeild UEFA á næsta tímabili. Segir Arnar að öll vinna þessar vikurnar miðist við að bjarga félaginu.** - esá

Kolbeinn Sigþórsson:

## Ríkharður byrjaði betur

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson skoraði glæsilegt skallamark í tapinu á móti Svíum í fyrrakvöld og hefur þar með skorað í fyrstu tveimur leikjum sínum undir stjórn Lars Lagerbäck.

Kolbeinn hefur alls skorað 6 mörk í fyrstu 10 A-landsleikjum sínum sem er frábær árangur en ekki þó besta byrjun landsliðsmanns.

Ríkharður Jónsson skoraði nefnilega 8 mörk í fyrstu 10 landsleikjum sínum á árunum 1947 til 1954. Ríkharður skoraði alls 17 mörk fyrir A-landsliðið og átti markametið í 59 ár eða þar til Eiður Smári Guðjohnsen sló það árið 2007. - óój

Íslenska sundfólkið er enn að reyna að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum:

# Ísland í fyrsta sinn með boðsundsveit á ÓL

**SUND** Góður árangur íslensku landssveitarinnar í 4x100 m fjórsundi kvenna á Evrópumeistaramótinu í Ungverjalandi á dögunum mun líklega nægja til að tryggja sveitinni þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar.

Í gærkvöldi rann út frestur til að ná lágmarkinu og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu FINA, Alþjóðasundsambandsins, var Ísland með sextánda besta tímann í heiminum en það eru einmitt sextán bestu sveitirnar sem komast inn á leikana. Ísland hefur aldrei áður átt boðsundsveit á Ólympíuleikum og yrði því blað brotið í íslenskri íþróttasögu ef FINA staðfestir í dag að tími sveitarinnar dugi til að komast inn á leikana.

Sundsveit Ægis hafði bætt Íslandsmetið í greininni á Íslandsmeistaramótinu í apríl síðastliðnum en landssveitin gerði sér lítið fyrir og bætti metið um tæpar tólf sekúndur.



**ÍSLENSKA SUNDSVEITIN** Frá vinstri eru Eygló Ósk, Hrafnhildur, Sarah Blake og Eva. MYND/SUNDSAMBAND ÍSLANDS

Sveitina skipuðu þær Eygló Ósk Gústafsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Sarah Blake Bateman og Eva Hannesdóttir. Eygló og Sarah höfðu þegar tryggt sig inn á leikana í sínum einstaklingsgreinum en Hrafnhildur og Eva myndu því bætast í Ólympíuhópinn.

Íslenska sundfólkið hefur þó enn frest til að ná Ólympíulágmörkum í sínum greinum en alls munu sjö sundmenn gera lokaatlögu til þess á Mare Nostrum-mótaröðinni í Frakklandi og Spáni nú í upphafi júnímánaðar. Keppt verður í Barcelona um helgina og svo Frakklandi í næstu viku.

Þau sem eru næst því að ná lágmörkum eru Hrafnhildur í 200 m bringusundi, Ragnheiður Ragnarsdóttir í 50 m skriðsundi og Jakob Jóhann Sveinsson í 100 og 200 m bringusundi. Þá munu Anton Sveinn McKee, Erla Dögg Haraldsdóttir og Árni Már Árnason einnig keppa á Mare Nostrum og freista þess að ná sínum lágmörkum. Eygló Ósk keppir einnig á mótunum en þarf ekki að hafa áhyggjur af lágmörkunum. - esá

# Yngsti landsliðsfyrirliðinn í 35 ár

**„Ég er að deyja úr stolti,“ sagði Aron Einar Gunnarsson um það að hafa fengið að bera fyrirliðaband íslenska landsliðsins í leikjunum á móti Frökkum og Svíum þrátt fyrir að vera aðeins 23 ára gamall. Hann er sá yngsti síðan Ásgeir Sigurvinsson bar bandið í tveimur landsleikjum árið 1977.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck afhenti Aroni Einari Gunnarssyni fyrirliðabandið fyrir vináttulandsleikinn á móti Frökkum á sunnudaginn og Aron Einar var aftur fyrirliði íslenska liðsins á móti Svíum í fyrrakvöld. Aron Einar er fæddur í apríl 1989 og því nýorðinn 23 ára gamall. Það þarf að fara 35 ár aftur í tímann til þess að finna yngri landsliðsfyrirliða hjá íslenska karlalandsliðinu.

Aron Einar er yngsti landsliðsfyrirliðinn síðan Ásgeir Sigurvinsson bar fyrirliðabandið í leikjum á móti Hollandi og Belgíu haustið 1977, þá aðeins 22 ára og fjögurra mánaða. Ásgeir var þarna fyrirliði landsliðsins í annað og þriðja sinn en tveimur árum áður hafði hann sett metið.

Ásgeir bar fyrirliðaband íslenska landsliðsins í fyrsta sinn í útileik á móti Belgíu í undankeppni EM 6. september 1975, þá aðeins 20 ára og fjögurra mánaða. Ásgeir var þá leikmaður belgíska liðsins Standard Liege og var fyrirliði á sínum eigin heimavelli. Jóhannes Eðvaldsson var fyrirliði íslenska liðsins á þessum tíma og lék leikinn á móti Frökkum þremur dögum áður en fékk síðan ekki leyfi frá félagi sínu Celtic til að taka þátt í leiknum.

„Það er glæsilegt að fá fyrirliðabandið og ég er að deyja úr stolti. Það var besta tilfinning sem ég hef fundið fyrir þegar ég leiddi íslenska landsliðið út á völl. Ég er sáttur og ánægður með það,“ sagði Aron Einar eftir leikinn á móti Svíum.

Þrátt fyrir ungan aldur er Aron Einar gríðarlega reynslumikill enda hefur hann verið atvinnumaður frá 2006 og var í vetur að klára sitt fjórða tímabil í ensku b-deildinni. Aron var langt frá því að vera elsti leikmaður íslenska liðsins í leikjunum við Frakka og Svía en hann var aftur á móti sá leikjahæsti þegar kemur að leikjum með A-landsliðinu.

Aron Einar er nefnilega búinn að spila 28 landsleiki fyrir Ísland frá því hann fékk fyrsta tækifærið hjá Ólafi Jóhannessyni í vináttulandsleik á móti Hvíta-Rússlandi í febrúar 2008. Aron Einar, sem var þá ekki orðinn 19 ára gamall, var í byrjunarliðinu í fyrsta leik og lék alls 25 af 39 leikjum í þjálfaratíð Ólafs, þar af 12 af 16 leikjum í keppni.

Lars Lagerbäck vildi ekki gefa það upp að Aron Einar yrði framtíðarfyrirliði íslenska liðsins en Akureyringurinn hélt fyrirliðabandinu og hefur allt til þess að bera til að halda fyrirliðabandinu áfram.

Þrátt fyrir að hafa fengið fyrirliðabandið svona ungur þá var Ásgeir Sigurvinsson aðeins fyrirliði í sjö landsleikjum á landsliðsferlinum og þar á meðal í síðasta landsleik sínum þegar Ísland vann 2-0 sigur á Tyrkjum í Laugardalnum í september 1989. Aðalástæða þess var örugglega sú að Ásgeir lék aðeins 45 af 130 landsleikjum Íslands á landsliðsævi sinni. Í þá daga höfðu félagsliðin öll völdin og Ásgeir átti oft erfitt með að fá sig lausan í landsleiki enda algjör lykilmaður með sínum félagsliðum.

Aron Einar hefur alla burði til að bera fyrirliðabandið mörgum sinnum til viðbótar enda líklegur fastamaður á miðju íslenska landsliðsins næstu árin. Það verður aftur á móti að koma í ljós hvort hann nái meti Atla Eðvaldssonar sem bar fyrirliðabandið 31 sinni á sínum landsliðsferli.

ooj@frettabladid.is




**ARON EINAR GUNNARSSON** Fyrirliði íslenska landsliðsins í fyrsta sinn aðeins 23 ára, 1 mánaðar og 5 daga gamall. NORDICPHOTOS/AFP




**ÁSGEIR SIGURVINSSON** Fyrirliði íslenska landsliðsins í fyrsta sinn aðeins 20 ára, 3 mánaða og 29 daga gamall.

### Fyrirliðar Íslands undir 25 ára

**Fyrirliðar íslenska landsliðsins frá 1970 til 2012**

| | |
|---|---|
| 20 ára | Ásgeir Sigurvinsson á móti Belgíu 1975 |
| 21 árs | Gísli Torfason á móti Færeyjum 1975 |
| 22 ára | Ásgeir Sigurvinsson á móti Hollandi og Belgíu 1977 |
| 23 ára | Aron Einar Gunnarsson á móti Frakklandi og Svíþjóð 2012 |
| 23 ára | Einar Gunnarsson á móti Færeyjum og Noregi 1972 |
| 24 ára | Gísli Torfason á móti Bandaríkjunum 1978 |
| 24 ára | Jóhannes Eðvaldss. á móti Færeyjum 1974 |


Myndir sem segja WOW!



Taktu þátt í ljósmyndakeppni WOW Air og Vísis

Sendu inn mynd sem segir WOW fyrir 30. júní og þú getur unnið flugmiða fyrir tvo til Evrópu!



Flokkar:

1 WOW Náttúra
2 WOW Fólk
3 WOW Húmor

Allar upplýsingar og skráning á: www.visir.is/wow

vísir

WOW air




# MISSTU EKKI AF FJÖRINU Í ALLT SUMAR!

**Evrópski draumurinn hefst í júní**
Evrópski draumurinn er einn af ótalmörgum frábærum innlendum þáttum á Stöð 2 í sumar. Misstu ekki af frábærri dagskrá!
**Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á stod2.is**

HORFÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER.

Í bústaðnum • í snjallsímanum • á spjaldtölvunni • í tölvunni

## VÆNTANLEG SNILLD SEM ÞÚ MISSIR EKKI AF!



**SPURNINGABOMBAN**
Einn vinsælasti og léttasti spurningaþátturinn í dag!
**Föstudaga kl. 20.10**




**DALLAS**
Frægasta fjölskylda sjónvarpssögunnar er komin aftur!
**Sunnudaga - Fyrsti þáttur forsýndur 14. júní.**




**SPRETTUR**
Nýr þáttur um reiðmennsku með Helga Björns og Vilborgu.
**Hefst 10. júní**




**STÓRA ÞJÓÐIN**
Vandaðir heimildaþættir um sístækkandi vandamál á Íslandi.
**Hefst 30. maí**




**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
Veldu þér dansfélaga!
**Hefst 8. júní**



**THE KILLING**
Mögnuð endurgerð á dönsku þáttunum Forbrydelsen.
**Sunnudaga kl. 22.05**




**GLEE**
Einn vinsælasti unglingaþáttur allra tíma!
**Hefst 18. júní**




**BONES**
Kynþokkafyllsti réttarmeinafræðingur heims!
**Hefst 26. júní**




**GIRLS**
Ný gamanþáttaröð frá HBO og leikstjóra 40 Year Old Virgin.
**Hefst 5. júní**



**BARNAEFNI**
Frábært skemmtiefni fyrir þá yngri – allt á íslensku!
**Alla virka daga og allar helgar**

**#STÖÐ2**

ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 | 2+ | 2 BÍÓ | 2 BÍÓ+ | 2 EXTRA | 2 EXTRA+ | 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> Stöð 2 kl. 20.55
**Scott Pilgrim vs. The World**

***Michael Cera leikur aðalhlutverkið í þessari bráðskemmtilegu gamanmynd. Hann leikur Scott Pilgrim, ungan og atvinnulausan bassaleikara í bílskúrsbandi sem hittir draumadísina sína en til þess að vinna hug hennar og hjarta þarf hann að kljást við sjö fyrrverandi kærasta hennar sem eru hver öðrum fjandsamlegri.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR KEMST Í UPPNÁM

# *Drama af bestu sort*

„Lækkaðu í þessu, Lexie er að deyja!“ Hann sagði þetta svo ásakandi að ég þorði ekki annað en að lækka í brasilíska poppsöngvaranum sem ég var að dilla mér við í eldhúsinu. Ég kom þessari Lexie ekki alveg fyrir mig í svipinn og fór því að fylgjast með sjónvarpinu. Þetta var Grey's Anatomy, læknadrama af bestu sort. Ég kom reyndar alveg af fjöllum þar sem ég hafði ekki fylgst með þáttunum undanfarin ár. Hjúskaparstaða persónanna, ástir þeirra og flókin tengsl komu mér þess vegna á óvart. „Á Meredith barn? Með hverjum? Derek? Bíddu, eru þau gift!“ Þegar hér var komið sögu hafði flugvél hrapað með helstu söguhetjurnar innanborðs og læknarnir lágu slasaðir í skógi. Ástandið var alvarlegt. Ég hafði aldrei séð Meredith í þvílíkri geðshræringu. Derek hafði sogast út úr flugvélinni og fannst ekki. Christina fann ekki skóinn sinn. Derek heyrði loks hrópin í Meredith og hné niður við fætur hennar helsærður. Hún þurfti að sauma hann saman með öryggisnælu! Þegar þyrla sveimaði yfir og neyðarblysið virkaði ekki hrópaði ég í angist. „Hvernig fer þetta?“ Ég fékk ekkert svar. Samáhorfandi minn var jafn sleginn og þegar vindhviða slökkti á síðustu eldspýtunni var okkur öllum lokið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leynifélagið **19.27** Sinfóníutónleikar: Beethoven-hringurinn III **21.20** Sjálfstætt fólk **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó**
**17.23 Snillingarnir**
**17.50 Galdrakrakkar**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hið sæta sumarlíf** (4:6) (Det søde sommerliv)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Með opin augu** (Wide Awake) Strákur fer að leita að guði eftir að afi hans deyr. Hann lendir í vandræðum í drengjaskólanum sínum en nunna sem er mikið fyrir íþróttir hjálpar honum. Leikstjóri er M. Night Shyamalan og meðal leikenda eru Joseph Cross, Timothy Reifsnyder, Dana Delany og Julia Stiles.
**21.40 Vetrarmenn** (Winter's Bone) Stúlka í Ozark-fjöllum í miðvesturríkjum Bandaríkjanna leitar að pabba sínum til að reyna að hindra að fjölskyldan verði borin út en lendir í miklum vef lyga og þöggunar. Leikstjóri er Debra Granik og meðal leikenda eru Jennifer Lawrence, John Hawkes og Garret Dillahunt. Myndin hefur unnið til fjölda verðlauna og var tilnefnd til fernra Óskarsverðlauna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.25 Baader Meinhof gengið** (Der Baader Meinhoff Komplex) Mynd um þýska hryðjuverkahópinn RAF sem skipulagði sprengjuárásir, rán, mannrán og morð á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 500 Days Of Summer**
**10.00 Stuck On You**
**12.00 Gosi**
**14.00 500 Days Of Summer**
**16.00 Stuck On You**
**18.00 Gosi**
**20.00 Marmaduke**
**22.00 88 Minutes**
**00.00 Taken**
**02.00 Stoned**
**04.00 88 Minutes**
**06.00 Coco Before Chanel**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (148:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (3:38)
**11.00 Hell's Kitchen** (15:15)
**11.45 The Glades** (4:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Love Wrecked** Rómantísk gamanmynd.
**14.25 The Cleveland Show** (4:21)
**14.50 Tricky TV** (22:23)
**15.15 Sorry I've Got No Head**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (17:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 American Dad** (17:18)
**19.45 The Simpsons** (11:22)
**20.10 Spurningabomban** (3:6)
**20.55 Scott Pilgrim vs. The World** Frábær og geggjuð gamanmynd um Scott Pilgrim ungan og atvinnulausan bassaleikara í bílskúrsbandi sem hittir draumadísina sína en til þess að vinna hug hennar og hjarta þarf hann að kljást við sjö fyrrverandi kærasta hennar sem eru hver öðrum fjandsamlegri.
**22.45 Hero Wanted** Mögnuð spennumynd um glæpi og hefnd með Cuba Gooding Jr og Ray Liotta í aðalhlutverkum.
**00.20 Fighting** Hasarmynd með Channing Tatum og Terrence Howard í aðalhlutverkum. Shawn McArthur er smáglæpamaður í New York. Hann kynnist glæpastjóranum Harvey Boarden sem rænir hann lífibrauðinu og býður honum leið til þessa að vinna sér það inn aftur.
**02.05 Cutting Edge 3: Chasing The Dream** Rómantísk gamanmynd
**03.35 Love Wrecked**
**05.00 Spurningabomban** (3:6)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA: Oklahoma - San Antonio**
**17.20 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Lemgo**.
**18.40 Pepsi deild karla: KR - FH**
**20.30 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattspyrnu.
**21.40 NBA: Oklahoma - San Antonio**
**23.30 Small Potatoes - Who Killed the USFL** Heimildamynd um tilraun sem gerð var árið 1983 til að setja á fót nýja deild í amerískum fótbolta í beinni samkeppni við NFL. Hún kallaðsti United States Football League (USFL) og leiktíðin hófst á vorin. Tólf lið hófu leik og deildin gekk vel í byrjun.
**00.30 NBA: Boston - Miami** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - Tottenham**
**20.00 Football League Show**
**20.30 Republic Of Ireland & Italy (Group C)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.
**21.00 Premier League World**
**21.30 Man. City - Stoke**
**23.15 Ronaldinho** Bestu knattspyrnumenn sögunnar eru skoðaðir. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho frá Brasilíu.
**23.40 PL Classic Matches: Aston Villa - Liverpool, 1998**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** (126:175)
**20.10 Friends** (20:24)
**20.35 Modern Family** (20:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Masterchef USA** (2:20)
**22.35 The Closer** (4:21)
**23.20 NCIS: Los Angeles** (22:24)
**00.05 Rescue Me** (15:22)
**00.50 Friends** (20:24)
**01.15 Modern Family** (20:24)
**01.40 The Doctors** (126:175)
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (7:10) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Britain's Next Top Model** (12:14)
**17.20 Dr. Phil** Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.
**18.00 The Good Wife** (18:22) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (10:48) (e)
**19.15 Will & Grace** (18:25) (e)
**19.40 Got to Dance** (14:17)
**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Bestu vinkonur frá Kansas komast að því að þrautirnar eru erfiðari en þær sýnast.
**21.15 The Biggest Loser** (4:20)
**22.45 HA?** (5:27) (e)
**23.35 Prime Suspect** (5:13) (e)
**00.20 Franklin & Bash** (8:10) (e)
**01.10 Saturday Night Live** (21:22) Stórskemmtilegur grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi. Í þáttunum er gert grín að ólíkum einstaklingum úr bandarískum samtíma, með húmor sem hittir beint í mark. Will Ferrell snýr aftur sem gestastjórnandi.
**02.00 Jimmy Kimmel** (e)
**02.45 Jimmy Kimmel** (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** The Memorial Tournament 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** The Memorial Tournament 2012 (1:4) **15.00** PGA Tour - Highlights (20:45) **16.00** The Memorial Tournament 2012 (1:4) **19.00** The Memorial Tournament 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (20:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.50** Keeping Up Appearances **07.50** One Foot in the Grave **08.30** Dalziel and Pascoe **10.05** Deal or No Deal **10.45** Come Dine With Me **11.35** QI **12.35** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.15** My Family **14.45** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.20** Shooting Stars **21.50** Peep Show **22.14** Live at the Apollo **23.04** Top Gear **23.55** The Graham Norton Show **00.45** QI

## DR 1

**10.10** DR1 Dokumentaren **11.10** Debat **12.00** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Oliver og fjerkræet **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Penelope **14.45** Penelope **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det søde liv - jul **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** 13 snart 30 **21.05** Beredskab ved daggry **22.25** Lad de små børn

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Laks og lidenskap - like før **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.05** Mitt liv som Ozzy **23.40** Partiløvene **00.25** Willy Brandts to liv **06.00** Solens mat

## svt1

**11.40** Student 92 ...men sen då? **12.35** Spisa med Price **13.05** South Riding **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Min morbror tyckte mycket om gult **15.05** Song of lunch **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Thaifjord **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Claes Eriksson. Max **19.05** Luftslottet som sprängdes **21.30** Anslagstavlan **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Harrys döttrar **23.30** Rapport **23.35** Dom kallar oss skådisar

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

Pizza Rizzo

# NÝTT Á RIZZO PIZZA

**STÆRRI PIZZA AF MATSEÐLI, STÆRRI MARGARITA OG BRAUÐSTANGIR MEÐ SÓSU Á AÐEINS 2990 KR.**

# FJÖLSKYLDUTILBOÐ

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ



*NÝTT*

## HÁDEGIS TILBOÐ

**ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.**
**STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.**
**MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.**
**STÆRRI MARGARITA 990 KR.**

PIZZAHLAÐBORÐ Á GRENSÁSVEGI Á 990 KR. FRÁ KL 11 - 15

pepsi MAX

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það er Wind of Change með Scorpions. Það er gott að hugsa um fall Berlínarmúrsins á föstudögum. Það kemur mér í gírinn.“*

Dóri DNA uppistandari og meðlimur í Mið-Íslandi.

# Múgsefjun notar kirkjuorgel á nýrri plötu

Sala á nýrri plötu hljómsveitarinnar Múgsefjunar hefst á netinu í dag. Platan er svo væntanleg í verslanir 11. júní. Um er að ræða aðra plötu hljómsveitarinnar en sú fyrsta, Skiptar skoðanir, kom út árið 2008.

Sveinn Ingi Reynisson harmonikkuspilari, hljómborðsleikari og söngvari hljómsveitarinnar segir nýju plötuna á margan hátt ólíka þeirri síðustu. „Það er aðeins meira rokk og ról á þessari plötu og minna um harmonikku og kassagítar. Hún er að vissu leyti tilraunakenndari því við notumst töluvert við kirkjuorgel sem er nýlunda í poppinu,“ segir hann. Þrjú lög af plötunni eru þegar komin í útvarpsspilun og hafa fengið góð viðbrögð en platan hefur verið í vinnslu í þrjú ár. „Góðir hlutir gerast hægt hjá okkur í Múgsefjun en við erum allir í vinnu og námi og höfum því takmarkaðan tíma til að hella okkur í tónlistina,“ segir Sveinn Ingi. Strákarnir munu fagna útgáfunni með tónleikum í Fríkirkjunni 21. júní. „Þetta verða veglegir tónleikar sem enginn má láta framhjá sér fara. Við munum notast við orgelið í kirkjunni og umlykja áheyrendur úr öllum áttum,“ segir Sveinn Ingi.

Múgsefjun hefur verið starfandi í einhverri mynd frá árinu 2004 en hefur haldist óbreytt frá því að síðasta plata kom út. Auk Sveins skipa hljómsveitina Björn Heiðar Jónsson, Brynjar Páll Björnsson, Eiríkur Fannar Torfason og Hjalti Þorkelsson.

Hægt er að nálgast plötuna á síðunum tonlist.is, gogoyoko.com og mugsefjun.is.

- trs



**ROKK OG RÓL** Ný plata hljómsveitarinnar Múgsefjunar er með meira af rokki og róli en sú síðasta og minna af harmonikku og kassagítar.




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




**Harðfiskurinn frá Stykkishólmi**
Þessi sjúklega góði

**Humarsoð frá Hornarfirði**

**Humar 2.350 kr.kg**
Óbrotinn fyrsta flokks humar

**Ferskur Túnfiskur**
Alla föstudaga og laugardaga

**Glæný Bláskel frá Stykkishólmi**

**Fiskibollur að dönskum hætti**
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


MARÍA BIRTA BJARNADÓTTIR: FÉKK SKOTVEIÐILEYFI Á AFMÆLISDAGINN

# Borðar ekki rautt kjöt og veit ekki hvað hún skýtur

„Þetta er hluti af áramótaheitinu mínu, sem var að taka eins mörg próf og ég mögulega get á þessu ári,“ segir María Birta Bjarnadóttir, leikkona og verslunareigandi, sem fékk skotveiðileyfi á afmælisdaginn sinn þann 29. maí.

María Birta einsetti sér að auka við þekkingu sína á árinu og hefur sannarlega staðið við stóru orðin því hún hefur nú þegar klárað fallhlífarstökkspróf og hyggst ljúka kafaraprófi og mótorhjólaprófi í sumar og taka einkaflugmannspróf í haust auk þess sem hún hefur skráð sig á brimbrettanámskeið í júní. „Ég hef unnið í að byggja upp fyrirtækið mitt síðustu sex árin og fannst líf mitt orðið hálf einhæft og langaði að læra eitthvað nýtt,“ bætir hún við.

Fréttatíminn greindi frá því í ágúst í fyrra að María Birta hefði farið í fyrsta sinn á hreindýraveiðar með stjúpa sínum, Pálma Gestssyni leikara. Henni þótti reynslan í senn áhugaverð og ógeðfelld enda er hún að eigin sögn mikill dýravinur. „Pálmi fékk leyfi fyrir hreindýri aftur í ár og mér finnst líklegt að ég skelli mér með. Fólk hefur gert mikið grín að mér því ég borða ekki rautt kjöt og veit því ekki hvað ég á að skjóta nú þegar ég er komin með skotveiðileyfi. Ætli ég haldi mig ekki bara við leirdúfurnar á skotæfingasvæðinu.“

Í prófinu þurfti María Birta að skjóta fimmtán riffilskotum og tuttugu og fimm haglaskotum og fannst henni mun skemmtilegra að skjóta af haglabyssu en riffli. Hún segir ekki erfitt að læra réttu handtökin í skotfimi og að námið sjálft hafi verið fróðlegt og skemmtilegt.

Þegar hún er að lokum spurð að því hvort hún ætli sér að verða jafn stórtæk í heitunum um næstu áramót segist hún óviss. „Ég veit ekkert hvað ég geri á næsta ári, en ég mun pottþétt ekki slappa af. Ætli ég færi mig ekki bara yfir í atvinnumennskuna; tek atvinnuflugmanninn, atvinnukafarann og svo framvegis,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is



**STÓRTÆK** María Birta Bjarnadóttir fékk skotveiðileyfi á afmælisdaginn sinn á þriðjudag. Hún hyggst fara á hreindýraveiðar með stjúpa sínum, Pálma Gestssyni leikara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rukkar inn í afmælisveisluna

„Þetta er hálfrar aldar gamall draumur. Það er loksins að verða að veruleika hjá mér að verða rokkstjarna,“ segir Guðni Már Henningsson, útvarpsmaður á Rás 2.

Hann er slagverksleikari í Tass sem sendir á næstunni frá sér sína fyrstu plötu, Almúgamenn. Með honum í hljómsveitinni er vinur hans Birgir Henningsson og einnig fimm tónlistarmenn af yngri kynslóðinni, þar á meðal þrír úr þungarokkssveitinni Blood Feud. „Þeir koma með sitt „rokkelement“ inn í þetta og við komum með Megas og Bob Dylan þannig að úr verður sérstakur hljómur,“ segir Guðni Már og bætir við að hljómsveitin brúi tvö til þrjú kynslóðabil. „Þetta eru allt ungir krakkar og svo við gamlingjarnir.“

Hann heldur einmitt upp á sextugsafmælið sitt með útgáfutónleikum í Salnum 9. júní. „Ég læt borga inn í afmælisveisluna mína tvö þúsund kall. Þá sleppur fólkið við afmælisgjafirnar. Þetta er ódýrara heldur en að kaupa einhverja flotta viskíflösku og fólkið fær tónleika í staðinn.“

Guðni Már og Birgir gáfu fyrir þremur árum út plötu á vegum Samhjálpar, sem Heiðar Örn Kristjánsson úr Botnleðju tók upp. Hún seldist í fjögur þúsund eintökum og í framhaldinu ákváðu þeir að stofna Tass. Guðni Már semur textana en Birgir lögin. Útvarpsmaðurinn segist lengi hafa sett saman texta sér til dægrardvalar. Til dæmis gaf hann út ljóðabók á



**TASS** Guðni Már Henningsson og félagar í Tass halda útgáfutónleika 9. júní.

níunda áratugnum.

Hreimur Örn Heimisson og Rúnar Þór hita upp fyrir Tass 9. júní og verður Ólafur Páll Gunnarsson, kollegi Guðna Más af Rás 2, kynnir.

- fb

SUMAR 2012

# NÝJAR VÖRUR!
# FRÁBÆR VERÐ!

Regatta GREAT OUTDOORS®

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

## Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |

## Dömur & herrar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolir | 1.990,- | Softshell peysur | 4.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- | Isotex jakkar | 7.490,- |
| Buxur | 4.990,- | Isotex kápur | 7.490,- |
| Kvart buxur | 4.990,- | Undirföt buxur | 2.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- | Undirföt bolur | 2.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- | Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- | Bakpokar, skór ofl. | |
| Flís peysur | 3.990,- | | |

## ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

**Hjá okkur má skila og skipta**



**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dillkokkur á Kex

Einn virtasti kokkur landsins, Gunnar Karl Gíslason, eigandi Dill restaurant í Norræna húsinu, tekur við rekstri veitingastaðarins Sæmundar í sparifötunum á Kex í næstu viku. Verið er að fínpússa nýjan matseðil fyrir sumarið og greinilegt að eigendur hostelsins, með **Pétur Marteinsson** í fararbroddi, ætla sér að spýta í lófana fyrir sumarið. Mikil aðsókn er að Kex en þessa dagana er verið að bæta heilli hæð við hótelið með tilheyrandi herbergjafjölgun.



### Framúrskarandi ungt fólk

Junior Chamber á Íslandi valdi í gær fjóra einstaklinga til að verðlauna sem Framúrskarandi unga Íslendinga. Hafði dómnefnd áður farið yfir tilnefningar frá íslensku þjóðinni en fyrir valinu urðu þau **Gunnar Nelson** bardagakappi, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Leifur Leifsson baráttumaður hreyfihamlaðra og Halldór Helgason snjóbrettakappi. Áður hafði dómnefnd tilnefnt tíu unga Íslendinga en þeir voru auk sigurvegaranna crossfit-heimsmeistarinn Annie Mist Þórisdóttir, tónlistarmaðurinn Ari Bragi Kárason, Axel Kristinsson íþróttaþjálfari, Guðmundur Hallgrímsson fatahönnuður, stjórnmálakonan Heiða Kristín Helgadóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari.

*- áp, mþl*



## Mest lesið vísir

1. Guðgeir fyrir dómi: "Ég er skaðvaldur"
2. Banaslys á Ólafsfjarðarvegi
3. Foreldrar sex barna sem brunnu inni ákærð fyrir morð
4. Viðurkenna að engin sé ríkisábyrgðin en gera samt óbeint kröfu um…
5. Kanadískur klámmyndaleikari eftirlýstur fyrir hrottalegt morð


**Paul McCartney**
**70 ára**
Afmælistónleikar
**Í Eldborg Hörpu**



**18. júní kl 20:00**
Miðasala á harpa.is, midi.is,
Í miðasölu Hörpu
og í síma 528 5050
OB-LA-DI OB-LA-DA





**689 hundar - 75 tegundir**

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

# Hundasýning
## Hundaræktarfélags Íslands
**2.-3. júní á Korputorgi, Reykjavík**

Dómarar sýningar eru frá Belgíu, Bretlandi, Danmörku og Írlandi
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram laugardaginn 2. júní kl. 13:00

**Meðal viðburða**

- Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree

**Sjá dagskrá á hrfi.is**
Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969